



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



ÁRSSKÝRSLA **2022**

Útgefandi: Háskólinn á Akureyri

Ritstjórn: Guðrún María Kristinsdóttir

Prófarkalestur: Finnur Friðriksson

Ljósmyndarar: Axel Darri Þórhallsson, Daniel Starrason,
Nanne Springer, Sindri Swan.

Myndir úr safni Stúdentafélags Háskólans á Akureyri.

Myndir úr safni Háskólans á Akureyri.

Myndir úr safni Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.

Grafísk vinnsla: Margrét Káradóttir

ISSN – L 1670 – 4894

EFNISYFIRLIT

Skipurit og stjórn	4
Reglur og stefnumál.....	7
Formáli rektors	8
Starfsfólk.....	11
Gæðamál	14
Góðvinir Háskólans á Akureyri.....	17
Heilbrigðisvísindasvið.....	19
Hug- og félagsvísindasvið	27
Miðstöð skólaþróunar – MSHA	34
Viðskipta- og raunvísindasvið.....	39
Tölvunarfræði við Háskólann á Akureyri.....	44
Miðstöð doktorsnáms	46
IRIS rannsóknargátt	50
Fjármál og greining	52
Markaðs- og kynningarmál.....	54
Miðstöð doktorsnáms og stjórnýslu rannsókna.....	56
Rannsóknarþing norðursins – NRF	58
Nám og stúdentar	60
Náms- og starfsráðgjöf – NSHA.....	65
Nemendaskrá.....	67
Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA	68
Bókasafn og upplýsingaþjónusta	70
Kennslumiðstöð KHA	72
Stúdentafélag Háskólans á Akureyri – SHA	74
Félagsstofnun stúdenta á Akureyri – FÉSTA	76
Símenntun Háskólans á Akureyri	77
Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri	78
Rannsóknamiðstöð ferðamála – RMF	80
Eitt og annað.....	82
Ársreikningur 2022	92
Brautskráning – Háskólahátíð.....	94
Brautskráningarræða rektors.....	96
Brautskráðir, nafnalisti	106
Lokaritgerðir brautskráningarnema	112

SKIPURIT HA 2022



Samþykkt af háskólaráði 2022

STJÓRN

Stjórn háskólans er falin Háskólaráði og rektor. Háskólaráð hefur æðsta ákvörðunarvald innan skólans. Það mótar heildarstefnu, setur háskólanum reglur og ber ábyrgð á að skólinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Fastar nefndir og ráð skólans starfa í umboði Háskólaráðs. Háskólaráð hélt ellefu fundi frá janúar til desember.

Háskólafundur er haldinn að minnsta kosti einu sinni á ári. Hann er samráðsvettvangur fulltrúa fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og akademíska stefnumótun. Fulltrúar stúdenta, akademísku starfsfólks og starfsfólks við stjórnáslu og stoðþjónustu sitja háskólafundum. Háskólafundur var haldinn 8. desember 2022.

Framkvæmdastjórn starfaði á fyrri hluta árs á meðan reglur nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri voru í gildi. Framkvæmdastjórn sá um samræmingu á daglegum rekstri háskólans í heild. Í Framkvæmdastjórn sátu rektor háskólans í forsæti, framkvæmdastjóri og forsetar fræðasviða. Þá sátu framkvæmdastjórnarfundum, með málfrelsi og tillögurétt, forstöðumaður Fjármála og greiningar og einnig gæða- og mannauðsstjóri háskólans.

Framkvæmdastjórn hélt sex fundum á vormisseri.

Reglur nr. 694/2022 fyrir Háskólann á Akureyri tóku gildi 1. júlí 2022. Fræðasvið háskólans urðu skólar í skilningi laga um opinbera háskóla og eru fræðasviðin nú tvö, Hug- og félagsvísindasvið og Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið. Stjórnendafundi sitja rektor, forsetar fræðasviða, gæðastjóri, framkvæmdastjóri Háskólaskrifstofu og skrifstofustjóri Rektorskrifstofu.

Fjórir stjórnendafundir voru haldnir á haustmisseri.

Við háskólann starfar Gæðaráð. Meginhlutverk þess er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að háskólinn standist ávallt þær kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Gæðaráð var þannig skipað: Gæða- og mannauðsstjóri í forsæti, einn fulltrúi frá hverju fræðasviði, tveir fulltrúar Háskólaskrifstofu og tveir fulltrúar stúdenta sem Stúdentafélag Háskólans á Akureyri tilnefni.

Breytingar á reglum um Gæðaráð voru samþykktar í háskólaráði 23. júní. Skipun Gæðaráðs er þannig: Gæða- og mannauðsstjóri í forsæti, tveir fulltrúar hvors fræðasviðs, tveir fulltrúar stjórnáslu og stoðþjónustu, tilnefndir af rektor, og tveir fulltrúar stúdenta.

STJÓRN

Háskólaráð er skipað skv. lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum.

Háskólaráð var þannig skipað:

Eyjólfur Guðmundsson rektor,
formaður Háskólaráðs

Fulltrúi ráðherra:

Karl Frímansson, sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar (til mars 2022), til vara Sunna Hlín Jóhannesdóttir framhaldsskólakennari (til mars 2022).
Kistrún Lind Birgisdóttir framkvæmdastjóri (frá mars 2022), til vara Karl Frímansson (frá mars 2022).

Háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið tók til starfa 1. febrúar 2022. Það tilnefni fulltrúa í Háskólaráð í stað mennta- og menningarmálaráðuneytis áður.

Fulltrúar háskólasamfélagsins:

Guðmundur Ævar Oddsson dósent, til vara Guðmundur Kristján Óskarsson dósent.
Sigríður Margrét Sigurðardóttir lektor, til vara Hjördís Sigursteinsdóttir dósent.

Fulltrúar stúdenta:

Nökkvi Alexander Rounak Jónsson (til febrúar 2022), til vara Aðalheiður Kristjánsdóttir.

Fulltrúar stúdenta frá febrúar:

Hulda Dröfn Sveinbjarnardóttir.
Til vara Sólveig Birna Elísabetardóttir.

Fulltrúar Háskólaráðs:

Katrín Björg Ríkarðsdóttir framkvæmdastjóri, og Dagmar Ýr Stefánsdóttir, yfirmaður samskipta og samfélagsmiðla.
Til vara Bjarni Jónasson forstjóri.

Rektor: Eyjólfur Guðmundsson.

Staðgengill rektors var Elín Díanna Gunnarsdóttir.

Aðstoðarrektor stefnumótunar og breytinga:

Elín Díanna Gunnarsdóttir frá 1. júlí 2022.

Háskólaráð hefur heimild til að samþykkja ráðningu aðstoðarrektors, eins eða fleiri. Elín Díanna Gunnarsdóttir er fyrsti aðstoðarrektor HA.

Skrifstofustjóri Rektorsskrifstofu:

Martha Lilja Olsen.

Framkvæmdastjóri Háskólafræðistofu:

Hólmar Svansson.

Gæða- og mannauðsstjóri:

Vaka Óttarsdóttir.

Fræðasvið og forsetar fræðasviða.

Á vormisseri voru þrjú fræðasvið við skólann skv. reglum nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri; Heilbrigðisvísindasvið, Hug- og félagsvísindasvið og Viðskipta- og raunvísindasvið.

Frá haustmiseri gilda reglur nr. 694/2022. Fræðasviðin eru tvö; Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið og Hug- og félagsvísindasvið.

Heilbrigðisvísindasvið:

Sigríður Sía Jónsdóttir var starfandi forseti fræðasviðsins tímabilið janúar – júní. Staðgengill hennar var Þorbjörg Jónsdóttir.

Hug- og félagsvísindasvið:

Elín Díanna Gunnarsdóttir var forseti fræðasviðsins á vormisseri. Staðgengill hennar var Birgir Guðmundsson. Birgir var starfandi forseti Hug- og félagsvísindasviðs á haustmiseri. Staðgengill hans var Birna María B. Svanbjörnsdóttir.

Viðskipta- og raunvísindasvið:

Oddur Þór Vilhelmsson var forseti sviðsins. Staðgengill hans var Grétar Þór Eyþórsson.

Heilbrigis-, viðskipta- og raunvísindasvið:

Oddur Þór Vilhelmsson var starfandi forseti sviðsins í byrjun haustmiseris. Staðgengill var Grétar Þór Eyþórsson. Kristján Þór Magnússon var ráðinn forseti fræðasviðsins frá september til ársloka og Oddur Þór Vilhelmsson var staðgengill hans.

Forstöðumaður Fjármála og greiningar:

Harpa Halldórsdóttir.

Forstöðumaður Nemendaskrár:

Bára Sif Sigurjónsdóttir.

Forstöðumaður Markaðs- og kynningarmála:

Katrín Árnadóttir.

Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar HA – RHA:

Baldvin Valdemarsson var forstöðumaður á fyrri hluta árs. Arnar Þór Jóhannesson frá 1. ágúst.

Forstöðumaður Bókasafns og upplýsingaþjónustu:

Astrid Margrét Magnúsdóttir.

Forstöðumaður Miðstöðvar náms- og starfsráðgjafar:

Árný Þóra Ármannsdóttir.

Forstöðumaður Kennslumiðstöðvar HA:

Auðbjörg Björnsdóttir.

Forstöðumaður Miðstöðvar doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna:

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.

Forstöðumaður Rekstrar fasteigna:

Gunnar Rúnar Gunnarsson.

Forstöðumaður Símenntunar:

Elín Margrét Hallgrímsdóttir á fyrri hluta árs. Frá 1. júní er Stefán Guðnason forstöðumaður.



REGLUR OG STEFNUMÁL SAMÞYKKT Í HÁSKÓLARÁÐI 2022

Háskólaráð samþykkti 2. mars:

*Innkaupastefnu Háskólans á Akureyri
Nám- og kennsluskrá Háskólans á Akureyri 2022 – 2023.*

Háskólaráð samþykkti 31. mars:

*Auglýsing nr. 491/2022 um fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræði við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri.
Auglýsing nr. 492/2022 um fjöldatakmörkun í sálfræði við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.*

Háskólaráð samþykkti 28. apríl:

*Reglur nr. 593/2022 um breytingar á reglum nr. 413/2006 um val á nemendum til náms í hjúkrunarfræði við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri.
Upplýsingaöryggisstefnu Háskólans á Akureyri frá 24. apríl 2019. Stefnan var samþykkt óbreytt áfram.*

Háskólaráð samþykkti 25. maí:

Reglur nr. 694/2022 fyrir Háskólann á Akureyri.

Háskólaráð samþykkti 23. júní:

*Reglur nr. 819/2022 um (2.) breytingu á reglum nr. 1208/2007 um vísindaráð Háskólans á Akureyri.
Reglur nr. 822/2022 um doktorsnám og doktorspróf við Háskólann á Akureyri.
Reglur nr. 820/2022 um stjórnskipulag Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs Háskólans á Akureyri.
Reglur nr. 821/2022 um stjórnskipulag Hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri.
Reglur um Gæðaráð Háskólans á Akureyri.*

Háskólaráð samþykkti 29. september:

*Reglur nr. 1144/2022 um Vinnumatssjóð Háskólans á Akureyri.
Reglur nr. 1145/2022 um breytingar á reglum nr. 389/2009 um háskólafund Háskólans á Akureyri.*

Háskólaráð samþykkti 15. desember:

*Reglur nr. 1630/2022 um Rannsóknasetur í lögglufræði við Háskólann á Akureyri.
Reglur nr. 1631/2022 um viðurkenningu Háskólans á Akureyri á akademísku hæfi starfsmanna Mennta- og starfs-
þróunarseturs lögreglu og veitingu akademískrar nafnbótar við Rannsóknasetur í lögglufræði við Háskólann á
Akureyri.*

FORMÁLI REKTORS

Árið 2022 var gott ár fyrir Háskólinn á Akureyri, þökk sé stefnumótun um starf háskólans til lengri tíma og ótrúlegri elju starfsfólks sem leggur á sig gríðarlega vinnu til að ná árangri á sínum sviðum þrátt fyrir mjög erfiðar ytri aðstæður á köflum.

Á undanförunum árum hefur háskólinn þroskast frá því að vera efnileg stofnun í flóru íslenskra háskóla yfir í að vera alþjóðlega viðurkennd háskólastofnun og fullgildur meðlimur í íslensku háskólasamfélagi.

Í stefnumótun fyrir Háskólinn á Akureyri árin 2012 til 2017 voru tvö skýr meginþemu til grundvallar starfinu.

Í fyrsta lagi að óska eftir heimild til doktorsnáms á völdum sviðum við háskólann og í öðru lagi að efla enn frekar fjarnámið, með áherslu á sveigjanleika.

Í stefnu háskólans fyrir árin 2018 til 2023 var enn fremur lögð áhersla á að taka upp nám í tæknigreinum og að efla heilbrigðisvísindi við skólann.

Innan þessa tímaramma hefur HA uppskorið svo um munar, sem sést meðal annars á því að árið 2022 fóru fram þrjár fyrstu doktorsvarnirnar við skólann.

Árið 2022 var merkilegt ár í sögu Háskólans á Akureyri. Af mörgu er að taka, en helst má nefna að ytri úttekt var gerð á starfi háskólans. Það er hluti af gæðaeftirliti Gæðaráðs íslenskra háskóla og var þetta í annað sinn sem háskólinn undirgengst slíka úttekt.

Niðurstaða úttektarinnar er mjög jákvæð. Gæðaráð lýsir trausti til náms og stjórnunar við Háskólann á Akureyri

Gæðaráð hefur eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum fyrir hönd háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis skv. lögum nr. 1368/2018. Í sem stystu máli byggir mat Gæðaráðs á gæðafærlum sem fram koma í gæðaviðmiðum Gæðaráðs Íslenskra háskóla <https://qef.is>

Miðað er við að skólar setji sér stefnu og markmið og nái markmiðum. Einnig er horft til þess hvort upplifun stúdenta er jákvæð, hvort ferlar eru skýrir og gagnreyndir, og hvort rekstrarumgjörð háskóla er sambærileg við það sem tíðkast í vestrænum heimi.

Gæðaráð íslenskra háskóla staðfestir að HA uppfyllir viðmiðin og gefur skólanum einnig mjög jákvæða umsögn.

Þann góða árangur má þakka þrotlausri vinnu og metnaði starfsfólks HA. Oft er sú vinna ósýnileg þeim sem stendur utan stofnunarinnar, en úttektarskýrslan lýsir, svo ekki verður um villst, afrakstri frábærrar vinnu.

Það eru algjör forréttindi að hafa fengið að leiða svo öflugan hóp starfsfólks síðustu árin.

Þessu til viðbótar er nú tilbúin áætlun um gæðaubbætur á námi í lögreglufræði í kjölfar sérstakrar úttektar um lögreglufræði við HA. Gæðaráð íslenskra háskóla hefur staðfest áætlunina. Það ferli var mjög lærdómsríkt.

Nám við Háskólann á Akureyri stendur því á sterkum grunni. Stefnan og sýnin er skýr, og sérstaða mismunandi deilda og námsbrauta er í forgrunni. Öflugt nám til nýrrar framtíðar.

Rannsóknáttúrin í starfsemi háskólans jókst verulega árið 2022 og voru fyrstu doktorsnemarnir mikil lyftistöng fyrir eflingu rannsókna. Þetta kemur vel fram í auknum fjölda styrkja sem starfsfólk háskólans hlaut árið 2022, til doktorsnáms og til annarra sérfræðiverkefna, bæði innan stjórnsýslu og akademískra eininga.

Háskólinn á Akureyri hefur því sannað sig sem fullgild háskólastofnun með nám á öllum þremur stigum háskólanáms. Frekari efling doktors- og meistaranáms við HA mun styrkja háskólastarfið, ekki síst með tilliti til rannsókna.

Á fyrstu starfsárum háskólans jókst aðgengi að bakkalárnámi utan höfuðborgarsvæðisins til mikilla muna. Nú er staðan sú að stúdentar geta lokið grunnnámi og jafnvel meistaranámi í sinni heimabyggð. Námsframboð háskólans er einnig mest allt óháð staðsetningu og því er miðlað með stafrænum hætti. Um sjö prósent af stúdentum eru íslenskir ríkisborgarar búsettir erlendis. Aukið framboð á námi á meistarastigi og doktorsstigi við HA er liður í því að opna aðgengi að háskólanámi og rannsóknum á landsvísi enn frekar.

Það horfir til mikilla breytinga og tækniframfara í heiminum á næstu árum með tilkomu gervigreindar og þeirra viðfangsefna sem tæknin skapar. Íslenskt samfélag þarf að vera tilbúið að takast á við og nýta þá möguleika sem í því felast. Besta leiðin er að efla enn frekar rannsóknir og doktorsnám við Háskólann á Akureyri.

Það er von mín að stjórnvöld styðji við þá uppbyggingu, enda er varla til betri fjárfesting til framtíðar fyrir samfélagið. Aukið samstarf háskóla, stofnana í almannaþjónustu, fyrirtækja og sveitarfélaga er nauðsynlegt til að unga kynslóðin nái að nýta tækifæri framtíðarinnar – í sinni heimabyggð.



Að baki eru mörg góð ár og staða Háskólans á Akureyri er um margt sérstaklega ánægjuleg. Námið er vottað af Gæðaráði, rannsóknir eru í sókn, margt nýtt starfsfólk hefur verið ráðið og skólinn hefur verið rekinn innan fjárheimilda. HA stendur á sterkum grunni og því er hægt að horfa stolt til framtíðar. Háskólinn mun gegna lykilhlutverki í íslensku samfélagi áfram. Skólinn er ein helsta menntastofnun landsins og getur orðið enn betri með áframhaldandi uppbyggingu.

Hvað er fram undan næsta áratug og áratugi?

Hafin er vinna við stefnumótun Háskólans á Akureyri fyrir árin 2024 – 2029.

Stefna skólans hverju sinni er lykilskjál. Á sama tíma og skólinn verður trúr gildum sínum og hlutverki sem helsta menntastofnun landsins utan höfuðborgarsvæðisins verður að líta til lengri tíma með enn frekari metnaði. HA hefur alla burði til að vera þungavigtarafi í breytingum sem fram undan eru í íslensku samfélagi vegna breytinga sem eiga sér stað alls staðar í heiminum.

Íslenskt samfélag er hluti af alþjóðlegu samfélagi og með sameinuðu átaki er er hægt að mæta flestum vandamálum sem upp koma í heiminum. Sundrung leiðir til ofbeldis, fátæktar og annarra hörmunga af manna völdum. Við sem störfum við Háskólann á Akureyri þurfum að trúa því að við getum breytt aðstæðum á betri veg. Við berum þá ábyrgð að skila af okkur þekkingu og mannauð sem getur breytt heiminum til hins betra. Það er ábyrgðarmikið hlutverk. Það er nauðsynlegt að við séum trú grunngildum háskóla hvað varðar sjálfstæði rannsókna og rannsakenda. Jafnframt þurfum við að þjóna samfélaginu með þekkingarleit, þekkingarmiðlun og hagnýtingu þekkingar í þágu betri heims. Háskólinn á Akureyri þarf að hafa skýrt hlutverk sem háskólastofnun á landsvisu, og einnig þarf stuðning stjórnvalda. Það er von mín að sú umræða um íslenska háskólakerfið sem nú á sér stað muni leiða það inn í tímabil uppbyggingar og framfara. Stuðningur stjórnvalda við HA á árinu 2022, sem og viðurkenning á vexti háskólans, var mikið heillaskref og er það von mín að sá skilningur og stuðningur haldi áfram á næstu árum.

Ég ber miklar væntingar til þeirrar stefnumótunarvinnu innan skólans sem áður var nefnd og hlakka til að sjá hverju samtal innan háskólasamfélagsins og við nærsamfélög skólans skilar.

Verum metnaðarfull. Hugsum til þess sem HA hefur þegar áorkað. Stúdentar og starfsfólk skólans sannar svo um munar að sameinuð getum við gert allt það sem hugurinn stendur til.

Stúdentum, starfsfólki og fræðasamfélagi háskólans þakka ég fyrir frábært samstarf árið 2022. Það var viðburðaríkt, en HA er ung stofnun á þeirri vegferð að verða helsta menntastofnun Íslands. Það er í okkar höndum.

Með vinsemd og virðingu,
Eyjólfur Guðmundsson, rektor

A handwritten signature in black ink, which appears to read 'Eyjólfur Guðmundsson'. The signature is fluid and cursive, written on a white background.



STARFSFÓLK

Framgangur

Rektor veittir framgang samkvæmt reglum nr. 1010/2016 um framgang og ótímabundna ráðningu akademíks starfsfólks við Háskólann á Akureyri. Framgangur er veittur frá 1. júlí ár hvert og einnig er veittur framgangur við nýráðningu.

Eftirtalið starfsfólk hlaut framgang 1. júlí 2022:



Hafdís Skúladóttir,
dósent við Heilbrigðis-
vísindasvið



Kristín Þórarinsdóttir,
dósent við Heilbrigðis-
vísindasvið



Þorbjörg Jónsdóttir,
dósent við Heilbrigðis-
vísindasvið

Peter Shepherdson,
dósent við Hug- og félagsvísindasvið

Eftirtalið starfsfólk haut framgang við nýráðningu:



Gustavo Graciano Fonseca,
prófessor við Viðskipta- og
raunvísindasvið



Garðar Ágúst Árnason,
prófessor við Hug- og
félagsvísindasvið



Mehmet Harna,
dósent við Hug- og félags-
vísindasvið





GÆÐAMÁL

Gæðaráð ber ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans. Það tryggir að háskólinn standist þær ytri kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Í Gæðaráði sitja gæðastjóri í forsæti, tveir fulltrúar frá hvoru fræðasviði, tveir fulltrúar stjórnsýslu og stoðþjónustu tilnefndir af rektor, og tveir fulltrúar stúdenta, sem tilnefndir eru af Stúdentafélagi HA. Fundir Gæðaráðs eru að jafnaði einu sinni í mánuði yfir veturinn. Gæðaráð hélt átta fundi á árinu.

Í upphafi árs bárust heildarniðurstöður úr stofnanaúttekt Háskólans á Akureyri sem fram fór árið 2021. Stofnanaúttekt, eða ytri úttekt, er þáttur í Rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum (*Quality Enhancement Framework for Icelandic Higher Education*). Stærsta verkefni Gæðaráðs árið 2022 var að fylgja eftir aðgerðaáætlun eftir stofnanaúttekt, ásamt því að rýna niðurstöður úttektarinnar og gera tillögur að umbótum út frá niðurstöðunum.

Niðurstöður úttektarinnar voru mjög jákvæðar. Í skýrslu segir að úttektarnefnd beri traust, *confidence*, til háskólans bæði hvað varðar gæði prófgráða og gæði námsumhverfis. Dregin eru fram fjölmörg dæmi um góða starfshætti háskólans, svo sem það hversu vel var vandað til uppbyggingar doktorsnáms við háskólann, hvernig staðið er að alþjóðavæðingu hans, og hve sterk rödd stúdenta er innan skólans og áhrif þeirra á gæðastarf mikil. Einnig er fjallað um gott samstarf við hagaðila, ánægju stúdenta, og góða samskipta- og samvinnuþingingu innan skólans.

Stofnanaúttekt er gerð á vegum Gæðaráðs íslenskra háskóla, sem starfar fyrir Háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, og ber ábyrgð á eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna við íslenska háskóla. Gæðaráð skipar hverju sinni nefnd erlendra sérfræðinga ásamt einum fulltrúa Landssamtaka íslenskra stúdenta. Úttektarnefnd hefur það hlutverk að rýna sjálfsmatsskýrslu háskólans ásamt viðbótargögnum fyrir sjálfa úttektarheimsóknina. Í heimsókninni hittir úttektarnefndin marga mismunandi hópa sem tengjast starfsemi háskólans til að fá sem skýrasta heildarmynd af gæðastarfi skólans. Þetta var í annað sinn sem háskólinn undirgengst stofnanaúttekt.

Úttektarteymið bendir einnig á ýmis tækifæri til gæðaumbóta sem unnið verður að á næstu misserum. Helst er þar að nefna

skilgreiningu og samhæfingu sveigjanlegs námsforms, að auka jafnvægi í stað- og fjarkennslu innan hinna ýmsu námsleiða, og að skapa virkt samfélag á háskólasvæðinu með þátttöku fjarnema á sama grundvelli og staðnema. Einnig er sérstaklega hvatt til áframhaldandi þróunar á nýtingu gagna sem verða til við sjálfsmat og ytra mat, til þess að styðja við og styrkja gæðastarf deilda og annarra eininga háskólans. Niðurstöður úttektarinnar munu gagnast vel til áframhaldandi gæðastarfs, og einnig við heildarstefnumótun háskólans.

Skýrslan *Institutional-Wide Review University of Akureyri* er aðgengileg á ensku á vef Gæðaráðs íslenskra háskóla www.qef.is Á sama stað er einnig samantekt á íslensku.

Í nóvember fór fram var önnur úttekt á námsbraut í lögreglufræðum, en í þeirri fyrstu kom fram að umbóta væri þörf varðandi þó nokkra þætti. Í kjölfarið var sett upp aðgerðaáætlun út frá þeim ábendingum og var unnið markvisst eftir henni. Í seinni úttektinni var hlutverk nefndarinnar að meta hvort unnið hefði verið úr þeim ábendingum sem fram komu í fyrstu úttektinni. Úttektarnefndin, skipuð þremur erlendum sérfræðingum og einum íslenskum stúdent, fór ítarlega yfir aðgerðaáætlun skólans og framgang hennar. Nefndin kom síðan í tveggja daga heimsókn í háskólann til að hitta stúdenta, starfsfólk og hagaðila. Fyrstu niðurstöður bárust í desember og voru mjög jákvæðar

Gæðaráð var þannig skipað árið 2022:

Á vormisseri:

Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar HA, fulltrúi Háskólaskrifstofu

Bergljót Borg aðjúnt, fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs

Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir, fulltrúi stúdenta

Eva María Matthíasdóttir, fulltrúi stúdenta

Páll Björnsson prófessor, fulltrúi Hug- og félagsvísindasviðs

Kristinn Pétur Magnússon prófessor, fulltrúi Viðskipta- og raunvísindasviðs

Stefán Jóhannsson, sérfræðingur gagnagreiningar, fulltrúi Háskólaskrifstofu

Vaka Óttarsdóttir, gæða- og mannauðsstjóri, í forsæti

GÆÐAMÁL

Á haustmisseri:

Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar HA, fulltrúi Háskólaskrifstofu
Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir, fulltrúi stúdenta
Erla Salóme Ólafsdóttir, fulltrúi stúdenta
Eyrún Eyþórsdóttir lektor, fulltrúi Hug- og félagsvísindasviðs
Finnur Friðriksson dósent, fulltrúi Hug- og félagsvísindasviðs
Kristinn Pétur Magnússon prófessor, fulltrúi Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs

Kristín Linda H. Hjartardóttir lektor, fulltrúi Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs
Stefán Jóhannsson, sérfræðingur gagnagreiningar, fulltrúi Háskólaskrifstofu
Vaka Óttarsdóttir, gæða- og mannauðsstjóri, í forsæti
Lísbet Hannesdóttir, verkefnastjóri gæða- og mannauðsmála, var ritari Gæðaráðs.

Fundargerðir Gæðaráðs eru birtar á innri vef háskólans, Uglu.





GÓÐVINIR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Góðvinir HA eru samtök nemenda sem brautskráðir eru frá HA og annarra velunnara háskólans.

- Góðvinir efna til endurfunda, fagna útskrift og safna fjármunum í stofnfjár sjóð
- Þeir heiðra afburðanemendur við brautskráningu
- Góðvinir bera hag Háskólans á Akureyri fyrir brjósti

Háskólahátíð

Í heimsfaraldri reyndist vel að skipta brautskráningu upp eftir sviðum og var því viðhaldið þótt engar samkomutakmarkanir væru í gildi. Háskólahátíð og brautskráning fór fram dagana 10. og 11. júní.

Góðvinir veittu viðurkenningar kandiðötum sem sýnt höfðu góðan námsárangur og unnið óeigingjarnt starf í þágu háskólans á meðan á námstíma stóð. Fjórir hlutu heiðursviðurkenningarnar að þessu sinni:

- Framhaldsnám: Sonja Finnsdóttir, iðjubjálfun, starfsréttindanám á meistarastigi
- Heilbrigðisvísindasvið: Eva María Matthíasdóttir, BS í hjúkrunarfræði
- Hug- og félagsvísindasvið: Sólveig Birna Halldórsdóttir Elísabetardóttir, BEd í kennarafræði
- Viðskipta- og raunvísindasvið: Særún Anna Brynjarsdóttir, BS í sjávarútvegsfræði

Viðurkenningin er gullnæla úr smíði Kristínar Petru Guðmundsdóttur gullsmíðs og einnig sérprentað viðurkenningarskjal. Þetta var í átjándra sinn sem viðurkenning Góðvina er veitt.

Endurfundir

Góðvinir stóðu fyrir endurfundum í matsal háskólans síðdegis þann 10. júní og var samkoman vel sótt. Nokkrum útskriftar-árgögnum var sérstaklega boðið, þ.e. árgögnum 2021, 2017, 2012, 2007, 2002, 1997, 1992.

Góðvinir stóðu vakt á brautskráningardögum, hvöttu kandidata og aðra gesti til að skrá sig í félagið, og höfðu til sölu barmmerki Góðvina.

Aðalfundur

Aðalfundur Góðvina fyrir starfsárið 2021 fór fram rafrænt annan nóvember. Stjórnina skipa:

- Berglind Ósk Guðmundsdóttir, formaður
- Bjarki Freyr Brynjólfsson
- Kristín Sigurðardóttir, gjaldkeri
- Elva Gunnlaugsdóttir
- Sólveig Birna Elísabetardóttir, fulltrúi SHA.
- Katrín Árnadóttir, forstöðumaður Markaðs- og kynningarmála HA og starfsmaður Góðvina

Fjölgun félagsmanna

Helsta áskorun Góðvina er fjölgun félagsmanna. Í byrjun árs voru 126 skráðir í félagið. Stjórn Góðvina ákvað að breyta innheimtu félagsgjalda, og í kjölfarið bættust við um 100 félagar. Ýmsar hugmyndir eru um hvernig enn megi auka þátttöku.

Stofnfjár sjóður Góðvina HA til styrktar háskólastarfinu er enn á undirbúningsstigi.





HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Meginmarkmið Heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í heilbrigðisvísindum, þar með talið hjúkrunarfræði, iðjuþjálfunarfræði og öðrum greinum heilbrigðisvísinda.

Háskólinn á Akureyri er eini íslenski háskólinn sem býður upp á nám í iðjuþjálfunarfræði og fagnámi sjúkraliða. Allt nám við Heilbrigðisvísindasvið er með sveigjanlegu námsformi, sem skapar sviðinu sérstöðu meðal íslenskra háskóla.

Á Heilbrigðisvísindasviði er boðið grunnnám til BS-gráðu í hjúkrunarfræði og í iðjuþjálfunarfræði. Einnig er grunnnám til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða á kjörsviðum öldrunar og samfélagsgeðhjúkrunar, það síðarnefnda frá með með hausti 2022.

Á framhaldsstigi er nám til MS-gráðu í heilbrigðisvísindum á þrettán kjörsviðum. Einnig meistaranám í klínískri geðhjúkr-

kennslu og rannsókna við fræðasviðið, meðal annars í tengslum við Fulbright-samstarf.

Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri – HHA er samstarfsvettvangur háskólans og Sjúkrahússins á Akureyri og er starfsemin nátengd Heilbrigðisvísindasviði.

Einnig er Rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi, þverfræðileg rannsóknarmiðstöð, starfrækt í tengslum við sviðið.

Annað

Stúdentum fjölgaði við allar deildir Heilbrigðisvísindasviðs árið 2022. Námspláss á vormisseri fyrsta námsárs í hjúkrunarfræði eru 75 talsins. Mun fleiri þreyttu öll samkeppnispróf í hjúkrunarfræði á haustmisseri, eða 111 stúdentar.

Nemar í iðjuþjálfunarfræðideild á haustmisseri voru alls 137 talsins og hafa aldrei verið fleiri. Þar af hófu 38 BS-nám á haustmisseri og flestir stefna á starfsréttindanámi í iðjuþjálfun. Sjö innrituðust í starfsréttindanámi á haustmisseri.

Um 40 stúdentar voru í fagnámi fyrir starfandi sjúkraliða. Námið markar tímamót því að sjúkraliðum býðst nú í fyrsta sinn nám á háskólastigi. Alls stunduðu 166 stúdentar nám á framhaldsstigi í lok árs, þar af voru 74 nýnemar. Stúdentar í námi til meistaraþrófs voru 116 talsins og hafa aldrei verið fleiri.

Vinnuhópur innan Hjúkrunarfræðideilda, sem var skipaður fulltrúum kennara og stúdenta, vann að sjálfsmatsskýrslu fyrir deildina. Sjálfsmat deilda er liður í gæðastarfi og undirbúningur fyrir reglulegar ytri úttektir á starfi háskóla. Haldnir voru reglulegir vinnufundir þar sem unnið var að skrifum á lokaskýrslu. Safnað var upplýsingum með spurningalista-könnunum, umræðum á starfsdögum og deildarfundum og einstaklingsviðtölum.

Skipting í deildir

Heilbrigðisvísindasvið skiptist í þrjár deildir: Hjúkrunarfræðideild, Iðjuþjálfunarfræðideild og Framhaldsnámsdeild í heilbrigðisvísindum.

Um 40 stúdentar voru í fagnámi fyrir starfandi sjúkraliða. Námið markar tímamót því að sjúkraliðum býðst nú í fyrsta sinn nám á háskólastigi

unarfræði, sem fyrst var boðið haustið 2022, og fer það nám fram í samstarfi við Háskóla Íslands. Þá er boðið starfsréttindanámi á meistarastigi fyrir iðjuþjálfara í framhaldi af BS-gráðu í þeirri grein.

Í boði er 60 ECTS-eininga diplómanám í starfsendurhæfingu og klínískri heilsugæslu.

Nám í heilabilunarráðgjöf til diplómaprófs hefur verið skipulagt og samþykkt af Gæðaráði háskólans en beðið er eftir fjármögnun til að geta innritað nemendur í það nám.

Við Heilbrigðisvísindasvið er boðið doktorsnám í heilbrigðisvísindum.

Heilbrigðisvísindasvið er í ágætu samstarfi við Háskóla Íslands og ýmsa háskóla á hinum Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum, Kanada og víðar. Erlendir sérfræðingar eru gjarna ráðnir til

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Doktorsnám við Heilbrigðisvísindasvið

Á haustmisseri luku tveir nemar doktorsprófi í heilbrigðisvísindum. Karen Birna Þorvaldsdóttir varð fyrst til að brautskrást með doktorsgráðu frá Háskólanum á Akureyri. Einnig brautskráðist Hulda Sædís Bryngeirsdóttir með doktorspróf. Sjá nánar í kaflanum Miðstöð doktorsnáms og stjórnsýslu rannsóknna á bls. 46.

Tveir doktorsnemar stunda nám í heilbrigðisvísindum.

Doktorsverkefni Elínar Arnardóttur heitir *Mat á áhættu að fá sykursýki tegund 2: Áhrif af hjúkrunarstýrðri fræðslu innan heilsugæslu, slembuð rannsókn með íhlutun. Á ensku: Assessment of risk of developing type 2 diabetes: Nurse-coordinated team-based follow-up program in primary care: a mixed-method complex intervention feasibility and RCT pilot trial among people at risk for diabetes type 2.*

Niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar á ráðstefnu Alþjóðasykursýkisfélagsins (IDF) í Lissabon í desember í formi veggspjalds. Auk þess var vísindagrein samþykkt til birtingar í desember. Hún heitir *Using HBA1c measurements and the Finnish Diabetes Risk Score to identify undiagnosed individuals and those at risk of diabetes in primary care.*

Aðalleiðbeinandi Elínar er Árún Kr. Sigurðardóttir prófessor.

Doktorsverkefni Unnar Magnúsdóttur nefnist *Ligand-binding of human chitinase-like proteins*. Markmið þess er að greina bindisægni og hugsanlega bindistaði kítínasa-líku próteinanna YKL-40, YKL-39 og SI-CLP við mögulega bindla þeirra, með sérstaka áherslu á virkni þeirra í bólguferlum. Aðalleiðbeinandi er Finnbogi Rútur Þormóðsson, prófessor emeritus.

Skiptinám

Sex stúdentar fóru í skiptinám erlendis árið 2022 og fjórir nemandur úr iðjuþjálfunarfræði tóku þátt í fimm daga námskeiði í Helsinki í Finnlandi, sem haldið var á vegum samstarfsnets Iðjuþjálfunarfræðideildar.

Heilbrigðisvísindasvið tók á móti sex erlendum skiptinemendum í klínískt nám í hjúkrunarfræði og þremur nemum í iðjuþjálfunarfræði sem tóku vettvangstímabil á Íslandi.

Starfsfólk

Fastir starfsmenn Heilbrigðisvísindasviðs voru 46 í 35,1 stöðugildi. Meðtaldir eru fjórir starfsmenn Heilbrigðisvísindastofnunar. Þar að auki starfar fjöldi stundakennara við sviðið og enn fremur þrír gestalektorar. Einn starfsmaður lét formlega af störfum vegna aldurs.

Á sviðsskrifstofu starfa skrifstofustjóri og verkefnastjórnar.

Stjórnsýsla fræðasviðs

Stjórnskipulagi Heilbrigðisvísindasviðs er lýst í reglum nr. 812/2013, með síðari breytingum. Frá og með 1. júlí voru Heilbrigðisvísindasvið og Viðskipta- og raunvísindasvið sameinuð í Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið. Stjórnskipulagi nýja fræðasviðsins er lýst í reglum nr. 820/2022 fyrir Háskólann á Akureyri.

HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

Markmið náms í hjúkrunarfræði er að búa stúdenta undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum sem og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu. Nám í hjúkrunarfræði tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfisins og mætir alþjóðlegum stöðlum.

Nám til BS-gráðu er skipulagt til fjögurra ára og er 240 ECTS-einingar. Á fjórða námsári eru tekin námskeið á meistarastigi, alls 30 einingar. Hjúkrunarfræðinámið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindi og hjúkrunarfræðigreinar. Stúdentar stunda klínískt nám undir handleiðslu hjúkrunarfræðinga víða um land yfir námstímann. Hjúkrunarfræðinemar geta stundað nám sitt hvar sem er en skyldumæting er í staðarlotur í tvær vikur á hverju misseri.

IÐJUÞJÁLFUNARFRÆÐIDEILD

Nám í iðjuþjálfunarfræði byggir á heilbrigðis- og félagsvísindum og snýst um iðju, heilsu og lífsgæði fólks. Stúdentar tileinka sér þekkingu, viðhorf og leikni sem endurspeglar nýjustu þekkingu og þróun iðjuþjálfunarfræði á hverjum tíma.

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Skoðað er hvernig umhverfi í víðum skilningi og einstaklingsþættir hafa áhrif á færni og þátttöku fólks í samfélaginu og fjallað er um ólíkar leiðir til úrlausna. Lögð er áhersla á að stúdentar séu virkir þátttakendur í faglegri þróun og samstarfi, bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi.

Nám í iðjuþjálfunarfræði er 180 ECTS-einingar, tekur þrjú ár og lýkur með BS-gráðu. BS-gráða opnar möguleika til ýmissa starfa í velferðarþjónustu. Hún veitir einnig aðgang að frekara námi á meistarastigi, svo sem í lýðheilsufræði, fötlunarfræði, heilbrigðisvísindum og stjórnun.

Starfsréttindánám á meistarastigi fyrir iðjuþjálfara er eins árs 60 eininga nám í framhaldi af BS-námi í iðjuþjálfunarfræði. Gráðan tryggir leyfisveitingu frá Embætti landlæknis til að starfa sem iðjuþjálfari á Íslandi. Stór hluti námsins fer fram á vettvangi í fjölbreytilegu starfsumhverfi þar sem nemendur fá þjálfun og undirbúning fyrir störf iðjuþjálfara.

FRAMHALDSNÁM Í HEILBRIGÐISVÍSINDUM

Markmið námsins er að brautskráðir stúdentar verði gagnrýnir greinendur, ígrundandi fagmenn, breytingarliðar og víðsýnir, skapandi leiðtogar. Það eru þeir námskrárþræðir sem áhersla er lögð á og þeir eru rauður þráður í uppbyggingu og innihaldi námskeiða, og leiðarljós í kenningu og námsmati. Þá er í öllum námskeiðum lögð áhersla á mikilvægi vísindarannsóknna.

Nám til MS-gráðu í heilbrigðisvísindum er 120 ECTS-einingar. Það er að jafnaði byggt upp af 60 – 90 einingum í námskeiðum og meistararitgerð sem vegur 30 – 60 einingar, eftir kjörsviðum.

Í meistaranáminu voru þrettán kjörsvið í boði árið 2022. Á öllum kjörsviðum eru skyldunámskeið, alls 40 ECTS-einingar, og 20 – 40 einingar í valnámskeiðum. Rannsóknarefni til meistaraverkefnis er valið með aðstoð frá umsjónarkennara. Reynt er að mæta þörfum stúdenta með tilliti til áherslusviðs.

Við Framhaldsnámsdeild í heilbrigðisvísindum er einnig hægt að ljúka 40 – 60 eininga viðbótardiplómagráðu.

Kjörsvið í námi til MS-gráðu árið 2022 voru:

- heilbrigðisvísindi – almennt kjörsvið
- endurhæfing
- geðheilbrigðisfræði
- heilsugæsla í héraði – fræðileg
- heilsugæsla í héraði – klínísk
- krabbamein og líknarmeðferð
- langvinn veikindi
- ljósmæður – heilbrigði kvenna
- sálræn áföll og ofbeldi
- starfsendurhæfing
- stjórnun í heilbrigðisþjónustu
- verkir og verkjameðferð
- öldrun og heilbrigði

RANNSÓKNIR

Háskólinn hefur gert rammamninga við helstu heilbrigðisstofnanir landsins. Meðal annars ná samningarnir til klínískrar kenningu stúdenta á Heilbrigðisvísindasviði og til rannsóknarsamstarfs. Flestar heilbrigðisstofnanir hafa áhuga á rannsóknarsamstarfi við sviðið, sem er ánægjuleg þróun.

Rannsóknarstarfsemi er öflug á Heilbrigðisvísindasviði og kennarar sviðsins eru þar í samstarfi við erlenda og íslenska fræðimenn. Rannsóknarstefna sviðsins hefur verið í endurskoðun reglulega frá árinu 2017 og unnið er að þróun rannsóknarhópa í samræmi við hana.

Allt síðan á árinu 2000 hafa rannsóknaráherslur á Heilbrigðisvísindasviði verið þverfaglegar. Hafa starfsmenn sviðsins hist mánaðarlega í rannsóknarsmiðjum þar sem ný verkefni og lengra komin hafa verið kynnt.

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

NÝ RANNSÓKNARVERKEFNI 2022

Rannsóknaráhersla/ rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan sviðs
Heilbrigðisvísindi/Verkir	<i>Health-related Quality of Life, lifestyle and pain</i>	Þorbjörg Jónsdóttir, Sigfríður Inga Karlsdóttir, Hafdís Skúladóttir, Eva Halapi og Þorvaldur Ingvarsson
Heilbrigðisvísindi/Áföll	<i>MiStory</i>	Sigríður Halldórsdóttir, Hulda Sædís Bryngeldsdóttir og Karen Birna Þorvaldsdóttir
Heilbrigðisvísindi/Áföll og náttúran	<i>Nature Based Program Nordic network</i>	Sigrún Sigurðardóttir og Anna María Pálsdóttir
Heilbrigðisvísindi/Kynbundið ofbeldi	<i>UniSAFE Europe-wide study on gender-based violence in research performing organisations</i>	Sigrún Sigurðardóttir og Enrique Gracia
Heilbrigðisvísindi/Norðurslóðir	<i>Ageing & Gender in the Arctic, UArctic thematic Network, Distance and Challenges during Covid-19</i>	Sigrún Sigurðardóttir og Sarah Cox
Heilbrigðisvísindi/Vettvangsnám í iðjuþjálfun	<i>Leiðsögn í vettvangsnámi: Áskoranir og ávinningur. Rýnihóparannsókn, viðtöl við leiðbeinendur.</i>	Hulda Þórey Gísladóttir
Heilbrigðisvísindi/Næringarfræði	<i>Þróun líkamsþyngdar kvenna á barneignaraldri á Norðurlandi síðastliðin 19 ár</i>	Laufey Hrólfsdóttir, Alexander K. Smáráson og Björn Gunnarsson
Heilbrigðisvísindi/Svefnlæknisfræði	<i>Prevalence of Obstructive Sleep Apnoea (OSA) among 4 – 8 Years old Children</i>	Laufey Hrólfsdóttir
Heilbrigðisvísindi/Kynferðisofbeldi	<i>Sálfræðiaðstoð vegna kynferðisofbeldis tryggð að lokinni skýrslutöku hjá lögreglunni</i>	Sigrún Sigurðardóttir
Heilbrigðisvísindi/Utanspítalþjónusta	<i>Góð og sanngjörn staðsetning á þyrlum til sjúkraflutninga</i>	Björn Gunnarsson
Heilbrigðisvísindi/Utanspítalþjónusta	<i>Aðgengi að bráðaþjónustu á Íslandi</i>	Björn Gunnarsson
Heilbrigðisvísindi/Svæfingalæknisfræði	<i>Áhrif mismunandi fræðsluáferða á kvíða ungra barna sem undirgangast svæfingu</i>	Björn Gunnarsson
Heilbrigðisvísindi/Utanspítalþjónusta	<i>Gæðavísar í sjúkraflugi</i>	Björn Gunnarsson
Heilbrigðisvísindi	<i>Longitudinal study of physical- and mental health status in a young Icelandic cohort</i>	Nanna Ýr Arnardóttir

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

NÝ RANNSÓKNARVERKEFNI 2022

Rannsóknaráhersla/ rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan sviðs
Heilbrigðisvísindi/Fæðingarlæknisfræði	<i>Tíðni og orsakir andvana fæðinga á Íslandi síðasta aldarfjórðungi</i>	Alexander K. Smáráson
Heilbrigðisvísindi/Fæðingarlæknisfræði	<i>Inngrip í fæðingar kvenna af erlendum uppruna skoðuð með 10 hópa fagrýni Robsons</i>	Alexander K. Smáráson
Heilbrigðisvísindi/Fæðingarlæknisfræði	<i>Greiningarskilmerki meðgöngueitrunar. Lækkun á mörkum marktækrar próteinmigu</i>	Alexander K. Smáráson
Heilbrigðisvísindi/Fæðingarlæknisfræði	<i>Using Robson's Ten-Group Classification System for comparing trends in caesarean section rates in Europe from 2015 – 2019: An analysis of routine data from the Euro-Peristat</i>	Alexander K. Smáráson
Heilbrigðisvísindi/löjuvísindi	<i>Aðgengi að háskólanámi án mismununar og til jafns við aðra: Áhrif háskólaumhverfis</i>	Sigrún Kristín Jónasdóttir og Linda Björk Ólafsdóttir
Heilbrigðisvísindi/Frumulíffræði	<i>Ligand-binding of human chitinase-like proteins</i>	Finnbogi Rútur Þormóðsson og Eva Charlotte Halapi
Heilbrigðisvísindi/Fjölskyldan	<i>Upplifun fráskilinna foreldra af fræðsluefninu Samvinna eftir skilnað, barnanna vegna (SES)</i>	Finnbogi Rútur Þormóðsson og Olga Ásrún Stefánsdóttir
Heilbrigðisvísindi/Öldrun	<i>Old users' perspectives on constrained participation in health care: A framework analysis</i>	Kristín Þórarinsdóttir og Kristján Kristjánsson
Heilbrigðisvísindi/Geðheilsa	<i>Geðheilsuvernd á meðgöngu og eftir fæðingu</i>	Sigríður Sía Jónsdóttir
Heilbrigðisvísindi/Hjúkrunarmenntun	<i>Reynsla heilsugæsluhjúkrunarfræðinga af sérnámi í heilsugæsluhjúkrun og notagildi menntunarinnar í klínískri vinnu í heilsugæslu</i>	Sigríður Sía Jónsdóttir

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Ráðstefnur

Sjónaukinn, rannsóknarráðstefna heilbrigðisvísindadeildanna, hefur verið haldin árlega frá 2018. Yfirskrifin 2022 var *Áskoranir framtíðarinnar – velferðarþjónusta í nærumhverfi*. Gestafyrirlesarar voru Frida Andréasson, félagsfræðingur, Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir, iðjuþjálfari, Jón Snædal, sérfræðingur í almennum lyflækningum og öldrunarlækningum, Kristín Björnsdóttir, prófessor og Anne Marie Mork Rokstad, prófessor.

Á Sjónaukanum kynna meistaranemendur lokaritgerðir sínar og einnig kynna fræðimenn á sviðinu vísindastarf sitt. Þátttaka á ráðstefnunni var góð, en hún var haldin bæði á staðnum og rafrænt.

Starfsfólk Heilbrigðisvísindasviðs tók þátt í og skipulagði ýmsar rafrænar ráðstefnur á árinu án þess að sviðið héldi sérstaklega utan um skráningu þeirra.

HEILBRIGÐISVÍSINDASTOFNUN HA – HHA

Heilbrigðisvísindastofnun HA er sameiginlegur vettvangur akademískra starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri – SAK og HA til eflingar kennslu, þjálfunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum, til þekkingarmiðlunar, og til kynningar á rannsóknum starfsmanna.

Fjórir starfsmenn eru í hlutastörfum við HHA í 20% starfshlutfalli hver. Starfsmenn HHA koma að kennslu og rannsóknum við Heilbrigðisvísindasvið.

Stjórn Heilbrigðisvísindastofnunar er skipuð þremur fulltrúum frá hvorum aðila, HA og SAK.

Stefnunefnd stýrir heildarsamstarfi HA og SAK samkvæmt rammasamningi milli aðila frá 2017. Hún hefur það hlutverk að vera stefnumótandi vegna sameiginlegra málefna. Stefnunefnd verður eflid sem vettvangur fyrir undirbúning að því að SAK verði háskólasjúkrahús á Norðurlandi.

Megináhersla er lögð á að gera rannsóknir starfsmanna sýnilegar og aðgengilegar auk þess að efla rannsóknarvirkni starfsmanna SAK og tengja verkefni stúdenta HA við þarfir sjúkrahússins. Stefnt er að því að auka vægi Heilbrigðisvísindastofnunar í rannsóknar- og þróunarsamstarfi háskólans og Sjúkrahússins á Akureyri.

Samkvæmt rammasamningi HA og SAK getur starfsfólk SAK sem sinnir kennslu og rannsóknum sótt um akademíska nafnbót við Heilbrigðisvísindastofnun, í samræmi við gildandi reglur háskólans. Tveir starfsmenn við Sjúkrahúsið á Akureyri hafa fengið slíkar nafnbætur.





HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Hlutverk Hug- og félagsvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í hug- og félagsvísindum, þar með talið félagsvísindum, lögræði, menntavísindum og sálfræði.

Á Hug- og félagsvísindasviði er að finna námsframboð sem ekki er við aðra háskóla hérlandis. Það er BA-nám í almennum félagsvísindum, fjölmiðlafræði og nútímafræði.

Þá býður Háskólinn á Akureyri einn íslenskra háskóla upp á nám í heimskautarétti á framhaldsstigi.

Loks ber að nefna BA-nám í lögreglu- og löggæslufræði og enn fremur diplómanám fyrir verðandi og starfandi lögreglumenn, sem er eingöngu boðið við HA.

Stúdentar frá HA sem vilja öðlast starfsréttindi sem sálfræðingar hafa einkum sótt sér framhaldsmenntun hér á landi og á hinum Norðurlöndunum, en hafa þó einnig komist inn í framhaldsnám í öðrum Evrópulöndum og Bandaríkjunum.

Hægt er að stunda doktorsnám við Hug- og félagsvísindasvið á sviðum félagsfræði og lögræði. Gert er ráð fyrir að doktorsverkefni verði að jafnaði þverfaglegt í eðli sínu og framkvæmd, þrátt fyrir formlega staðsetningu á sviðinu.

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri – MSHA er starfrækt innan Hug- og félagsvísindasviðs í gagnvirkum tengslum við Kennaradeild.

Rannsóknasetur í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri – RLHA er starfrækt innan Félagsvísindadeildar. Það starfar eftir reglum nr. 1630/2022. Stjórn Rannsóknaseturs í lögreglufræði er skipuð fulltrúum frá Háskólanum á Akureyri og Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu.

Yvonne Höller, prófessor við Sálfræðideild, hlaut Hvattningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs. Þau eru veitt vísindamanni sem snemma á ferli sínum þykir hafa skarað fram úr og skapað væntingar um framlag í vísindastarfi er treysti stoðir mannlífs á Íslandi. Yvonne Höller hefur starfað við deildina síðan 2018.

Skipting í deildir

Hug- og félagsvísindasvið skiptist í fjórar deildir: Félagsvísindadeild, Kennaradeild, Lagadeild og Sálfræðideild.

Doktorsnám við Hug- og félagsvísindasvið

Fyrsti doktorsneminn við Hug- og félagsvísindasvið, Lara Wilhelmine Hoffmann, doktor í félagsvísindum, brautskráðist í desember. Doktorsritgerð hennar heitir *Aðlögun innflytjenda á Íslandi: Huglægar vísbendingar um aðlögun innflytjenda á Íslandi byggðar á tungumáli, fjölmiðlanotkun og skapandi iðkun*. Aðalleiðbeinandi var Markus Meckl prófessor.

Sjá nánar um doktorsvarnir í kaflanum Miðstöð doktorsnáms og stjórnslu rannsókna á bls. 46.

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir stundar doktorsnám við sviðið. Doktorsverkefni hennar nefnist *Áhrif nærsamfélagsins á búsetu ungra kvenna í sjávarbyggðum*. Enskt heiti er *Young women in Icelandic fishing villages: Migration and social context*. Aðalleiðbeinandi hennar er Þóroddur Bjarnason prófessor.

Skiptinám

Hug- og félagsvísindasvið tók sem fyrr á móti stórum hluta þeirra erlendu skiptinema sem stunduðu nám við HA. Alls komu 48 skiptinemar til sviðsins og fimm stúdentar fóru til skiptináms erlendis.

Fjöldmörg námskeið innan sviðsins voru kennd á ensku, þar á meðal námsbraut í heimskautarétti. Auk þess voru sérnámskeið fyrir erlenda skiptinema vistuð á sviðinu en þau eru: *Íslenska sem annað mál og Íslenskt samfélag, saga og menning*. Stúdentar frá öllum deildum sviðsins fóru í skiptinám við erlenda háskóla í gegnum Erasmus+ og einnig Nordplus.

Starfsfólk

Fastir starfsmenn Hug- og félagsvísindasviðs voru 66 talsins í desember. Auk þeirra starfaði við sviðið fjöldi stundakennara, að viðbættum kennurum á öllum skólastigum viðs vegar um land sem tóku að sér að veita stúdentum leiðsögn í vettvangsnámi og æfingakennslu.

Á skrifstofu fræðasviðs starfa skrifstofustjóri og verkefnastjórnar.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Stjórnsýsla fræðasviðs

Stjórnskipulagi Hug- og félagsvísindasviðs er lýst í reglum nr. 821/2022.

FÉLAGSVÍSINDAEILD

Félagsvísindadeild er meðal fjölmennustu deilda háskólans hvað stúdenta varðar. Í náminu er áhersla á verkefnavinnu og námið felur í sér fjölbjóðlegar tengingar.

Við Félagsvísindadeild eru fjórar námsleiðir til BA-gráðu; í félagsvísindum, fjölmiðlafræði, lögreglu- og löggæslufræði og í nútímafræði. Að loknu diplómanámi í lögreglufræði fyrir verðandi eða starfandi lögreglumenn er hægt að bæta við 60 eininga námi til BA-gráðu.

Meistaránám til MA-gráðu í félagsvísindum við Félagsvísindadeild er rannsóknartengt. Einnig er hægt að taka meistaránám til MA-gráðu í fjölmiðla- og boðskiptafræði.

Þá er boðið 30 eininga diplómanám á meistarastigi í fjölmiðla- og boðskiptafræði í framhaldi af BA-gráðu í fjölmiðlafræði.

Fjölmiðlafræði

Fjölmiðlafræði skoðar gangvirki fjölmiðlanna og stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu. Námið tekur mið af þróun sem orðið hefur á þessu sviði í helstu háskólum á Vesturlöndum. Leitast er við að samþætta faglega þekkingu sem kennd er í svonefndum blaðamannaskólum og fræðilega þekkingu og aðferðafræði sem kennd er í hefðbundnu háskólanámi. Slík samvinnun er eftirsóknarverð í námi af þessu tagi og til þess ætluð að gera stúdenta hæfari til að takast á við samfélagsbreytingar sem fylgja upplýsingatæknibyltingu og síhækkandi almennu menntunarstigi.

Stúdentar taka þátt í gerð ýmiss konar fjölmiðlaefnis í prent- og ljósvakamiðlum. Áberandi er hve margir brautskráðir hafa fengið störf á fjölmiðlum eða sinna fjölmiðlatengdum störfum.

Nútímafræði

Nútímafræði er þverfaglegt nám á sviði félags- og hugvísinda. Það er blanda af heimspeki, siðfræði, sagnfræði, íslensku og samfélagsgreinum. Mörg valnámskeið eru í boði og góðir möguleikar á skiptinámi, bæði á Íslandi og erlendis.

Námið er heppilegur kostur fyrir þá sem vilja afla sér víðtækrar menntunar og öðlast traustan grunn fyrir framhaldsnám í ýmsum greinum hug- og félagsvísinda.

Stúdentar ljúka 120 einingum í kjarnanámskeiðum. Auk þess er valið á milli þriggja áherslusviða: Sagnfræði, heimspeki og íslensku.

Almenn félagsvísindi

BA-námið byggir á kenningalegum og aðferðafræðilegum grunni félagsvísinda. Það byggir einkum á félagsfræði, mannfræði og stjórnmálafræði. Stúdentar öðlast innsýn í eðli manlegs samfélags og hreyfilögmál félagsgerðar, menningar, stjórnmála og efnahagslífs. Námið veitir umtalsverða þjálfun í aðferðafræði félagsvísinda, skipulagningu rannsóknarverkefna og framsetningu á niðurstöðum fyrir almenning og fræðimenn. Það er sambærilegt við BA-nám í einstökum undirgreinum félagsvísinda við aðra innlenda og erlenda háskóla.

Að námi loknu hafa brautskráðir traustan grunn til framhaldsnáms og margvíslegra starfa á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

BA-nám í félagsvísindum var hægt að stunda með eftirtöldum áherslugreinum:

Almenn félagsvísindi með valnámskeiðum að eigin vali

- Afbrotafræði, áhersla á eðli og skilgreiningu afbrota og annarra frávika, félagslegar, efnahagslegar, menningarlegar og sálfræðilegar orsakir þeirra og afleiðingar fyrir einstaklinga og samfélög
- Byggðfræði, áhersla á byggðapróun á Íslandi, fólksflutninga innanlands og utan, áhrif samgöngubóta á afskekkt samfélög, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu í landsbyggðunum, stjórnmál, stjórnsýslu og stefnumótun í byggðamálum
- Kynjafræði, áhersla á kynjun og kyngervi, stöðu kynjanna í dreifbýli og þéttbýli, breytingar á jafnréttisviðhorfum og verkaskiptingu á heimilum, fjölskyldugerðir og líðan barna, kynhegðun unglinga og stöðu samkynhneigðra í samfélaginu
- Norðurslóðafræði, áhersla á félagslega, hagræna, menningarlega og pólitíska þætti þróunar á norðurslóðum, í samhengi við hnattvæðingu, umhverfisbreytingar, auðlindanýtingu, atvinnu- og byggðamál, mannauð og sjálfbærni.

Lögreglufræði

Lögreglufræði fjallar um viðfangsefni löggæslu í víðu samhengi. Námið miðar að því að veita stúdentum haldgóða undirstöðu-

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

færni í að fyrirbyggja og upplýsa um brot á lögum og að tryggja almannaoýggi. Það er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á lögreglufræði sem fræðigrein, en er jafnframt tengt starfi lögreglu á grundvelli laga, reglna, þjálfunar og alls verklags sem er mikilvægt í starfi lögreglunnar.

BA-nám í lögreglu- og löggæslufræði leggur grunn að ólíkum leiðum í námi og starfi. Það er góður kostur fyrir stúdenta sem vilja afla sér víðtækrar menntunar á sviði lögreglu- og löggæslufræði.

Diplómanám í lögreglufræði er skipulagt til tveggja ára. Diplómanám fyrir verðandi lögreglumenn undirbýr stúdenta fyrir störf í þéttbýli á fámennum og víðfeðmum svæðum þar sem lögregluþáttur þarf að geta gengið í nánast öll störf. Hluti af náminu er starfsnám sem veitir starfsréttindi til að hljóta skipun hjá lögregluembættum landsins.

Diplómanám fyrir starfandi lögreglumenn er ætlað þeim sem vilja kynnast fræðigreininni betur og dýpka þekkingu sína á löggæslu og rannsóknum afbrota, eða vilja prófa nýja nálgun á fagið. Þessi námslína felur ekki í sér starfsþjálfun.

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu – MSL annast starfsnám í lögreglufræði í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

Stúdentar sem sækja um starfsnám í lögreglufræði þurfa að fullnægja almennum skilyrðum sem kveðið er á um í 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og standast fræðileg námskeið, þrekpróf, læknisskoðun og fleira. Meginmarkmið námsins er að mennta stúdenta sem stefna á störf í lögreglu.

KENNARAEILD

Kennaradeild skiptist í *Kennarabraut* og *Menntavísindabraut*.

Á *Kennarabraut* er boðið heildstætt, fimm ára kennaranám, sem skiptist í þriggja ára 180 ECTS-eininga kennaranám til BEd-gráðu og tveggja ára 120 eininga nám í menntunarfræðum til MEd-gráðu og MT-gráðu.

Í BEd-náminu eru tvö kjörsvið: Leikskólakjörsvið og grunnskólakjörsvið.

Í MEd- og MT-námi sérhæfa stúdentar sig til kennslu á leikskólastigi, grunnskólastigi eða framhaldsskólastigi. MEd- og MT-námið er einnig opið þeim sem lokið hafa BA- eða BS-gráðu á öðrum námssviðum. Að náminu loknu geta stúdentar sótt um leyfisbréf til kennslu.

Á grunnstigi er einnig boðið upp á tveggja ára, 120 eininga diplómanám í leikskólafræði.



HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Á framhaldsstigi er boðið 60 eininga diplómanám í menntun- arfræði ætlað þeim sem lokið hafa meistaraþrófi í kennslugrein í framhaldsskóla og vilja afla sér kennsluréttinda á framhalds- skólastigi.

Á *Menntavísindabraut* fer fram nám sem ætlað er kennurum og öðrum þeim sem vilja efla starfshæfni sína og sérþekkingu á sviði menntavísinda. Námið er sniðið fyrir þá sem þegar hafa öðlast leyfisbréf til kennslu og vilja dýpka þekkingu sína og efla sig sem kennara, eða stunda rannsóknir og fræði á þekkingarsviðinu.

Tvær mislangar námsleiðir eru innan brautarinnar. Annars vegar er 120 eininga rannsóknartengt meistaranám til MA-gráðu fyrir þá sem vilja sérhæfa sig á tilteknu sviði til ýmissa starfa í menntakerfinu og/eða stunda rannsóknir og fræðistörf. Hins vegar er 60 eininga viðbótarnám (Dipl.Ed.) sem er ætlað þeim sem vilja sérhæfa sig á tilteknu áherslusviði og auka hæfni sína til starfa. Á árinu var boðið upp á eftirtalin áherslusvið:

- Almennt svið
- Nám og læsi – lestrarfræði
- Nám og margbreytileiki – sérkennslufræði
- Stjórnun og forysta í lærdómssamfélagi
- Upplýsingatækni í námi og kennslu

Jafnframt er boðið upp á tvær námsleiðir til 30 eininga diplómu. Annars vegar *starfstengda leiðsögn*, sem er ætluð kennurum sem taka að sér leiðsögn með kennaranemum á vettvangi og nýjum kennurum í starfi, og hins vegar *Forysta í lærdómssamfélagi*, sem eykur hæfni kennara til að taka forystu, stuðla að og leiða uppbyggingu og þróun lærdómssamfélags í skólum.

Kennaradeild tók þátt í alþjóðlegu samstarfi af ýmsum toga árið 2022, meðal annars í rannsóknarverkefnum sem lúta að kennaranámi og starfsþróun kennara.

Má þar nefna norræna rannsókn um gæði kennslu og þróun kennaranáms, *Quality in Nordic Teaching (QUINT)*, sem nokkrir fræðimenn Kennaradeildar eru aðilar að, en það verkefni er styrkt af Nordforsk 2018–2024. Á vegum þeirrar rannsóknar stóðu kennarar deildarinnar fyrir einingabæru starfsþróunarnámskeiði fyrir starfandi grunnskólakennara vorið 2022. Kennarar gerðu upptöku af eigin kennslu og greindu gæði kennslunnar út frá ákveðnum viðmiðum.

Sem liður í því að þróa nám í Kennaradeild og bera það saman við kennaranám annars staðar á Norðurlöndunum var lögð fyrir spurningakönnunin *CATE – The Coherence and Assignment Study in Teacher Education*. Hún var lögð fyrir kennaranema á lokaári námsins. Leitað var eftir sjónarmiðum þeirra varðandi tengsl fræða og starfs í náminu.

Menntafléttan – námssamfélag í skóla- og fristundastarfi er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs HA, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands. Margir kennarar deildarinnar komu að kennslu í starfsþróunarnámskeiðum fyrir starfandi kennara og skólastjórnendur.

Kennaradeild átti fulltrúa í ýmsum ráðum, nefndum og starfs- hópum á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis:

- Ráðgjafarnefnd vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að auka nýliðun kennara.
- Starfshópi um endurskoðun aðalnámskrár leikskóla.
- Kennararáði. Kennararáð hefur það hlutverk að veita ráð- herra menntamála ráðgjöf og leiðbeiningar um kennara- menntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Fulltrúar Kennaradeildar tóku þátt í að undirbúa ný lög um skólabjónustu, en rannsóknir á því sviði hafa verið gerðar við deildina. Þá átti Kennaradeild fulltrúa í úthlutunarnefnd Íslensku menntaverðlaunanna.

LAGADEILD

Meginmarkmið náms í lögfræði er að stúdentar öðlist þekk- ingu í undirstöðuatriðum lögfræðinnar með áherslu á laga- framkvæmd á Íslandi, annars staðar í Evrópu og í alþjóðlegu samhengi. Þeir takast á við grunngreinar íslenskrar lögfræði og kynnast lögum og rétti í sögulegu, alþjóðlegu, félagslegu og heimspekilegu samhengi.

Nám í lögfræði við HA er um margt með öðru sniði en tíðkast við aðra íslenska háskóla. Sérstaðan felst meðal annars í al- þjóðlegri, sögulegri og fræðilegri nálgun.

Lagadeild býður bæði upp á BA-nám í lögfræði, sem er 180 eininga nám, og svo 120 eininga nám til ML-gráðu í lögfræði.

Annað hvert ár er hægt að innritast í nám í heimskautarétti, sem tekur á fjölmörgum lögfræðilegum álitaeftum sem teng- ast Norður- og Suðurskautinu.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Áherslur í náminu eru meðal annars á þjóðarétt, þar á meðal hafrétt og umhverfisrétt, frumbyggjarétt og réttindi annarra íbúa á svæðunum, og stjórn mála- og þróunarfræði á heimskautasvæðunum. Einnig er fjallað um hinar ýmsu atvinnugreinar og hag- og viðskiptafræði bæði á Norður- og Suðurheimskautinu. Námið fer alfarið fram á ensku. Boðið er upp á 120 eininga nám til MA-gráðu í heimskautarétti, 90–120 eininga nám til LLM-gráðu og 60 eininga diplómanám. Ekki var innritað í nám í heimskautarétti 2022.

SÁLFRÆÐIDEILD

Sálfræði fjallar um mannlega hegðun, hugsun og tilfinningar. Sálfræðinám á bakkalárstigi við Háskólann á Akureyri er fjölbreytt, það veitir grunnþekkingu á sálfræði sem vísindagrein og nýtist bæði sem grunnur fyrir framhaldsnám og sem undirbúningur fyrir störf á margvíslegum vettvangi. Ásamt kenningum

er sterk áhersla lögð á þjálfun í aðferðafræði og rannsóknaraðferðum sem tíðkast á hinum margvíslegu sviðum sálfræðinnar. BA-próf í sálfræði veitir ekki sérhæfingu á ákveðnu sviði heldur fá stúdentar gott tækifæri til að kynna sér hin margvíslegu svið vísindagreinarinnar. Stúdentar frá HA sem vilja öðlast starfsréttindi sem sálfræðingar hafa einkum sótt sér framhaldsmenntun hér á landi og á hinum Norðurlöndunum, en hafa þó einnig komist inn í framhaldsnám í öðrum Evrópulöndum og Bandaríkjunum.

Á framhaldsstigi er boðið nám í megindlegri sálfræði. Áhersla er lögð á einstaklingsbundnið, hagnýtt nám í rannsóknaraðferðum og þekkingaröflun sem býr stúdenta vel undir frekara framhaldsnám í sálfræði en gerir þá einnig eftirsóttá sérfræðistörf sem krefjast gagnrýnnar hugsunar, vandaðrar meðferðar gagna, frumkvæðis og þekkingar á mannlegu eðli.

RANNSÓKNIR

NÝ RANNSÓKNARVERKEFNI Á ÁRINU

Félagsvísindadeild

Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs
Blaðamenska, umhverfis- og loftslagsmál, norðurslóðir	<i>Journalism and environment</i>	Guðbjörg Hildur Kolbeins

Kennaradeild

Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs
Grunnskóli	<i>Menntun án aðgreiningar í íslenskum grunnskólum</i>	Hermína Gunnþórsdóttir
Grunnskóli, Norðurlönd	<i>INSPECT Societal Security after COVID 19 – Inquiring Nordic Strategies, Practices, Educational Consequences and Trajectories https://www.nordforsk.org/calls/societal-security-beyond-covid-19</i>	Hermína Gunnþórsdóttir

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lagadeild

Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs
International law, history, historiography, archival science	<i>Decolonising Nordic Archives</i>	Rachael Lorna Johnstone
Education, democracy, Polar law, Arctic studies	<i>Háskólar, lýðræði og Norðurslóðir</i>	Birgir Guðmundsson, Rachael Lorna Johnstone og fleiri
International law, decolonisation, transitional justice, Indigenous Peoples	<i>Historical Truth and Accountability in the Post-Colonial State</i>	Rachael Lorna Johnstone, Cira Palli-Aspero, Astrid Nonbo Andersen, Renata Colwell og fleiri
Refugee law, international law, human rights law, equality law, administrative law	<i>The Nordic concept of gender equality and 'The Other': Procedural Inequalities facing women seeking asylum in Iceland</i>	Valgerður Guðmundsdóttir

Sálfræðideild

Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs
Lífeðlisleg sálfræði, taugasálfræði	<i>EPIc SAD study: Environmental, physiological, and cognitive risk factors for seasonal affective disorder</i>	Yvonne Höller
Taugasálfræði	<i>Hemispherectomy meta-analysis</i>	Yvonne Höller
Klínísk sálfræði, íþróttasálfræði	<i>Sálræn vanlíðan og vellíðan hjá íþróttamönnum á Norðurlandi eystra: Langtímarannsókn á áhættu- og verndandi þáttum</i>	Richard E. Tähtinen
Skynjunarsálfræði, hugfræði	<i>Líkindastýrð sjónræn eftirtekt</i>	Árni G. Ásgeirsson
Félagsfræði, sálfræði	<i>Tengsl hugrænnar getu og byrði þriðju vaktarinnar</i>	Árni G. Ásgeirsson

RÁÐSTEFNUR

Þar sem heimspeki og menntun mætast

Í október hélt Kennaradeild málþing til heiðurs Guðmundi Heiðari Frímannssyni prófessor, en hann lét formlega af störfum við háskólann í lok júlímánaðar.

Guðmundur Heiðar vann ötullega að undirbúningi stofnunar Kennaradeildar. Hann var fyrsti starfsmaður deildarinnar og vann þar sem kennari, deildarforseti, og rannsakandi í 30 ár.



MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR HA – MSHA



Miðstöð skólaþróunar er starfrækt innan Hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Hlutverk hennar er að efla leik-, grunn- og framhaldsskóla sem faglegar stofnanir og að vera farvegur þekkingar til starfandi kennara á öllum skólastigum og frá þeim til háskóla.

Meginviðfangsefni sérfræðinga MSHA lúta að þróunar- og umbótastarfi á vettvangi skólastarfs. Sérfræðingar MSHA veita ráðgjöf og fræðslu og standa fyrir námskeiðum fyrir kennara, stjórnendur og annað starfsfólk skóla.

Eftirtalin námskeið til eininga á sviði skólaþróunar eru boðin við Kennaradeild Háskólans á Akureyri:

Leiðtoganám í Byrjendalæsi

Námslína á framhaldsstigi, 15 ECTS einingar, þjálfun faglegra leiðtoga í námssamfélagi læsiskennara í grunnskóla. Námið er starfsfengt og það stendur yfir í þrjú ár. Lögð er áhersla á endurgjöf sem nýtist í starfi í stað einkunna.

Þróunarstarf á vettvangi – Forysta um menntun fyrir alla í lærómssamfélagi

Nemendur efla eigin forystuhæfni við þróun lærdómssamfélaga með hliðsjón af aðferðum starfendaránnsóknna. Námskeið skipulagt til þriggja ára. Hægt er að fá metnar við Kennaradeild 5 ECTS einingar fyrir hvert ár sem lokið er.

Innan MSHA er sérfræðjþekking á stjórnun og forystu í skólum, starfsþróun og fagmennsku, fjölbreyttum starfsháttum, námskrárgerð, mati á skólastarfi, teymisvinnu og læsi. MSHA hefur forgöngu um að kynna kennurum nýjungar á sviði skólaþróunar og sérfræðingar standa einnig fyrir rannsóknum á starfsháttum í skólum (starfendaránnóknum). Haldin eru námskeið, fræðslufundir og ráðstefnur.



MSHA byggir starf sitt á sjálfsaflafé. Eftirtaldir aðilar styrktu miðstöðina árið 2022: Þróunarsjóður námsgagna, Endurmenntunarsjóður grunnskóla, Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara, Sprotasjóður, Verkefnasjóður HA og Rannsóknasjóður HA.

Þróunarsjóður námsgagna veitti styrk fyrir vefsvæði um verkefnið *Læsi fyrir lífið*. Sérfræðingar MSHA munu útbúa námsgögn til að efla læsi og stuðla að nýsköpun í kennslu nemenda á mið- og unglingastigi grunnskóla. Vinna við vefinn stendur yfir.

Á fyrri hluta árs 2022 höfðu samkomutakmarkanir vegna Covid-19 faraldursins áhrif á starfið, sem færðist nær því alfarið yfir á rafrænt form, og var það nokkur áskorun fyrir starfsfólk og þjónustuþega. Í kjölfarið er ráðgjöf í meiri mæli en áður á rafrænu formi.

Miðstöð skólaþróunar veitir leik- og grunnskólum sérfræðjþjónustu

Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð, Langanesbyggð, Þingeyjarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Hvalfjarðarsveit hafa gert samninga við MSHA um skólaþjónustu, rannsóknir og úttektir á skólastarfi. Einnig gera sveitarfélög og skólar víðs vegar um landið tímabundna samninga við MSHA um ýmis skólaþróunarverkefni. Í starfi MSHA á vettvangi skólastarfs er lögð áhersla á fræðslu, ráðgjöf, samræðu, samvinnu og ígrundun.

Sérfræðingar MSHA, frá vinstri: Sigríður Ingadóttir, Jenný Gunnbjörnsdóttir, Íris Hrönn Kristinsdóttir og Andrea Sigrún Rafnsdóttir.



MIÐSTÖÐ SKÓLAPRÓUNAR HA – MSHA



MSHA er aðili að Menntafléttunni annað árið í röð fyrir hönd háskólans. Það er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands. Mennta- og barnamálaráðuneytið styrkir verkefnið.

Árið 2022 störfuðu fimm sérfræðingar hjá MSHA í jafnmörgum stöðugildum. Þar af er hálf stöðugildi vegna vinnu við Menntafléttuna. Einn sérfræðingur MSHA er staðsettur á höfuðborgarsvæðinu og sinnir flestum verkefnum þar.

Forstöðumaður er Gunnar Gíslason.

Eftirfarandi eru helstu skólaþróunarverkefni og námskeið árið 2022 og fjöldi þátttakenda í þeim það ár

Drengir og læsi

Þróunarverkefni til að efla læsi hjá drengjum og öðrum nemendum á grunnskólastigi.

Þátttakendur voru 25 talsins, að mestu leyti kennarar á miðstigi Glerárskóla og Naustaskóla á Akureyri.

Læsi fyrir lífið, Naustaskóli

Verkefnið miðar að því að efla læsinnám á mið- og efsta stigi. Kennarar ræða saman um reynslu sína og upplifun af breyttum kennsluháttum. Einnig fylgjast þeir með þátttöku og framlagi nemenda í kennslustundum. Þátttakendur voru sjö kennarar á miðstigi.

Leikskólinn lðavöllur, Lærum saman, lærdómssamfélag í leikskóla

Efling sameiginlegrar þekkingarleitar starfsfólks og barna. Lærdómssamfélag með hugmyndafræði Reggio Emilia og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Þátttakendur voru um 30 starfsmenn leikskólans.

Mannkostamenntun

Byggt er á hagnýtri siðfræði og þeirri hugmynd að með auknum siðferðisþroska nemenda og vitneskju þeirra um dyggðir sé lagður grunnur að farsælu lífi.

Skólaárið 2021–2022 prófuðu fjórir kennarar í Fjölbrotaskóla Suðurnesja námsefni sem sérfræðingar MSHA hafa þýtt og staðfært. Kennsluefnið er frá Jubilee Center við University of Birmingham í Englandi. Undirbúningur námskeiða fyrir kennara er hafinn.

Sprotasjóður styrkti ofantalin fjögur verkefni.

Haldið var námskeið um hugmyndafræði mannkostamenntunar fyrir framhaldsskólakennara á Suðurnesjum

Þátttakendur voru 40 talsins.

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara styrkti námskeiðið.

Hautdagur grunnskóla Akureyrarbæjar, Dalvíkurbyggðar og Svalbarðsstrandarhrepps

Þann 12. ágúst var efnt til námskeiðsdags í húsakynnum Háskólans á Akureyri. Boðin voru fjölbreytt starfsþróunarnámskeið. Þátttakendur voru 449 talsins.

Haustnámskeið og rafrænar smiðjur í Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er samvirk aðferð í læsiskennslu, þróuð af sérfræðingum MSHA.

Þátttakendur á námskeiðum um Byrjendalæsi, í rafrænum smiðjum og á leiðtogafundi voru samtals 652 talsins.

Læsi fyrir lífið

Þróunarverkefni til að efla læsiskennslu á mið- og unglíngastigi. Unnið er með læsi þvert á námsgreinar með ýmsum aðferðum; gagnvirkum lestri, hugtakagreiningu, ritunarramma og samræðum. Kennarar í Grunnskóla Grindavíkur og Stapaskóla í Reykjanesbæ tóku þátt.

Leiðsagnarnám


Þróunarstarf á vettvangi. Nemendur ígrunda nám sitt með kennurum til að nálgast eigin markmið og ákveða næstu skref. Í leiðsagnarnámi felst sjálfsskoðun nemenda og kennara og hvatning til að bæta náms- og kennsluhætti.

MSHA þjónustar grunnskóla í Múlabingi, Verkmenntaskóla Austurlands og Tónlistarskóla Eyjafjarðar.

Teymisvinna – teymiskennsla

Markmiðið er að innleiða vinnubrögð lærdómssamfélagsins. Verkefnið er skipulagt til þriggja ára.

Átta leikskólar og 16 grunnskólar víðs vegar á landinu tóku þátt. Alls voru 130 kennarar skráðir sem leiðtogar í verkefnið.



MIÐSTÖÐ SKÓLAPRÓUNAR HA – MSHA



Bekkjarfundir

Hagnýtt námskeið fyrir kennara. Þeir fá leiðsögn við að skipuleggja gagnlega bekkjarfundi og festa þá í sessi í reglulegu skólastarfi. Í kjölfar námskeiðsins geta skólar fengið frekari stuðning og eftirfylgd.

Sex grunnskólar sunnanlands tóku þátt, samtals voru það um 50 þátttakendur.

Krakkaspjall

Hagnýtt samskipta- og samræðuverkefni fyrir kennara á yngsta- og miðstigi grunnskóla. Meginmarkmiðið er að nemendur þjálfist í því að taka þátt í samræðum og byggja undir hæfni sína sem nýtist í daglegum samskiptum.

Námskeið var haldið í febrúar og þátttakendur voru átta.

Félagaspjall

Samsvarandi námskeið og Krakkaspjall, en ætlað kennurum á miðstigi. Námskeiðið er frá The Jubilee Center við University of Birmingham í Bretlandi.

Þátttakendur voru 13 talsins, frá grunnskólum Akureyrarbæjar og Dalvíkurskóla.

Unglingaspjall

Samskiptaverkefni fyrir kennara á unglingastigi, sambærilegt við Krakkaspjall. Nemendur setja sér markmið og vinna að þeim. Hópurinn setur sér samskipta- og samræðuviðmið í upphafi.

Vefnámskeið var haldið í september og voru þátttakendur tíu.

Samskipti stúlkna – leið til lausna

Verkefni ætlað kennurum á mið- og unglingastigi sem miðar að því að fyrirbyggja erfið samskipti milli stúlkna og að vinna úr samskiptavanda sem er fyrir hendi. Stúlkur fá tækifæri til að ræða um félagsleg skilaboð sem beinast að ungum konum, um mikilvægi félagstengsla og sjálfsvirðingar, og um félagslega samkennd.

Námsefnið byggir á hugmyndum bandarísku sérfræðinganna Julaine Field, Jered Kolbert, Laura Crothers og Tammy Hughes. Vefnámskeið var haldið í janúar og nóvember með 30 þátttakendum.

Snjallvagninn

Snjallvagninn hvetur kennara til að nýta tækni í þágu skólastarfs. Þeir kynnast nýjustu kennslugögnum í upplýsingatækni og miðlun. Verkefnið hentar kennurum um land allt og gagnast öllum skólastigum.

Á síðari hluta árs voru haldnar kynningar og vinnustofur. Þátttakendur voru um 100 talsins.

Orðaleikur

Námsefni fyrir leikskólabörn af erlendum uppruna sem læra íslensku sem annað mál. Miðað er að því að börn læri grunnorðforða í íslensku sem síðan má byggja á. Boðin eru námskeið á vef og í skólum.

Haustið 2022 var haldið námskeið fyrir alla leikskóla í Skagafirði. Þátttakendur voru um 100.



MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR HA – MSHA



Samræðufélagar/Talking Partners

Ætlað kennurum til að vinna markvisst með samræðu og tjáningu nemenda sem hafa íslensku sem annað mál. Verkefnið er í samvinnu MSHA og Kennaradeildar. Náms efni er frá Education That Works í Englandi. Í ágúst var haldið námskeið og voru þátttakendur tíu kennarar úr Eyjafirði. Þeir njóta síðan handleiðslu við innleiðingu aðferðarinnar.

Talaðu við mig! Gæðamálörvun í leikskóla

Markmiðið er að styrkja leiðtoga í leikskólastarfi til að leiða hóp samkennara og samstarfsfólks í námssamfélagi. Leiðtogar fá hagnýt verkfæri til að vinna með og efla málþroska barna. Þátttakendur voru 18 talsins.

Vísindasmiðjur með yngstu börnum leikskólans

Námskeið til að styrkja leiðtoga í leikskólastarfi til að leiða hóp samkennara og samstarfsfólks í námssamfélagi. Vísindasmiðjur með leikskólabörnum yngri en þriggja ára. Forvitni og rannsóknargleði barna er höfð í forgrunni. Þátttakendur voru 26.

Málörvun með sögum og söng

Markmið námskeiðsins er að efla málþroska barna í leikskólanum í gegnum sögur og söng. Leikurinn er í brennidepli í samverustundum úti og inni. Viðfangsefni eru löguð að aldri barnanna. Þátttakendur voru 58 talsins.

Lestrarsamfélagið: Áhugahvöt og yndislestur

Markmiðið er að styrkja leiðtoga við að leiða hóp samkennara í því að efla námssamfélag um lestur. Leitast er við að

kennarar fái hugmyndir að því hvernig gera má lestur sýnilegr og eftirsóknarverðari. Þátttakendur voru rúmlega 100 talsins.

Málið okkar allra: Nemendamiðuð málfræðikennsla

Námskeið til að styrkja kennara í að gera nemendur að ábyrgum málnotendum sem vilja nota tungumálið sem mest í daglegu lífi. Hugmyndafræði lýsandi málfræði er höfð að leiðarljósi samhliða forskriftarmálfræði. Þátttakendur voru 18.

Fjölbreytileiki og farsæld í skólastarfi

Markmið námskeiðsins er að auka skilning á mismunandi taugaproska nemenda og hvernig hægt er að stuðla að nemendamiðuðri nálgun í skólastarfi. Einnig að greina hvenær þörf fyrir aðlögun og stuðning er vegna sérstakra þarfa einstaklings, og hvenær þörfin stafar af kerfislægum hindrunum. Þátttakendur voru 53.

Bókmenntir, samþætting og skapandi skil

Markmið námskeiðsins er að bókmenntir séu notaðar í kennslu á innihaldsríkan og skapandi hátt. Áhersla er á fjölbreyttar leiðir til tjáningar, nýtingu tækni til náms, samræðu nemenda og val um aðferðir við skapandi skil. Þátttakendur voru 40.

Sérfræðingar Miðstöðvar skólapróunar sinna kennslu í ýmsum námskeiðum við Kennaradeild HA.

Árið 2022 hafði MSHA umsjón með eftirtöldum námskeiðum:
Kennsla, námsumhverfi og námsefni
Leikskólinn og foreldrar
Námskrár og áætlanagerð
Grunnskólakennarinn
Uppbygging og þróun lærdómssamfélags
Mál- og lestrarerfiðleikar.


Miðstöð skólapróunar stendur fyrir ráðstefnum.

Í september var haldin námstefna í Byrjendalæsi í húskynnum HA. Aðalfyrirlesarar voru Ross Young, starfsþróunarráðgjafi, rannsakandi og höfundur námsefnis, Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir sérkennari og Ævar Þór Benediktsson, rithöfundur og leikari. Þátttakendur voru 169 talsins.

Ráðstefnan *Læsi fyrir lífið* var einnig haldin í september. Hún var á vegum Menntamálastofnunar og MSHA. Aðalfyrirlesarar voru Vilhjálmur B. Bragason, leikari og leikskáld, Ross Young og Kristín Ragna Gunnarsdóttir, myndlistarkona, rithöfundur og ritstjóri. Þátttakendur voru 297.

Nánar má lesa um starfsemi MSHA á vef:

<https://www.msha.is/is>





VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Meginmarkmið Viðskipta- og raunvísindasviðs er að bjóða upp á öflugt háskólanám á grunn-, meistara- og doktorsstigi og standa fyrir rannsóknum á sviðum viðskipta- og raunvísinda með áherslu á rannsóknir á náttúruauðlindum, nýtingu og rekstur þeirra, svo og rannsóknir á íslensku atvinnulífi og í þágu þess.

Námsframboð Viðskipta- og raunvísindasviðs inniheldur námslínur sem ekki er að finna við aðra háskóla hér á landi. Þar má nefna sérhæft nám í líftækni og sjávarútvegsfræðum á BS-stigi, og nám til MS-gráðu í auðlindafræðum á sömu sviðum.

Viðskiptafræðingar með sjávarútvegsfræði sem auka-grein hljóta menntun sem meðal annars nýtist vel til starfa í sjávarútvegsgreinum

Enn fremur nám til MRM-gráðu í haf- og strandsvæðastjórnun sem fer fram við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði.

Hægt er að stunda doktorsnám við Viðskipta- og raunvísindasvið á sviðum líftækni, sjávarútvegs- og fiskeldisfræði og viðskiptafræði. Gert er ráð fyrir að doktorsverkefni verði að jafnaði þverfræðileg og unnin í nánun samstarfi deilda innan sviðsins sem og í samstarfi við önnur fræðasvið háskólans og innlenda jafnt sem erlenda háskóla, stofnanir og fyrirtæki.

Gott samstarf er um rannsóknir og kennslu við fyrirtæki í íslensku atvinnulífi og gefur það námi á sviðinu hagnýta vídd. Kennarar stunda öflugar rannsóknir í alþjóðlegu samhengi og í samstarfi við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir og fyrirtæki, meðal annars undir merkjum Erasmus, Nordplus (Nobanet, EkoTekNord), COST og ESPON. Það styrkir verulega grundvöll rannsóknartengds meistaranáms og doktorsnáms við fræðasviðið.

Annað

Frá árinu 2018 hefur verið unnið að þróun nýrra námskeiða á meistarastigi við báðar deildir fræðasviðsins. Áherslan er á öflugt, þverfaglegt meistaranám sem sniðið er að þörfum hvers og eins, og að námskeið gangi þvert á fræðasvið.

Ný námsbraut í meistaranámi í sjávarútvegsfræði var ekki kennd veturinn 2021 – 2022 eins og áætlað var, en bætt var við framhaldsnámskeiði í sjávarútvegsfræði. Nemendur frá Háskóla Íslands og Háskólasetri Vestfjarða sóttu þessi námskeið ásamt stúdentum í HA og komu þeir víða að úr heiminum.

Árið 2022 var unnið áfram að markvissri endurnýjun og upp-færslu tækja og búnaðar á rannsóknarstofum Auðlindadeildar, sem orðið var mjög aðkallandi þar eð lítið svigrúm hefur verið til þess undanfarin ár.

Einnig var fylgt eftir stefnumótun fyrir sviðið og deildir þess sem unnin var á árinu 2017 sem hluti undirbúnings fyrir stefnu Háskólans á Akureyri 2018 – 2023.

Skipting í deildir

Viðskipta- og raunvísindasvið skiptist í tvær deildir, Auðlindadeild og Viðskiptadeild.

Nám í tölvunarfræði fer einnig fram á Viðskipta- og raunvísindasviði í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Frá sviðinu brautskrást enn fremur stúdentar með meistargráðu í

haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða.

Doktorsnám við Viðskipta- og raunvísindasvið

Tveir doktorsnemar starfa að rannsóknum sínum við Viðskipta- og raunvísindasvið.

Natalia Ramírez innritaðist í ágúst 2020 og vinnur að rannsóknum á plöntusýklinum *Pseudomonas syringae* undir leiðsögn Odds Þórs Vilhelmssonar prófessors og Auðar Sigurbjörnsdóttur dósents. Þetta er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri, Náttúrufræðistofnunar Íslands, University of Birmingham, Englandi, og frönsku umhverfisrannsóknarstofnunarinnar INRAE.

Theodore Squires innritaðist í ágúst 2021 og vinnur hann að rannsóknum á erfðamengi rjúpu undir leiðsögn Kristins P. Magnússonar prófessors. Samstarfsaðilar eru Háskólinn á Akureyri, Náttúrufræðistofnun Íslands, Uppsala Universitet, Svíþjóð, og Boise State University, Bandaríkjunum.

Sérfræðingar Viðskipta- og raunvísindasviðs leiðbeina einnig doktorsnemum við aðra háskóla.

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Skiptinám

Erlendir skiptinemar til sviðsins voru 31 talsins, frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku, Frakklandi, Ítalíu, Póllandi, Spáni, Slóvakíu, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi. Aðeins tveir stúdentar fóru utan í skiptinám á vegum Erasmus+ og var það til Frakklands og Danmerkur. Frá Háskólasetri Vestfjarða fóru sex stúdentar í skiptinám eða verknam, til Grænlands, Finnlands, Noregs og Svalbarða. Dræm þátttaka stúdenta frá HA í skiptinámi orsakast að einhverju leyti af Covid-19 faraldrinum og standa vonir til þess að skiptinám færast í eðlileg horf á næstu árum.

Starfsfólk

Fastir kennarar viðskipta- og raunvísindasviðs voru 29 í rúmlega 24 stöðugildum, að meðtalinni prófessorsstöðu sem sviðið deilir með Náttúrufræðistofnun Íslands. Meðal kennara sviðsins eru níu prófessorar. Til viðbótar kemur staða forstöðumanns Sjávarútvegsmiðstöðvar HA og staða tveggja verkefnastjóra náms í tölvunarfræði. Á sviðsskrifstofu starfa skrifstofustjóri og verkefnastjóri.

Stjórnýsla fræðasviðs

Stjórnskipulagi Viðskipta- og raunvísindasviðs er lýst í reglum nr. 864/2009 með síðari breytingum. Frá og með 1. júlí voru Viðskipta- og raunvísindasvið og Heilbrigðisvísindasvið sameinuð í Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið. Stjórnskipulagi nýja fræðasviðsins er lýst í reglum nr. 820/2022 fyrir Háskólann á Akureyri.

AUÐLINDAEILD

Innan Auðlindadeildar eru tvær námsbrautir, Líftæknibraut og Sjávarútvegsfræðibraut. Lögð er áhersla á að auka þekkingu á auðlindum norðurlöða í víðum og þverfaglegum skilningi. Í starfi deildarinnar fara saman nám og rannsóknir í líftækni, sjávarútvegsfræði og öðrum náttúruvísindum samhliða áherslum á hagfræði, viðskiptafræði og stjórnun. Slík menntun er forsenda góðrar auðlindastjórnunar og styður sjálfbæra nýtingu auðlinda til verðmætasköpunar. Starfsemi deildarinnar var svipuð og undanfarin ár.

Í Auðlindadeild er boðið þriggja ára 180 ECTS-eininga nám til BS-gráðu í sjávarútvegsfræði og í líftækni. Einnig gátu stúdentar lokið 240 eininga námsgráðu í sjávarútvegs- og viðskiptafræðum og brautskráðst með tvöfalda BS-gráðu, sem lengir námstímann um að lágmarki eitt ár.

Þá er einnig boðið þriggja ára nám til BS-gráðu í viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði, í samstarfi við Viðskiptadeild.

Á framhaldsstigi er boðið 120 eininga einstaklingsmiðað, rannsóknartengt nám til MS-gráðu í auðlindafræðum með áherslu á annað hvort líftækni eða sjávarútvegsfræði.

Námið er skipulagt til tveggja ára og geta meistaraverkefningin verið ýmist 60 eða 90 einingar. Námskeið eru tekin að hluta til við HA og að hluta til við aðra háskóla hér á landi eða erlendis. Tíu einingar hið minnsta af námskeiðshluta meistaranáms skulu vera námskeið í rannsóknaraðferðum. Stúdentar geta valið að taka lesnámskeið í samráði við aðalleiðbeinanda sinn og að fengnu samþykki meistaranámsnefndar.

Meistaranámsnefnd Viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að námskrá standist ítrustu gæðakröfur.

Stúdentar sem brautskrást með MS-gráðu í sjávarútvegsfræði í framhaldi af BS-gráðu í sömu grein bera starfsheitið sjávarútvegsfræðingur.

Auðlindadeild býður einnig nám í haf- og strandsvæðastjórnun til MRM-gráðu, *Master of Resource Management*, í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða. Um er að ræða 120 eininga meistaranám. Þá er líka boðið 90 eininga diplómanám í sjávarfengdri nýsköpun á meistarastigi.

Við Háskólasetur Vestfjarða er enn fremur 120 eininga meistaranám í sjávarbyggðafræði til MA-gráðu, í samstarfi við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.

Líftæknibraut

Markmið námsins er að veita stúdentum góðan þekkingargrunn til að starfa í líftækniyrirtækjum og tengdum greinum og breiðan grunn til frekara náms. Nám í líftækni er samsett af námskeiðum á sviði náttúruvísinda og raunvísinda með áherslu á annars vegar auðlindalíftækni og hins vegar heilbrigðislíftækni. Lögð er rík áhersla á að kynna stúdentum líftækniáhrif aðferðir til nýtingar auðlinda með nýstárlegum hætti og að koma afurðum slíkrar þróunar á markað. Meðal sérsviða líftækinnar sem nemendur kynnast í námi sínu má nefna:

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

- rannsóknir og framleiðslu á lífvirkum efnum, t.d. í lyfjaframleiðslu, sem aukefni í matvælum, o.fl.
- líftæknilega þætti fiskeldis hvað varðar heilbrigði og næringu/fóður
- niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkuríkra efna
- lífhreinsun spilliefna í náttúrunni, líftæknilega förgun úrgangsefna og aðra umhverfislíftækni
- grunnrannsóknir á erfðaauðlindum íslenskrar náttúru.

Af sérnámskeiðum á sviði líftækni má nefna erfðafræði og sameindaerfðafræði, líftækni, lífefnafræði, ónæmisfræði, líftæknilega örverufræði, matvælafræði, lífupplýsingatækni og gæðaframleiðsluferla.

Sjávarútvegsfræðibraut

Markmið námsins er að veita stúdentum góðan þekkingargrunn til að starfa í sjávarútvegi og tengdum greinum og grunn til frekara náms. Námið veitir þverfaglega þekkingu sem nýtist sérstaklega vel til stjórnunarstarfa í ýmsum greinum sjávarútvegs og annarra framleiðslugreina, svo sem við veiðar, vinnslu og markaðssetningu sjávarafurða. Kennend eru undirstöðunámskeið raun- og viðskiptagreina. Í sérnámskeiðum sjávarútvegsfræði er fjallað um vistkerfi sjávar og um veiðar og vinnslu sjávarafurða. Rík áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki og stofnanir sem vinna við sjávarútveg og stoðgreinar hans, ekki síst í tengslum við lokaverkefni stúdenta.

VIÐSKIPTADEILD

Viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri er fræðilegt og hagnýtt nám þar sem stúdentar öðlast þekkingu á grunnatriðum viðskiptafræða og eru þjálfaðir í faglegum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun, sem gerir þá hæfa til að beita viðurkenndum aðferðum við ákvarðanatöku, stjórnun og stefnumótun. Samhliða því eru stúdentar æfdir í fræðilegum vinnubrögðum sem nýtast í framhaldsnámi og starfi. Í grunnnáminu öðlast stúdentar góða grunnþekkingu á viðskiptafræði.

Starfsemi deildarinnar var með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Nám til BS-gráðu í viðskiptafræði er 180 ECTS-einingar, skipulagt til þriggja ára. Þrjár námsleiðir voru í boði:

- stjórnun og markaðsfræði
- stjórnun og fjármál

- viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði í samstarfi við Auðlindadeild

Stúdentar gátu einnig lokið tvöfaldri námsgráðu í sjávarútvegs- og viðskiptafræðum til BS-gráðu, eins og áður hefur komið fram.

Stjórnun og markaðsfræði

Lögð er áhersla á að mennta fólk til stjórnunar- og markaðsstarfa. Fjallað er um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun og stefnumótun. Einnig um auglýsinga- og kynningarmál, þjónustumarkaðsfræði, neytendahegðun, almannatengsl og markaðsrannsóknir. Farið er yfir aðferðir til markaðsgreiningar sem og gerð markaðs- og kynningaráætlana, þjónustumælinga og almannatengslaherferða. Að auki eru kennd námskeið í vörubrúun og áætlanagerð.

Stjórnun og fjármál

Lögð er áhersla á að mennta fólk til almennra stjórnunarstarfa í fyrirtækjum og til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármálafyrirtækjum. Meðal annars er fjallað um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun, stefnumótun, hagnýta stærðfræði, hagrannsóknir og þjóðhagfræði. Einnig er fjallað ítarlega um fjármálastjórnun, áhættustýringu og verðbréfalögfræði.

Viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði

Námið samanstendur af þverfaglegum grunni viðskiptagreina og sérnámskeiða í sjávarútvegsfræði. Áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki og stofnanir í sjávarútvegi og stoðgreinum hans. Viðskiptafræðingar með sjávarútvegsfræði sem aukagrein hljóta menntun sem meðal annars nýtist vel til starfa í sjávarútvegsgreinum.

Meistaránám í viðskiptafræði til MS-gráðu er ýmist 90 eða 120 ECTS-einingar. Námið er einstaklingsmiðað, rannsóknartengt og skipulagt til tveggja ára. Nemandi fylgir eigin námskrá sem sniðin er að þörfum hans og rannsóknarverkefninu. Meistaránámsnefnd Viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að námskrá standist ítrustu gæðakröfur.

Til 90 eininga gráðu eru 60 einingar í námskeiðum og 30 eininga meistaraverkefni. Til 120 eininga gráðu eru 60 einingar í námskeiðum og 60 í meistaraverkefni. Tíu einingar hið minnsta

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

af námskeiðshluta meistaranáms skulu vera námskeið í rannsóknaraðferðum. Önnur námskeið tekur nemandi við HA eða samstarfsháskóla, erlenda eða innlenda. Einnig er mögulegt að nemandi taki lesnámskeið í samráði við aðalleiðbeinanda sinn og að fengnu samþykki meistaranámsnefndar sviðsins.

RANNSÓKNIR

Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri starfar í nánum tengslum við Viðskipta- og raunvísindasvið.

Starfsfólk fræðasviðsins tekur þátt í formlegu samstarfi um Sjávarútvegsskóla GRÓ (GRÓ – Fisheries Training Programme, GRÓ-FTP) með því að leiðbeina nemendum og halda námskeið við HA. GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu rekur sjávarútvegsskólann undir UNESCO og Utanríkisráðuneytinu.

Árið 2022 var unnið að mörgum rannsóknarverkefnum tengdum sjávarútvegi innan Auðlindadeildar. Sérfræðingar deildarinnar stunduðu rannsóknir á hafstraumum á norðurslóðum, á áhrifum plastmengunar í hafinu, á áhrifum fiskveiðistjórnunar og umhverfis á fiskistofna, á þróun auðlindarentu og þróun uppsjávarfiskiðnaðarins.

Einnig voru stundaðar rannsóknir í sjávarlíftækni sem tengja saman námsbrautirnar tvær í Auðlindadeild, líftækni og sjávarútvegsfræði.

Kennarar Auðlindadeildar stunda einnig rannsóknir í öðrum geirum líftækni, svo sem umhverfislíftækni, visterfðafræði, efnasmíðalíftækni og heilbrigðislíftækni.

Rannsóknarverkefni í Viðskiptadeild eru einnig mörg og fjölbreytt. Kennarar deildarinnar stunda til að mynda rannsóknir á alþjóðafjámálum, fjölskyldufyrirtækjum, fasteignamarkaði, byggðamálum, sjálfbærni og á sveitastjórnarmálum, sem og á heilsu, líðan og starfstengdum viðhorfum á vinnustað. Tengsl milli Auðlindadeildar og Viðskiptadeildar eru til dæmis við rannsóknir á auðlindarentu..

Samstarf var um nám og rannsóknir við fjölda fyrirtækja og rannsóknarstofnana hérlendis. Má þar telja Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknastofnun og Fiskistofu. Ennfremur var virkt samstarf við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólann á Hólum og Háskóla-setur Vestfjarða.

Þá var samstarf við ýmsa erlenda skóla, til dæmis Universitetet i Bergen, University of Birmingham í Englandi og Woods Hole Oceanographic Institution í Bandaríkjunum. Einnig við fjölda fyrirtækja, til dæmis Samherja hf., Norðurorku hf., Landsvirkjun, MýSköpun ehf., BioPol ehf., Matís ohf., HempPack ehf., Marea ehf., Arctic Therapeutics og fleiri.

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

NÝ RANNSÓKNARVERKEFNI 2022

Rannsóknaráhersla/svið	Heiti verkefnis	Tengiliður
Visterðamengjafræði	<i>Erfðamengi birkisins og erfðaupplag Íslenskra birkiskóga</i>	Kristinn Pétur Magnússon
Visterðamengjafræði	<i>Erfðamengjafræði rjúpunnar</i>	Kristinn Pétur Magnússon
Sjávarlíftækni	<i>PROFIUS – Preservation of underutilized fish biomasses for improved quality, stability and utilization</i>	Hjörleifur Einarsson
Sjávarlíftækni	<i>SAFE – Sustainable aquaculture feed based on novel biomass from wood by-products</i>	Hjörleifur Einarsson
Líftækni	<i>PurpleGain – COST-samstarfsnet</i>	Oddur Þór Vilhelmsson og Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir
Líftækni	<i>Nord Plast</i>	Sean Scully
Líftækni	<i>INCITE: Icelandic bioplastic from hemp</i>	Sean Scully
Viðskiptafræði	<i>Margur er knár þó hann sé smár</i>	Vífill Karlsson
Viðskiptafræði	<i>Innflytjendur og staða þeirra á vinnumarkaði í Covid-kreppu</i>	Vífill Karlsson



TÖLVUNARFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Við Háskólanum á Akureyri er boðið nám í tölvunarfræði í samstarfi við Háskólanum í Reykjavík – HR. Háskólinn í Reykjavík ber ábyrgð á náminu og brautskrást stúdentar þaðan.

Nám og námsmat fer fram í Háskólanum á Akureyri. Námið er með sveigjanlegu formi og stúdentar mæta vikulega í verkefnatíma í HA. Háskólinn á Akureyri leggur til vinnuáðstöðu, leiðsögn með náminu og kennslu í verkefnatímum.

Árið 2022 fóru dæmatímar aðallega fram á staðnum en einhverjir voru þó rafrænar.

Um er að ræða nám í tölvunarfræði til BSc-gráðu og eru þrjár námslínur:

- tölvunarfræði – almenn, 180 ECTS-einingar. Námið er skipulagt til þriggja ára.
- tölvunarfræði með viðskiptafræði sem aukagrein, 180 einingar. Námið er skipulagt til þriggja ára. Það skiptist í 120 einingar í tölvunarfræði og 60 einingar í viðskiptagreinum. Viðskiptanámskeiðin voru tekin við Viðskipta- og raunvísindasvið HA, nú við Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið.
- tölvunarfræði – almenn, 120 einingar. Námið er skipulagt til tveggja ára. Skilyrði er að Háskólinn í Reykjavík hafi metið 60 einingar úr fyrra heildstæðu háskólanámi.

Einnig er boðið 120 ECTS-eininga diplómanám í tölvunarfræði sem skipulagt er til tveggja ára.

Stúdentar sem brautskrást með BSc-gráðu bera starfsheitið tölvunarfræðingur, en það er lögverndað.

Á vormisseri 2022 brautskráðust níu stúdentar með BSc-gráðu og einn með diplómagráðu. Á haustmisseri 2022 stunduðu um 50 stúdentar nám í tölvunarfræði og var það örlítil fækkun frá árinu áður.

Forritunarkeppni framhaldsskóla hefur verið haldin á Akureyri og í HR frá því að samstarf um tölvunarfræði hófst. Vorið 2022 var metþátttaka er tíu lið og tæplega 30 voru skráð til leiks. Keppt er í þremur deildum með mismunandi erfiðleikastig og komust þrjú lið við HA á verðlaunapall.

Verkefnastjóri tölvunarfræði í Háskólanum á Akureyri er Ólafur Jónsson.

TÖLVUNARFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI



MIÐSTÖÐ DOKTORSNÁMS OG STJÓRNSÝSLU RANNSÓKNA

Meginhlutverk Miðstöðvar doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna (hér eftir Miðstöðin) er að fara með málefni doktorsnáms við háskólann ásamt því að efla rannsóknir.

Miðstöðin heyrir undir skrifstofu rektors. Doktorsnámsráð hefur yfirumsjón með framkvæmd doktorsnáms, fylgir eftir settum viðmiðum og gæðakröfum um námið og er vettvangur fyrir umræðu og samráð. Ráðið er skipað sjö fulltrúum; fulltrúa rektors, sem er formaður, fjórum frá fræðasviðunum, og tveimur fulltrúum doktorsnema.

Verkefni Miðstöðvarinnar er fjórþætt:

- Vinna að málefnum doktorsnáms og starfa náíð með doktorsnámsráði að þróun og mótun doktorsnáms. Hafa gott samstarf um málefni doktorsnáms við fræðasvið, deildir og stjórnsýslu háskólans.
- Veita stuðning við rannsóknir og nýsköpun með það að markmiði að efla rannsóknir við HA.

- Hafa umsjón með innleiðingu og utanumhaldi á IRIS, miðlægu upplýsingakerfi fyrir rannsóknir. Nánar má lesa um starfsemi IRIS á bls. 50
- Fara með stjórnsýslu rannsókna. Helstu verkefni á því sviði snúa að vinnumati akademískra starfsmanna, utanumhaldi á framkvæmd grunnmats vegna framgangs í starfi, vinnu með dómnefnd að gerð dómnefndarálita, umsjón með rannsóknamissurum ásamt fleiru.

Á þeim tæpu fjórum árum sem liðin eru síðan reglur um um doktorsnám og doktorspróf við HA voru samþykktar hefur ýmislegt breyst og þróast varðandi doktorsnám við háskólann. Því var nauðsynlegt að fara í heildarendurskoðun á reglunum. Skipuð var nefnd sem vann verkefnið og skilaði af sér niðurstöðu til doktorsnámsráðs á vordögum. Nýjar reglur tóku gildi þann 1. júlí. Markmið endurskoðunar á reglunum var fyrst og fremst að skerpa á þeim kröfum sem gerðar eru í doktorsnámi við Háskólann á Akureyri ásamt því að skerpa á ábyrgðaraðild og hlutverkum þeirra sem koma að doktorsnámi við skólann.

Þau tímamót urðu hjá Háskólanum á Akureyri að þrjár fyrstu doktorsnemarnir við skólann luku doktorsprófi.

Fyrsta doktorsvörnin við Háskólann á Akureyri fór fram þann 11. október 2022 í hátíðarsal skólans. Þá varði **Karen Birna Þorvaldsdóttir** ritgerð sína í heilbrigðisvísindum: *Að skilja og mæla hindranir þess að leita sér hjálpar eftir áfall: Þróun á mælitæki með blönduðum aðferðum.*

Doktorsverkefnið var unnið undir leiðsögn Sigríðar Halldórsdóttur, prófessors við Heilbrigðisvísindasvið HA. Í doktorsnefnd voru, auk Sigríðar, Denise Saint Arnault, prófessor við University of Michigan í Bandaríkjunum, Rhonda M. Johnson, prófessor við University of Alaska, Anchorage, í Bandaríkjunum, og Sigrún Sigurðardóttir, dósent við Háskólann á Akureyri.

Andmælendur við vörnina voru Stefánía Ægisdóttir, prófessor í sálfræði við Ball State University í Bandaríkjunum og María Wemrell, dósent í lýðheilsuvísindum við Lunds Universitet í Svíþjóð.

Hulda Sædis Bryngeirsdóttir varði doktorsritgerð sína í heilbrigðisvísindum þann 4. nóvember. Doktorsverkefni Huldu Sædisar heitir *Leiðir kvenna til að eflast og vaxa eftir að hafa verið beittar ofbeldi í nánu sambandi: Með áherslu á hvetjandi og letjandi áhrifaþætti.*

Ritgerðin var unnið undir leiðsögn Sigríðar Halldórsdóttur, prófessors við Heilbrigðisvísindasvið HA. Auk Sigríðar voru í doktorsnefnd Denise Saint Arnault, prófessor við University of Michigan í Bandaríkjunum, og Rhonda M. Johnson, prófessor við University of Alaska, Anchorage, einnig í Bandaríkjunum.

Andmælendur voru Terese Bondas, prófessor í heilbrigðisvísindum við Universitetet i Stavanger, Noregi, og Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor í guðfræðilegri siðfræði við Hugvísindasvið Háskóla Íslands.

MIÐSTÖÐ DOKTORSNÁMS OG STJÓRNSÝSLU RANNSÓKNA



Frá vinstri; Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna, Maria Wemrell, Karen Birna Þorvaldsdóttir, Stefanía Ægisdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, rektor, og Kristján Þór Magnússon, forseti Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs.



Hulda Sædis Bryngeirsdóttir er önnur frá vinstri á myndinni.

MIÐSTÖÐ DOKTORSNÁMS OG STJÓRNSÝSLU RANNSÓKNA



Frá vinstri: Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Birgir Guðmundsson, forseti Hug- og félagsvísindasviðs, Lara Wilhelmine Hoffmann, Markus Meckl, Þórólfur Þórlindsson, Erika Hayfield, Stefán B. Sigurðsson, formaður doktorsnámsráðs, og Eyjólfur Guðmundsson.



Lara Wilhelmine Hoffmann varði doktorsritgerð sína þann 14. desember, þá fyrstu við Hug- og félagsvísindasvið. Doktorsverkefni hennar heitir *Aðlögun innflytjenda á Íslandi: Huglæggar vísbendingar um aðlögun innflytjenda á Íslandi byggðar á tungumáli, fjölmiðlanotkun og skapandi iðkun*.

Ritgerðin var unnin undir leiðsögn Markus Meckl, prófessors við Félagsvísindadeild HA. Í doktorsnefnd voru, auk hans, Þóroddur Bjarnason, prófessor við Félagsvísindadeild HA og Félagsvísindasvið HÍ, Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor við Félagsvísindadeild HÍ, og Yvonne Höller, prófessor við Sálfræðideild HA.

Andmælendur við vörnina voru Erika Hayfield, dósent við Sögu- og félagsvísindasvið Fróðskaparseturs Føroya, og Þórólfur Þórlindsson, prófessor emeritus við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

MIÐSTÖÐ DOKTORSNÁMS OG STJÓRNSÝSLU RANNSÓKNA

Einn doktorsnemi hóf nám í heilbrigðisvísindum á árinu. Við lok árs 2022 voru sex doktorsnemar skráðir við Háskólann á Akureyri, einn í félagsvísindum, þrír í heilbrigðisvísindum og tveir í auðlindavísindum.

Þann 1. júlí tóku gildi reglur nr. 694/2022 fyrir Háskólann á Akureyri. Háskólanum á Akureyri er skipt í tvo sjálfstæða skóla í skilningi laga um opinbera háskóla: Hug- og félagsvísindasvið og Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið.

Vegna skipulagsbreytinga og gildistöku nýrra reglna um doktorsnám og doktorspróf, var fulltrúum í doktorsnámsráði, tilnefndum af fræðasviðunum, fjölgað um einn. Hvort fræðasvið um sig tilnefnir tvo fulltrúa. Af þessu leiðir að við bættist einn fulltrúi Hug- og félagsvísindasviðs sem skipaður var í nóvember 2022 og tekur sæti í ráðinu í ársbyrjun 2023.

Doktorsnámsráð 2022 – 2024 er þannig skipað:

- Stefán B. Sigurðsson formaður ráðsins, fyrrverandi rektor, prófessor emeritus
- Helga Kristjánsdóttir prófessor, fulltrúi Heilbrigðis-, viðskipta-, og raunvísindasviðs, til vara Steingrímur Jónsson prófessor
- Rachael Lorna Johnstone prófessor, fulltrúi Hug- og félagsvísindasviðs, til vara Birna María Svanbjörnsdóttir dósent
- Sigfríður Inga Karlsdóttir prófessor, fulltrúi Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs, til vara Árún K. Sigurðardóttir prófessor
- Gordon Ramsay dósent, tilnefndur af Hug- og félagsvísindasviði. Varafulltrúi hans er Peter Shepherdson dósent
- Lara Wilhelmine Hoffman doktorsnemi, til vara Karen Birna Þorvaldsdóttir doktorsnemi
- Gréta Bergrún Jóhannesdóttir doktorsnemi, til vara Natalia Ramirez Carrera doktorsnemi

Forstöðumaður Miðstöðvarinnar situr einnig fundi doktorsnámsráðs.

Rannsóknadagar Miðstöðvarinnar

Miðstöðin hefur staðið fyrir árlegu rannsóknarþingi og árið 2022 var sett upp metnaðarfull dagskrá.

Rannsóknadagar Miðstöðvar doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna stóðu yfir dagana 3. – 13. október. Fræðasamfélaginu bauðst að kynna sér vaxandi rannsóknarstuðning sem Miðstöðin býður rannsakendum við háskólann, sem og að fá innsýn í spennandi rannsóknarverkefni og sérfræðipækkingu innan skólans.

Viðburðirnir voru öllum opnir og sérfræðingar á ýmsum sviðum rannsókna og rannsóknarstuðnings, innan og utan háskólans, voru með erindi og vinnustofur. Fyrirlesarar voru frá RANNÍS, Háskóla Íslands og Hagstofu Íslands, og úr hópi fræðafólks frá báðum fræðasviðum HA og starfsfólks frá mismunandi stoðeiningum, þar á meðal frá Bókasafni og upplýsingaþjónustu, Rannsóknamiðstöð HA og Miðstöð doktorsnáms.

Enn fremur tók Miðstöðin þátt í tilraunaverkefni RANNÍS, þar sem boðið var sérstakt námskeið ætlað leiðbeinendum doktorsnema.

Í lok árs voru fjögur stöðugildi við Miðstöðina. Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir er forstöðumaður. Sif Jónsdóttir er verkefnastjóri doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna, og Sigurbjörg Rún Jónsdóttir er verkefnastjóri IRIS – upplýsingakerfi um rannsóknir.

Adam Daniel Fishwick, rannsóknastjóri háskólans, hóf störf í apríl. Að auki er Stefán B. Sigurðsson, prófessor emeritus, formaður doktorsnámsráðs og starfar hann einnig sem ráðgjafi á Miðstöðinni.

IRIS RANNSÓKNARGÁTT

IRIS er rannsóknargátt við íslenska háskóla og rannsóknarstofnanir sem aðild eiga að kerfinu, ætlað rannsakendum, stofnunum, stjórnvöldum og almennungi.

IRIS rannsóknargátt er einn mikilvægasti burðarás rannsókna á Íslandi. IRIS hýsir á einum stað afrakstur rannsókna og rannsóknvirkni við íslenska háskóla og stofnanir. Samstarf háskóla, stofnana og fyrirtækja um nýtingu rannsóknarinnviða á sér góðan grundvöll í IRIS. Markmiðið með innleiðingu kerfis við alla háskóla og rannsóknastofnanir á Íslandi er að til verði heildstætt yfirlit yfir allar rannsóknir á Íslandi.

IRIS var formlega opnuð 15. júní 2022 eftir um tveggja ára undirbúning. Þá urðu þau tímamót í innleiðingunni að rannsakendum var afhent keflið og bera þeir nú ábyrgð á að gögn og efni sem þeir hafa gefið út, eða standa að, sé skráð eða tengt við IRIS.

Í rannsóknargáttinni eru 146 virkir rannsakendur við Háskólann á Akureyri sem samtals eiga skráðar um 2000 rannsóknar-afurðir.

Bókasafn og upplýsingaþjónusta HA hefur haft veg og vanda af skráningu á eldra efni rannsakennda við háskólann í IRIS.

Margt hefur áunnist en innleiðing og þróun IRIS heldur áfram næstu tvö til þrjú ár.

Vinnustofur í notkun IRIS voru haldnar seinni part ársins með ágætri þátttöku og í kjölfarið jókst virkni í kerfinu. Á vinnustofum gefst þátttakendum tækifæri til að kynna IRIS og möguleikum kerfisins, fræðast um skráningar og tengingar í ORCID (*Open*

Researcher and Contributor ID), og fá skilning á tengingum við mannauðskerfi HA og tengingu á milli annarra kerfa og/eða vefgátta. Vinnustofur verða áfram í boði í innleiðingarferlinu.

Með tilkomu IRIS verður meiri sjálfvirkni við gerð árlegs vinnuframtals akademísku starfsfólks.

Rannsóknarvirkni er metin samkvæmt Matskerfi opinberra rannsókna. Rannsakendur þurfa einungis að gæta þess að afurðir þeirra séu skráðar í IRIS en með því er tryggt að efni sem skráð er í A- og D-hluta matskerfisins fer sjálfkrafa í rannsóknarskýrslu framtalsins.

Gögn fyrir árið 2022 voru færð frá IRIS í framtalsskýrslur og má vænta þróunar og viðbóta fyrir framtal næsta árs.

Árið 2022 var unnið að rannsóknarsíðu á innri vef háskólans þar sem finna má upplýsingar og leiðbeiningar um IRIS. Samhliða þróun kerfisins eru reglur í undirbúningi og ávallt er unnið að uppfærslu á upplýsingum og leiðbeiningum, meðal annars í formi stuttra myndbanda.

IRIS rannsóknarkerfið heyrir undir Miðstöð doktorsnáms og rannsókna við HA. Sigurbjörg Rún Jónsdóttir, verkefnastjóri í miðlun rannsóknupplýsinga, hefur meginumsjón með verkefninu. Miðstöð doktorsnáms og Bókasafn og upplýsingaþjónusta HA, sem einnig tekur þátt í innleiðingu og þróun kerfisins, bera ábyrgð á gæðaeftirliti afurða og gagna.

IRIS er skammstöfun fyrir heitið *Icelandic Research Information System*. IRIS upplýsingakerfi er öllum aðgengilegt á vefslóðinni iris.ra.is.




FJÁRMÁL OG GREINING

Fjármál og greining annast helstu sameiginleg verkefni háskólans á sviði fjármála. Má þar nefna gerð fjárhagsáætlana til lengri og skemmri tíma, vinnslu bókhalds og launa, greiningu og vinnslu lykiltalna, miðlun fjárhagslegra og tölulegra upplýsinga og eftirlit, þ.m.t. vegna rannsóknarverkefna. Einnig ráðgjöf um fjárhagsleg málefni háskólans.

Á árinu 2022 var starfsemi Fjármála og greiningar með hefðbundnu sniði. Harpa Halldórsdóttir er forstöðumaður Fjármála og greiningar.


Eftirfarandi eru lykiltölur sem lúta að starfsfólki Háskólans á Akureyri

Fjöldi starfsfólks eftir kyni miðað við 1. desember ár hvert - án stundakennara




FJÁRMÁL OG GREINING

Akademískt starfsfólk og aðjúntar eftir starfsheitum miðað við 1. desember ár hvert



Menntunarstig akademísks starfsfólks og aðjúnta, aðjúntar, lektorar, dósentar og prófessorar



Fleiri lykiltölur eru aðgengilegar á vef háskólans.

MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Áhrif heimsfaraldurs undanfarin tvö ár á markaðs- og kynningarstarfsemi fóru dvínandi. Ekki var lengur nauðsynlegt að skipuleggja allar kynningar, brautskráningar og aðra viðburði með tilliti til samkomutakmarkana. Starfsfólk Markaðs- og kynningarmála skipuleggur reglulega viðburði í starfi háskólans; Háskólahátíð – brautskráningu, ársfund, nýnemadaga og fleiri, í samstarfi við aðrar einingar háskólans.

Fjallað er um Háskólahátíð – brautskráningu í sérstökum kafla í ársskýrslunni.

Námskynningar

Árlegur Háskóladagur var haldinn þann 26. febrúar, en þar fer fram kynning á námsframboði allra íslenskra háskóla. Til stóð að halda hann í Reykjavík. Vegna Covid-19 faraldursins var ákveðið að halda Háskóladaginn rafrænt eins og 2021.

Háskóladagurinn á Akureyri fór síðan fram í húsakynnum HA þann 19. mars. Þátttökuskólarnir voru, ásamt Háskólanum á Akureyri, Háskóli Íslands, Listaháskóli Íslands, Hólaskóli, Háskólinn á Bifröst og Landbúnaðarháskóli Íslands. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar, var viðstödd. Þetta var í fyrsta sinn sem skólarnir sameinuðust um kynningu námsframboðs utan Reykjavíkur. Kynningin fór síðan fram á fleiri stöðum. Samráðshópur allra háskólanna skipulagði Háskóladaginn.

Karen Jónsdóttir, brautskráð frá háskólanum og fyrrverandi kynningarfulltrúi Stúdentafélags HA – SHA, tók að sér kynningar í framhaldsskólum á vormisseri og heimsótti hún tíu skóla. Kynningarfulltrúar SHA hverju sinni taka virkan þátt í markaðs- og kynningarstarfi. Árið 2022 voru fulltrúar stúdentafélagsins Guðbjörg Helga Aðalsteinsdóttir, Alda Rut Sigurðardóttir, og síðan Lilja Margrét Óskarsdóttir.

Opnir dagar fyrir framhaldsskólanema fóru fram 27. og 28. október.

Stúdentar HA sáu um uppsetningu kynningarbása í húsnæði háskólans. Útbúið var stimpilkort handa gestum, til að hvetja þá til að kynna sér sem mest af náminu. Úr kortunum var síðan dregið nafn vinningshafa úr hverjum skóla. Að vanda var boðið upp á pizzur og gos fyrir alla.

Markaðs- og kynningarsvið bauð nærliggjandi háskólum á Opna daga, og einnig var boðið upp á rútu.

Auglýsingaefni

Á vormisseri voru tekin upp kynningarmyndbönd um allar námsleiðir í grunnnámi. Tekin voru viðtöl við stúdenta. Efnið var klippt innanhúss í samvinnu við Kennslumiðstöð HA og útkoman var mjög frambærilegt kynningarefni fyrir háskólann.

Myndatökur fyrir kynningar fóru fram eftir því sem við átti og áhersla er lögð á endurnýjun myndefnis. Meðal annars var hópur stúdenta fenginn til að sviðsetja kennslustundir og lærdóm, sem gaf góða útkomu.

Auglýsingaáætlun háskólans var unnin með birtingahúsinu EssenceMediaCom á Íslandi eins og áður. Almennar auglýsingar voru birtar á samfélagsmiðlum, í útvarpi og á strætisvagnaskýlum (billboard). Þar að auki voru kynningar á nokkrum námsleiðum á samfélagsmiðlum sérstaklega.

Háskólinn birti um 100 viðburði á Facebook, sem er mikil aukning milli ára. Samfélagsmiðlar reynast mjög vel fyrir almanna- tengsl. Þar er því komið á framfæri að háskólinn tekur virkan þátt í almennri umræðu í samfélaginu. Birting efnis á samfélagsmiðlum var í höndum Steinunnar Öldu Gunnarsdóttur.

Kynning á rannsóknnum

Í aðdraganda Vísindavöku Rannís, sem haldin var í Reykjavík í október, voru gerðar upptökur um rannsóknir við Háskólann á Akureyri. Nokkrir rannsakendur við skólann kynntu rannsóknir sínar í mjög stuttu máli í stöðluðu formi. Voru myndböndin sýnd á Vísindavöku og síðan birt á YouTube – rás háskólans og á rannsóknarsíðum á vef háskólans á íslensku og ensku.

Vísindafólkið okkar er mánaðarleg kynning í Vikublaðinu. Það er kynning á rannsakendum með persónulegu ívafi.

Ársfundur Háskólans á Akureyri var haldinn 25. maí.

Á dagskrá voru, auk hefðbundinna fundarstarfa, örkynningar á rannsóknnum þriggja starfsmanna við háskólann, þeir eru:

- Berglind Hólm Ragnarsdóttir, Hug- og félagsvísindasviði
- Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir, Viðskipta- og raunvísindasviði
- Margrét Hrönn Svavarsdóttir, Heilbrigðisvísindasviði.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ráðherra háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarmála, tók þátt í fundinum með myndbandsávarpi.

Rektor heiðraði starfsfólk sem lét af störfum vegna aldurs, og einnig fólk sem starfað hafði við háskólann í meira en 30 ár.

MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL



Gullnæla HA er veitt fólki sem lætur af störfum vegna aldurs.

Starfsfólk sem átti 30 ára starfsafmæli:

- Hjörleifur Einarsson prófessor
- Rannveig Björnsdóttir dósent
- Guðmundur Heiðar Frímansson prófessor
- Árun Kristín Sigurðardóttir prófessor
- Kristín Þórarinsdóttir dósent

Þau sem létu af störfum:

- Guðmundur Heiðar Frímansson prófessor
- Elín Margrét Hallgrímsdóttir, forstöðumaður Símenntunar
- María Guðnadóttir aðjúkt
- Stefán Sigurðsson lektor
- Agnes Eyfjörð, verkefnastjóri bókhalds

Fundarstjóri var Bragi Guðmundsson prófessor.

Upptöku af ársfundinum má nálgast hér: [Ársfundur Háskólans á Akureyri - YouTube](#)

Nýnemadagar fóru fram með hefðbundnu sniði dagana 22. – 26. ágúst. Fræðasviðin fá sérstakan kynningardag hvert og Stúdentafélag HA sá um að grilla fyrir nýnema í hádeginu. Nýnemum var boðið í ratleik um námssamfélagið og leiðin lá um allt háskólasvæðið.

Náms- og starfsráðgjafar stýrðu nýnemamóttökum og ratleiknum.

Afmælis Háskólans á Akureyri þann fimmta september var minnst með kappleikjum milli starfsfólks og stúdenta í Miðgarði á Sólborg. Vonir standa til þess að það verði að föstum viðburði.

Jólaboð rektors fór fram í hátíðarsal háskólans þann 15. desember með jólagluggi, smáréttaborði og jólagjöfum. Vilhjálmur B. Bragason var gestur í jólaboðinu.

NUAS – Nordic Association of University Administrators

Forstöðumaður Markaðs- og kynningarmála var skipaður í stjórn NUASKom-hópsins sem er vettvangur fyrir markaðs- og kynningarmál í háskólum á Norðurlöndunum. Forstöðumaður sótti ráðstefnu NUASKom Turku í Finnlandi í júní, og tók einnig þátt í undirbúningi fyrir hana.

Innan NUASKom er mikilvægt tengslanet fyrir markaðs- og kynningarstarf.

Mannauðsmál

Þær breytingar urðu að Pálmei Kamilla Pálmadóttir var ráðin í afleysingu fyrir Kristjönu Hákonardóttur vefstjóra og hóf hún störf í mars. Einnig starfaði Steinunn Alda Gunnarsdóttir í afleysingu á fyrri helmingi ársins, þar til Sólveig María Árnadóttir sneri aftur úr barneignarleyfi.

Katrín Árnadóttir var forstöðumaður Markaðs- og kynningarmála.

MIÐSTÖÐ ALÞJÓÐASAMSKIPTA

Undir Miðstöð alþjóðasamskipta heyrir hvers konar alþjóðamál við Háskólann á Akureyri, svo sem stúdenta-, kennara- og starfsmannaskipti, gerð samninga við erlendar menntastofnanir, og margvísleg önnur verkefni tengd norðurslóðum. Þar má nefna Rannsóknarþing Norðursins *NRF – Northern Research Forum*, og stöðu rannsóknarprófessors í norðurslóðaræðum, sem Miðstöð alþjóðasamskipta hefur umsjón með.

Covid-19 heimsfaraldurinn setti óhjákvæmilega svip á alþjóðleg samskipti framan af. Eftir því sem líða tók á árið dró úr áhrifum ferða- og samkomutakmarkana á starfseminu.

Skiptinám, kennaraskipti og starfsmannaskipti

Háskólinn á Akureyri tengist hátt í tvö hundruð samstarfsskólum í gegnum samninga og samstarfsnet fyrir stúdenta- og kennaraskipti. Samstarf þetta er unnið í gegnum eftirfarandi skiptiáætlanir: Erasmus+, Nordplus og North2North, og einnig tvíhliða samninga.

Ný áætlun Erasmus+ hófst að hausti 2021 og hafa spennandi nýjungar verið kynntar til sögunnar, til dæmis styttri námsdvöl sem kölluð er *blended intensive mobility*.

Á árinu 2022 voru 92 erlendir skiptinemar skráðir í Háskólann á Akureyri, bæði í venjulegt skiptinám og í verknám, en það er aukning um 11 nemendur á milli ára.

Komu þeir frá eftirtöldum löndum: Austurríki, Bandaríkjunum, Belgíu, Brelandi, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Grænlandi, Hollandi, Ítalíu, Japan, Lettlandi, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi, Úkraínu og Þýskalandi. Helsta skýringin á aukningu milli ára er sú að árið 2020 og 2021 var skiptinám með allra minnsta móti vegna heimsfaraldurs Covid-19.

Alls stunduðu 27 stúdentar frá Háskólanum á Akureyri skiptinám eða verknám í eftirtöldum löndum: Bandaríkjunum, Finnlandi, Frakklandi, Færeyjum, Danmörku, Grikklandi, Grænlandi, Ítalíu, Noregi, Svíþjóð, og Spáni.

Stúdentar og kennarar Háskólans á Akureyri tóku þátt í samstarfsverkefnum í formi örnámskeiða innan Nordplus- netsins, sem yfirleitt vara í um það bil viku.

Sem dæmi fóru nokkrir nemendur í lðjubjálfunarfræðideild á örnámskeið til Finnlands í nóvember, nemendur í viðskiptafræði fóru á Nordplus- örnámskeið til Svíþjóðar í apríl, og nemendahópur úr sjávarútvegsfræði og líftækni fór í námsferð til Noregs í nóvember.

Alls fóru þrettán úr hópi kennara og starfsfólks stoðþjónustu háskólans í Erasmus+ kennara- eða starfsmannaskipti. Það er aukning frá árunum á undan þegar heimsfaraldurinn setti mark sitt á alþjóðasamskipti. Að sama skapi jókst fjöldi erlendra gesta sem sóttu HA heim árið 2022 og er mjög ánægjulegt að sjá þann áhuga sem samstarfsskólar sýna háskólanum.

MIÐSTÖÐ ALÞJÓÐASAMSKIPTA


Unnið er að því að fjölga skiptinimum frá Háskólanum á Akureyri og meðal annars hafa verið haldnar sérstakar kynningar fyrir stúdenta sem hafa áhuga á að fara í skiptinám eða framhaldsnám í útlöndum.

Sem dæmi má nefna kynningar Fulbright-stofnunarinnar á Íslandi (Fulbright-styrkir), kynningar frá erlendum sendiráðum á Íslandi, kynningar frá RANNÍS á Evrópuverkefnum og kynningar á sumarnám-skeiðum og möguleikum til skiptináms.

Miðstöð alþjóðasamskipta tilheyrir Rektorsskrifstofu. Forstöðumaður Miðstöðvar alþjóðasamskipta er Rúnar Gunnarsson. Hildur Friðriksdóttir gegnir fullri stöðu verkefnastjóra frá og með janúar 2022.



Rúnar Gunnarsson



Hildur Friðriksdóttir

RANNSÓKNAPING NORÐURSINS

NRF – NORTHERN RESEARCH FORUM



Markmið Rannsóknarþings norðursins við Háskólann á Akureyri er að skapa vettvang fyrir umræður um málefni norðurslóða og auka samvinnu vísindamanna og hagsmunaaðila á norðurslóðum. Meðal helstu verkefna eru:

- Að styðja vísindafélaga NRF í verkefnum þeirra
- Að hafa umsjón með tvíhliða og marghliða samningum sem lúta að samstarfi um norðurslóðamálefni, þar á meðal vegna Nansen-prófessorstöðu við Háskólann á Akureyri
- Að veita vísindafélögum NRF stuðning til að taka þátt í starfi vinnuhópa Norðurskautsráðsins
- Að undirbúa styrkumsóknir
- Að styðja við þátttöku Háskólans á Akureyri í Hringborði norðurslóða, *Arctic Circle Assembly*
- Að styðja við þátttöku HA í Háskóla norðurslóða, *University of the Arctic*

Starfsemi NRF fellur undir Miðstöð alþjóðasamskipta við Háskólann á Akureyri. Rúnar Gunnarsson, forstöðumaður miðstöðvarinnar, er verkefnastjóri Rannsóknarþings norðursins.

NRF og formennska Íslands í Norðurskautsráðinu

Árið var viðburðaríkt þrátt fyrir heimsfaraldur í upphafi árs sem setti ýmislegt úr skorðum, svo að fresta varð eða aflýsa verkefnum. Rússland tók við formennsku af Íslandi í Norðurskautsráðinu. Ýmsir viðburðir voru skipulagðir í tengslum við Rússland, en féllu niður þegar innrás Rússa í Úkraínu hófst í febrúar.

Í formenskutíð Íslands 2019–2021 var gerður þjónustusamningur milli Háskólans á Akureyri og utanríkisráðuneytisins. Samningurinn kveður á um fjármögnun norðurslóðasamstarfs og sérfræðivinnu háskólasamfélagsins á Akureyri.

Eftirtalin eru nokkur verkefni NRF árið 2022:

- Opnuð var rafræn gátt fyrir rafrænar ráðstefnur og erindi um málefni norðurslóða, *Share Your North* <https://www.shareyournorth.is/>

Það var gert í samstarfi við Norðurslóðanet Íslands sem liður í stafrænni sókn til að efla þátttöku HA og annarra stofnana á Akureyri í alþjóðlegu samstarfi og samtali.

- Í upphafi árs tók HA á móti sendinefnd norska sendiráðsins til að ræða samstarf milli landanna og ekki síst Nansen-prófessorstöðuna.
- Gengið var frá ráðningu dr. Rasmus Gjedssø Bertelsen í starf Nansen-prófessors. Einnig var fenginn verkefnastjóri í hlutastarf sérstaklega fyrir Nansen-stöðuna. Federica Scarpa gegnir þeirri stöðu, en hún starfar einnig hjá Norðurslóðaneti Íslands og IASC – International Arctic Science Committee.
- NRF tók þátt í málstofu um framkvæmdaáætlun og stefnu Íslands í málefnum norðurslóða, sem haldin var á Akureyri í mars á vegum utanríkisráðuneytisins í samstarfi við Norðurslóðanet Íslands. Vinnuhópar voru skipaðir og niðurstöður þeirra voru kynntar í nóvember.
- Undirritaður var samningur á milli HA og Háskólans á Grænlandi, Ilisimatusarfik, um stuðning við þróun fjarkennslu á Grænlandi. Einnig var Ilisimatusarfik í Nuuk heimsótt. Þar fór fram í opinni málstofu kynning á HA og skiptinámsmöguleikum.
- Unnið var að ritun greinargerðar um norðurslóðastefnu Íslands og framkvæmd hennar síðustu tíu árin.
- Stuðningur við alþjóðlega verkefnið *Gender Equality in the Arctic* hélt áfram, og var einkum horft til þess að auka framlag fræðafólks frá HA. Norðurslóðanet Íslands stýrir verkefninu hérlendis.
- NRF tók þátt í ráðstefnunni *Arctic Circle Forum – Greenland* í ágúst og einnig í vinnustofum um rannsóknarsamstarf milli Íslands og Grænlands.
- Fyrsta málstofa nýs Nansen-prófessors var haldin í október og nefndist hún *The Barents Region and West Nordic Region during European War and East Asian Crisis*.
- Starfsmenn HA og NRF tóku þátt í *Arctic Circle Assembly* í Reykjavík í október 2022 með kynningarbás, þátttöku á málstofum og fundum.
- NRF tók þátt í móttöku sendinefndar Háskólans á Grænlandi til HA og kynningu á sveigjanlegu námi.

RANNSÓKNAPING NORÐURSINS NRF – NORTHERN RESEARCH FORUM



- NRF tók einnig þátt í ráðstefnunni *Rural inclusion in Erasmus+* í nóvember.
- NRF aðstoðaði stúdenta í gegnum North2North nemendaskiptaáætlunina.

Samstarf við SSNE – Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

NRF er samstarfsaðili í áhersluverkefni SSNE, *Norðurland og norðurlóðir*, fyrir hönd Háskólans á Akureyri. Verkefnið er leitt af Norðurlóðaneti Íslands. Sumarið 2021 voru tveir nemendur í sumarstörfum á vegum Norðurlóðanets Íslands og unnu þeir að því að kynna aðila sem koma að norðurlóðamálum á Akureyri. Verkefnið var framlengt til ársbyrjunar 2022.

Nansen-staðan við Háskólann á Akureyri, gestaprófessor í heimskautafraeðum

Dr. Rasmus Gjedssø Bertelsen tók við stöðu Nansen-prófessors í febrúar. Hann starfar jafnframt við Universitetet i Tromsø í Noregi sem prófessor í alþjóðastjórnnumálum, með áherslu á öryggismál, hagfræði, norðurlóðir og Barentshaf.

Rasmus tók þátt í ýmsum viðburðum sem Nansen-prófessor, svo sem *Arctic Circle Forum – Greenland*, og starfaði í vinnustofum um rannsóknarsamstarf Íslands og Grænlands.

Einnig sótti hann *UNLEASH*-ráðstefnu, *JustNorth*-ráðstefnu, *George C. Marshall*-ráðstefnu, og *Arctic Circle Assembly* í Reykjavík. Ennfremur starfaði hann í vinnuhópi um framkvæmdaáætlun Íslands í málefnum norðurlóða.

Þá hélt Rasmus málþingið *The Barents Region and West Nordic Region during European War and East-Asian Crisis* í Háskólanum á Akureyri október, og kom þá með hóp nemenda frá Tromsø og Alta með sér til þátttöku.

Nansen-staðan er veitt framúrskarandi vísindamanni sem starfar að málefnum sem tengjast norðurlóðum. Ráðið er í stöðuna til eins árs í senn, fyrst árið 2013.

NÁM OG STÚDENTAR

Háskólinn á Akureyri leggur áherslu á að bjóða nám með sveigjanlegu námsformi. Virkt og faglegt námssamfélag er þungamiðjan í náminu. Til að styðja við námssamfélagið er áherslan á sveigjanleika, samskipti í kennslu og námi, og tæknilausnir í námi.

Fjarnám hófst við háskólann haustið 1998, fyrst í litlum mæli en síðan mjög aukið. Langt er síðan svo var komið að stór hluti stúdentahópsins er búsettur utan Akureyrar og nærsveita. Lengi vel var námsformið skilgreint sem staðarnám, fjarnám og lotunám.

Með því að mestallt námsframboð skólans er nú með sveigjanlegu formi er sú skilgreining notuð.

Sveigjanlegt nám er stúdentamiðað nám án kröfu um daglega viðveru á háskólasvæðinu á Akureyri. Stúdentar geta stundað námið óháð búsetu þar sem verkefni og verkefnaskil eru rafræn. Samskipti í sveigjanlegu námi eiga sér stað með margvíslegum hætti. Það eru samskipti í rauntíma með viðveru í skólanum eða í gegnum svonefndar fjærverur, *Telepresence Robots*, með notkun hinna ýmsu samskiptaforrita í rauntíma eða óháð tíma, með netpósti eða einfaldlega í gegnum síma. Allt grunnnám við háskólann er boðið með sveigjanlegu formi en það er ólíkt milli námsleiða.

Námsefni getur verið á ýmsu formi, til dæmis upptökur af fyrirlestur, texti, rafrækur og hlaðvörp. Efnið er aðgengilegt fyrir stúdenta í kennsluferfi háskólans.

Í sveigjanlegu námi við HA eru notaðar fjölbreyttar kennsluáferðir, til dæmis samvinnunám, vendikennsla og blandað nám. Einnig eru mismunandi námsmatsáferðir, svo sem hópaverkefni og próf, símat og leiðsagnarmat.

Kennslulotur eru haldnar reglulega yfir skólaárið og þær eru ólíkar milli námsleiða, ein, tvær eða þrjár lotur á misseri. Námskeið eru mismunandi og geta lotur því staðið í tvo til fimm daga í senn. Kennslulotur eru vettvangur til þess að styðja við námssamfélag háskólans, þar sem stúdentar og kennarar vinna saman. Í lotum eru verkefni og umræður í forgrunni. Þess er krafist af stúdentum að þeir mæti í kennslulotur og séu virkir þátttakendur meðan á þeim stendur. Í ákveðnum aðstæðum, eins og til dæmis ef ófærð hamlar, geta stúdentar, í samráði við kennara, tekið þátt í lotum í gegnum fjærverur.


Próf í sveigjanlegu námi er hægt að taka við Háskólann á Akureyri, í símenntunar- og fræðslumiðstöðvum um allt land eða í viðurkenndum háskólastofnunum eða sendiráðum erlendis. Í prófahaldi er prófakerfið *Inspera* og/eða kennslukerfið *Canvas* notað. Um 93% lokaprófa við Háskólann voru rafræn árið 2022. Sveigjanlegt nám við Háskólann á Akureyri er í sífelldri þróun og endurskoðun. Stuðst er við kennslufræði sem hentar hverju sinni og leitast við að nota þá tækni sem virkar á hverjum tíma til að styðja við kennslufræðina og gæði náms. Umfram allt er sveigjanlegt nám mótað eftir þörfum námssamfélagsins við Háskólann á Akureyri.

Helstu samstarfsaðilar háskólans árið 2022 vegna kennslu og prófahalds voru Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum, Símenntun á Vesturlandi, Háskólaþing Vestfjarða, Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Þekkingarnet Þingeyinga, Austurbrú, Háskólafélag Suðurlands, Viska – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, Nýheimar þekkingarsetur, Mímir – símenntun og Promennt ehf.

NÁM OG STÚDENTAR


Eftirfarandi eru lykiltölur háskólans frá hausti 2022

Nemendur eftir landshlutum




NÁM OG STÚDENTAR

Heildarfjöldi stúdenta eftir kyni miðað við 15. október




Heildarfjöldi stúdenta eftir námsstigi miðað við 15. október




NÁM OG STÚDENTAR

Heildarfjöldi stúdenta eftir fræðasviðum HA miðað við 15. október



Heildarfjöldi stúdenta eftir námsformi miðað við 15. október



NÁM OG STÚDENTAR

Við háskólann var eftirfarandi nám boðið árið 2022, til gráðu og diplómu.

Einingafjöldi er gefinn upp í ECTS-einingum (*European Credit Transfer System*).

Heilbrigðisvísindasvið, grunnám:

BS	Hjúkrunarfræði	240 einingar
	Fagnám til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða, diplóma (fer fram við Framhaldsdeild í heilbrigðisvísindum)	60 einingar
BS	Iðjuþjálfunarfræði	180 einingar

Framhaldsnám:

MS	Geðhjúkrun	120 einingar
	Heilbrigðisvísindi, viðbótardiplóma	40 einingar
MS	Heilbrigðisvísindi	120 einingar
	Heilbrigðisvísindi, starfsendurhæfing, viðbótardiplóma	60 einingar
	Heilsugæsla í héraði – klínísk, viðbótardiplóma	60 einingar

Hug- og félagsvísindasvið, grunnám:

BA	Félagsvísindi	180 einingar
BA	Fjölmíðlafræði	180 einingar
	Lögreglufræði fyrir starfandi lögreglumenn, diplóma	120 einingar
	Lögreglufræði fyrir verðandi lögreglumenn, diplóma	120 einingar
BA	Lögreglu- og löggæslufræði	180 einingar
	Diplómanám í leikskólafræðum, diplóma	120 einingar
BEd	Kennarafræði	180 einingar
BA	Lögfræði	180 einingar
BA	Sálfræði	180 einingar

Framhaldsnám:

MA	Fjölmíðla- og boðskiptafræði	120 einingar
	Fjölmíðla- og boðskiptafræði, viðbótardiplóma	30 einingar
MA	Rannsóknartengt meistaranám í félagsvísindum	120 einingar
MA	Sjávarbyggðafræði	120 einingar
	Forysta í lærdómssamfélagi, viðbótardiplóma	30 einingar
MT	Kennsla á framhaldsskólastigi	120 einingar
MT	Kennsla á grunnskólastigi	120 einingar
MT	Kennsla á leikskólastigi	120 einingar
MA	Menntavísindi	120 einingar
	Menntavísindi, viðbótardiplóma	60 einingar
MEd	Menntunarfræði	120 einingar
	Menntunarfræði, viðbótardiplóma	60 einingar
	Starfstengd leiðsögn, viðbótardiplóma	30 einingar
ML	Lögfræði	120 einingar
MA	Rannsóknartengt meistaranám í sálfræði	120 einingar

Viðskipta- og raunvísindasvið, grunnám

BS	Líftækni	180 einingar
BS	Sjávarútvegsfræði	180 einingar
BS	Viðskipta- og sjávarútvegsfræði	240 einingar
BS	Viðskiptafræði með áherslu á stjórnunar- og fjármálagreinar	180 einingar
BS	Viðskiptafræði með áherslu á stjórnun og markaðsgreinar	180 einingar
BS	Viðskiptafræði með sjávarútvegsfræði sem aukagrein	180 einingar

Framhaldsnám

MS	Auðlindafræði	120 einingar
MRM	Haf- og strandsvæðastjórnun	120 einingar
MS	Stjórnun sjávarauðlinda	120 einingar
MS	Viðskiptafræði	90 einingar
MS	Viðskiptafræði	120 einingar

(Námskrá 2022)

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – NSHA

Náms- og starfsráðgjöf Háskólans á Akureyri starfar í þágu stúdenta og gætir hagsmuna þeirra. Hlutverk NSHA er að styðja við stúdenta í námi með fjölbreyttri og faglegri þjónustu. NSHA styður við jafnrétti og fjölbreytileika og hefur að leiðarljósi gott aðgengi að persónulegri þjónustu sem skipulögð er út frá þörfum stúdenta.

Starfsfólk NSHA veitir stúdentum ráðgjöf og stuðning með það að markmiði að efla vitund þeirra um eigið viðhorf, áhuga og færni, og stuðla að sjálfsþekkingu til að ná sem bestum árangri í námi.

Náms- og starfsráðgjöf veitir sérúrræði í námi en fatlaðir stúdentar og stúdentar með sértæka námsörðugleika eða sértækar þarfir, til dæmis vegna veikinda, eiga rétt á sértækum úrræðum lögum samkvæmt, og eftir því sem kveðið er á um í reglum háskólans.

Unnið er að því markmiði að efla stúdenta til sjálfshjálpar og styrkja þá í námi. Leitast er við að tryggja að þjónustan sé löguð að þörfum þeirra sem á henni þurfa að halda hverju sinni. Að jafnaði eru um 10% stúdenta með samning við NSHA um sérúrræði í námi.

Stúdentar við Háskólann á Akureyri geta sótt sálfræðiþjónustu hjá Náms- og starfsráðgjöf sér að kostnaðarlausu. Sálfræðiþjónusta var í boði tvo til þrjú daga í viku. Áhersla var lögð á hóp námskeið og byggt á hugrænni atferlismeðferð (HAM). Boðin voru sex vikna námskeið við þunglyndi og kvíða. Fjögur slík námskeið voru haldin árið 2022, þar af voru þrjú rafræn og eitt haldið í húsakynnum háskólans. Einnig geta stúdentar óskað eftir ráðgjöf og stuðningi í einstaklingsviðtölum.

Starfsfólk NSHA vann að þróun þjónustunnar í samráði innan einingarinnar, við stúdenta og við samstarfsfólk. Starfsemin hefur vaxið hratt undanfarið og framboð af rafrænni ráðgjöf aukist mjög. Ýmiss konar álag sem fylgdi heimsfaraldrinum og setti mark sitt á helstu störf NSHA fór dvinandi eftir því sem leið á árið. Starfsemin komst í nokkuð eðlilegt horf á ný við upphaf haustmisseris.

Rafrænt bókunarkerfi sem tekið var í notkun 2021 reyndist ráðgjöfum og stúdentum vel og ljóst er að mikill tímasparnaður náðist með þeirri nýjung. Skráð viðtöl og erindi á árinu 2022 voru um 1.840 talsins.



NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – NSHA

Haldið var áfram þróun tæknilausna í rafrænni ráðgjöf og á haustmisseri var opnað rafrænt þjónustuborð NSHA, í samstarfi við Kennslumiðstöð háskólans. Allar beiðnir um sértæk úrræði í námi, sem og úrvinnsla umsókna, fara síðan í gegnum þjónustuborðið. Um 100 umsóknir bárust frá stúdentum um rafrænt þjónustuborð.

NSHA stendur fyrir fjölbreyttri dagskrá sem allir stúdentar geta sótt, ýmist á staðnum eða á fjarfundi. Haldin voru nokkur námskeið, til dæmis sjálfstyrkingarnámskeið, nýnemanámskeið, og námskeið fyrir þau sem fást við prófkvíða. Reglulega eru fluttir stuttir fyrirlestrar um afmörkuð efni svo sem um markmiðasetningu, um áhrif hugsana á líðan og hegðun, um frestun, og um undirbúning fyrir próf. Hægt er að taka þátt á staðnum og í gegnum Zoom.

NSHA heldur utan um námstækni síðu HA á Canvas. Mánaðarlega er opin vinnustofa í námstækni. Um 300 stúdentar voru skráðir notendur námstækni síðunnar við árslok.

Á síðu NSHA á vef háskólans er miðlað ýmsu gagnlegu efni frá náms- og starfsráðgjöfum og sálfræðingi. Þar má til dæmis finna hjálparsíðu um tæknilausnir í námi, og efni til að styrkja andlega líðan stúdenta. Náms- og starfsráðgjöf leggur áherslu á notkun samfélagsmiðla og fjölgaði fylgjendum verulega á árinu.

Eitt af verkefnum NSHA er starfsráðgjöf til stúdenta. Auglýst var áhugakönnun sem stúdentar og þeir sem stefna á háskólanám gátu tekið þátt í gegn vægu gjaldi.

Einnig stóð stúdentum til boða netnámskeið um gerð ferilskrár sem og persónuleg aðstoð í einstaklingsviðtölum, til dæmis við gerð ferilskrár og kynningarbréfa og undirbúning fyrir atvinnuviðtöl.

Náms- og starfsráðgjöf HA hefur samstarf við framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri – SHA, einkum varðandi hvers konar hagsmunamál sem tengjast námi, kennslu og þjónustu sem veitt er innan háskólans. Reglulegir fundir voru haldir yfir allt árið.

Nýr viðburður var settur á laggirnar, Framtíðardagar í HA, sem Stúdentafélagið heldur í samstarfi við NSHA. Markmiðið er að hjálpa stúdentum að undirbúa sig fyrir þátttöku í atvinnulífi. Markmiðið er líka að tengja stúdenta við atvinnulífið, að þeir kynnist fyrirtækjum og stofnunum og þekki mikilvægi tengslanets. Vonir standa til að Framtíðardagar vaxi og festist í sessi sem árlegur viðburður.

Starfsfólk Náms- og starfsráðgjafar tekur þátt í almennu skólastarfi á ýmsan hátt. Sem dæmi:

- Virk þátttaka í Háskóladeginum og Opnum dögum
- Ráðgjöf fyrir tilvonandi umsækjendur um skólavist
- Skipulagning og þátttaka á nýnemadögum
- Kynning á þjónustu NSHA fyrir erlenda skiptinema við háskólann
- Reglulegir fundir með prófstjórn vegna prófa og umsýslu sérúrræða
- Fundir með einingum háskólans
- Þátttaka í hópefli innan námskeiða
- Verkefni um raunfærnimat fyrir umsækjendur, í samstarfi við Hug- og félagsvísindasvið

Náms- og starfsráðgjafar tóku þátt í árlegri haustráðstefnu Félags náms- og starfsráðgjafa, sem haldin var á Akureyri, og tóku á móti ráðstefnugestum sem kynntu sér NSHA.

Í árslok voru þrjú og hálf stöðugildi við NSHA. María Jónsdóttir og Aníta Jónsdóttir eru náms- og starfsráðgjafar. Einar Kristinsson er sálfræðingur við NSHA. Forstöðumaður er Árný Þóra Ármannsdóttir.

NEMENDASKRÁ, ÞJÓNUSTUBORÐ NEMENDASKRÁR

Á þjónustuborði Nemendaskrár er upplýsingagjöf og þjónusta fyrir stúdenta og starfsfólk. Einnig almenn símsvörun og upplýsingagjöf um háskólann.

Nemendaskrá tilheyrir ýmis verkefni sem tengjast daglegu starfi skólans.

Fulltrúar Nemendaskrár hafa umsjón með allri nemendaskráningu og skjalavistun sem henni fylgir. Það gildir um innritun nýnema, skráningu í og úr námskeiðum og prófum, útgáfu vottorða og prentun og frágang brautskráningargagna, í nánú samstarfi við starfsfólk fræðasviða.

Þá sjá fulltrúar um innkaup og afgreiðslu á skrifstofuvörum fyrir starfsfólk háskólans sem og ferðabeiðnir og flugbókanir. Enn fremur bókanir og leigu á stofum háskólans.

Yfir sumarlokunartímann sá símsvörunarfyrirtæki um símsvörun á skipiborði háskólans, auk þess að veita helstu upplýsingar um starfsemina.

Mikil samvinna er milli fulltrúa Nemendaskrár og annarra stöðeininga HA, sér í lagi skrifstofustjóra og verkefnastjóra fræðasviða, sem og starfsfólk Kennslumiðstöðvar HA. Þá er einnig samvinna við starfsfólk Markaðs- og kynningarmála.

Verkefni Nemendaskrár voru með hefðbundum hætti á árinu. Ýmiss konar verklag sem taka þurfti upp vegna heimsfaraldurs árin á undan er nú viðhaft alfarið.

Þjónustufulltrúar í Nemendaskrá eru Hanna Björg Guðmundsdóttir og Hafdís Guðfinna Vigfúsdóttir. Forstöðumaður Nemendaskrár er Bára Sif Sigurjónsdóttir.

Þjónustuborð Kennslumiðstöðvar HA er staðsett í rými Nemendaskrár og sinnir Einar Bergur Björnsson, tækni- maður, starfi þjónustufulltrúa.



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri er fjárhagslega sjálfstæð eining innan skólans. RHA nýtur ekki fastra fjárframlaga heldur aflar sér tekna með rannsóknarverkefnum og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir, ráðuneyti og félagasamtök og með innlendum og erlendum rannsóknarstærkjum. Enn fremur veitir RHA starfsmönnum HA ráðgjöf og aðstoð á sviði rannsókna. Í skipuriti Háskólans á Akureyri tilheyrir RHA Háskólaskrifstofu.

Markmið og hlutverk

Markmiðin með rekstri RHA eru í meginatriðum eftirtalin:

- Efla rannsóknir við HA
- Gefa út og kynna niðurstöður rannsókna við HA
- Styrkja tengsl HA við atvinnulífið
- Hafa samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaaðila
- Veita upplýsingar og ráðgjöf
- Standa fyrir námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum
- Stunda þjónusturannsóknir

Þjónusta við Háskólann á Akureyri

RHA vinnur eftir rammasamningi um kaup HA á verkefnum frá RHA frá árinu 2019.

Samningurinn er í tveimur liðum:

- A: Almenn rannsóknarþjónusta við sérfræðinga HA og uppbygging tengslanets vegna umsókna í samkeppnisjóði
- B: Þátttaka í verkefnum fyrir hönd HA, þ.m.t. umsýsla fyrir vísindaráð og vísindasjóð HA.

Jafnréttisráð HA hefur starfskraft í hlutastarfi og semur við RHA um þá vinnu.

RHA heldur úti Ritveri Háskólans á Akureyri í samstarfi við Bókasafn og upplýsingaþjónustu HA. Þar hægt að fá aðstoð við fræðileg skrif, heimildanotkun og tæknileg atriði. Bæði stúdentar og kennarar geta bókað tíma.

Þátttaka í nefndum og ráðum

Sérfræðingar RHA tóku þátt í ýmsum verkefnum í samfélaginu, svo sem í Hagsmunaráði Landsnets, stýrihópi Sjálfbærni- og Alcoa og Landsvirkjunar á Austurlandi, stýrihópi Sjálfbærni- og Alcoa og Landsvirkjunar á Austurlandi og í Faghópi 3 um samfélagsáhrif í Rammaáætlun og fleira.

Kennsla og námskeið

Eins og undanfarin ár komu nokkrir starfsmenn RHA að kennslu í ýmsum námskeiðum við HA. Má þar nefna námskeiðin *Stjórn- málafræðileg greining*, *Markaðsfræði – spurningakannanir*, *Aðferðir í menntarannsóknum*, *Rannsóknaaðferðir og tölfraðileg greining*, og *Heilsa og samfélagið*.

Framkvæmd Vísindaskóla unga fólksins við Háskólann á Akureyri

RHA sér um framkvæmd Vísindaskólans fyrir hönd HA. Hann stendur yfir í viku í júní ár hvert. Vísindaskólinn er ætlaður börnum á aldrinum 11 – 13 ára.

Skólinn er fjármagnaður með hóflegu námsgjaldi en þó aðallega með framlögum frá ýmsum félögum og fyrirtækjum á Akureyri. Tæplega þrjátíu aðilar styrktu Vísindaskólann að þessu sinni, og hafa sumir styrktaraðilar stutt við starfseminna frá upphafi. Um 65 börn sóttu skólann og var kynjaskipting nokkuð jöfn, en þó voru heldur fleiri drengir.

Heiðursgestur við brautskráningu úr Vísindaskólanum var Villi vísindamaður, sem einnig var kennari í einu þemanu.

Á hverju ári eru boðin ný námskeið. Heiti á þemunum að þessu sinni voru:

- *Peningavit og réttur barna*
- *Í skóginum stóð kofi einn*
- *Að glíma við hreyfingarleysi*
- *Mál og myndir*
- *Að fljúga eins og fuglinn*

Innra starf

Árið 2022 voru liðin 30 ár frá því að Rannsóknamiðstöð HA var sett á laggirnar og var þess minnst með starfsfólki og viðskiptavinum.

Talsverðar breytingar urðu á starfsmannahaldi á árinu. Tveir nýir starfsmenn hófu störf sem sérfræðingar, þær Bára Elísabet Dagsdóttir og Sæunn Gísladóttir. Arnar Þór Jóhannesson, sérfræðingur, færðist til í starfi og tók við stöðu forstöðumanns.

Í lok árs voru níu starfsmenn skráðir hjá RHA. Stöðugildi voru á bilinu 6,45 til 7,25 yfir árið.

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



Styrkir

RHA hlaut NordForsk–styrk til þátttöku í alþjóðlegri rannsókn um framtíðarþróun vinnumarkaða á dreifbýlum svæðum á Norðurlöndunum.

Umsækjandi fyrir hönd RHA var Hjalti Jóhannesson, sérfræðingur, ásamt Grétari Þór Eypórssyni prófessor. Meðumsækjendur voru byggðarannsóknastofnun Nordregio í Stokkhólmi í Svíþjóð, sem leiðir verkefnið, rannsóknarstofnunin FAFO í Noregi og Álands statistik og utredningsbyrá á Álandseyjum.

Heildarupphæð var 9 milljónir norskra króna og verður verkið unnið á árunum 2023 – 2025.

Rannsóknarverkefni

Rannsóknarverkefni sem unnin voru af starfsmönnum RHA voru fjölbreytt eins og undanfarin ár. Auk þess vann RHA gagnaöflun fyrir ýmsa aðila inna og utan Háskólans á Akureyri.

Ekki lýkur öllum verkefnum með skýrslu, svo sem minni háttar ráðgjafarverkefnum.

Skýrslur um innri mál stofnana og fyrirtækja, sem og ýmsar áfangaskýrslur, eru ekki birtar. Opinberar skýrslur eru aðgengi- legar á vefsíðu RHA.

Útgefnar rannsóknarskýrslur starfsmanna og samstarfs- manna RHA 2022

Jarðgöng á áætlun. Mat á arðsemi, umferðaröryggi, tengingu svæða og byggðapróun. Almenningsamgöngur á Norðurlandi vestra – fýsileikakönnun. Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson

Inniðir á Norðurlandi eystra. Niðurstöður netkönnunar RHA í september 2022. Höfundar: Hjalti Jóhannesson, Rannveig Gústafsdóttir og Bára Elísabet Dagsdóttir

Fiskeldi og samgöngur á Vestfjörðum. Niðurstöður viðhorfs- könnunar. Höfundar: Rannveig Gústafsdóttir og Bára Elísabet Dagsdóttir

Fiskeldi og samgöngur á Vestfjörðum. Samanburður á niðurstöðum netkannanna 2020 og 2022. Höfundur: Bára Elísabet Dagsdóttir.

Mönnun lækna á landsbyggðinni. Höfundar: Anna Soffía Víkingsdóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Sæunn Gísladóttir.

Ráðstefnur, málstofur og kynningar

RHA rekur ráðstefnubjónustu og skipuleggur fundi og kynningar sem haldnar eru í háskólanum í samstarfi við ýmsa aðila. Fremur lítið var um ráðstefnur og málþing á árinu.

Þó veitti RHA bjónustu í tengslum við ráðstefnuna *Löggæsla og samfélagið*, sem haldin var haustið 2022.

Starfsfólk RHA tók þátt í ýmsum kynningum og málþingum á árinu og má þar nefna:

Kynning á niðurstöðum fýsileikakönnunar meðal framhalds- skólanema varðandi hug þeirra til að stunda listnám á háskólastigi á Akureyri, 30. mars. Málþing um listnám á háskólastigi í Ketilhúsinu á Akureyri. Arnar Þór Jóhannesson.

Jarðgöng á áætlun. Mat á arðsemi, umferðaröryggi, tengingu svæða og byggðapróun. Kynningarfundur meðal stjórnenda hjá Vegagerðinni 2. júní. Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson.

Málþing BHM í tilefni af kvennafrídeginum. Þátttaka í pall- borðsumræðum 24. október. Sæunn Gísladóttir.

Jarðgöng á áætlun. Mat á arðsemi, umferðaröryggi, tengingu svæða og byggðapróun. Kynningarfundur meðal stjórnenda hjá Jarðgangafélaginu 24. nóvember. Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson.

RHA í fjölmiðlum

Þátttaka í X22 hlaðvarpsþætti á RÚV. Viðtal um mönnun sveit- arstjórna og óhlutbundnar kosningar. Apríl 2022, Arnar Þór Jóhannesson.

Viðtal í morgunútvarpi Rásar 1 um sveitarstjórnarkosningarnar. Maí 2022, Arnar Þór Jóhannesson.

Útvarpsviðtal í hádegisfréttum RÚV um niðurstöður sveitar- stjórna kosninga á Akureyri. Maí 2022, Arnar Þór Jóhannes- son.

Föstudagsþátturinn á sjónvarpsstöðinni N4. Umræður um borgarhlutverk Akureyrar. Maí 2022, Arnar Þór Jóhannesson.

Viðtal í morgunútvarpinu á Rás 1 um samgöngu- og innviðamál á Norðurlandi eystra og starfsemi RHA. Desember 2022, Arnar Þór Jóhannesson.

Á vef RHA, www.rha.is, má finna nánari upplýsingar um starfsemi miðstöðvarinnar.

BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Hlutverk Bókasafns og upplýsingaþjónustu er að veita aðgang að vönduðum safnkosti vegna náms, kennslu og rannsókna og leggur starfsfólk bókasafnsins áherslu á faglega og persónulega þjónustu. Bókasafnið annast sérsöfn háskólans eins og listaverkasafn og steinasafn og sinnir bókasafnsþjónustu við Háskólann á Hólum sem samsvarar 25% stöðugildi. Rafrænn safnkostur bókasafnsins er ýmist aðgengilegur í opnum aðgangi, landsaðgangi (hvar.is), Skemmunni (lokaverkefni), í Hliðunni eða í séráskriftum á staðarneti háskólans. Hlaðan er rafrænt geymslusafn fyrir höfundaréttarvarið efni, greinar og bókakafli, sem nýtist í tilteknum námskeiðum. Rafrænn bókakostur jafnar aðgengi stúdenta í sveigjanlegu námi að námsefni bókasafnsins. Til viðbótar þeim safnkosti, prentuðum og rafrænum, sem keyptur er til eignar á bókasafninu, má nefna að safnið útvegar notendum sínum efni í gegnum millisafnalán.

Það er hlutverk bókasafnsins að annast kennslu og þjálfun í upplýsingalæsi (UL), en það er sú færni sem gerir fólki kleift að afla sér upplýsinga, leggja mat á gæði þeirra og nýta þær á skilvirkan og ábyrgan hátt í námi, kennslu og rannsóknum. Samtals hefur formleg kennsla í UL, námskeiðahald og önnur aðstoð náð til um 1.400 stúdenta og starfsmanna á árinu.

Kennsla í UL fer meðal annars fram í námskeiðum í samráði við kennara og í viðtölum þar sem stúdentar og rannsakendur geta bókað tíma. Sú þjónusta er nefnd *Bókaðu bókasafnsfræðing*. Árið 2022 fengu um 140 einstaklingar slíka þjónustu í samtals um 70 kennslustundum, bæði á staðnum og með rafrænum hætti.

Eitt af umfangsmeiri verkefnum safnsins á árinu var innleiðing á nýju bókasafnskerfi sem byggir á Alma og Primo VE frá Ex Libris. Gangsetning nýja Gagnis var í byrjun júní og ný leitar-gátt fyrir leitar.is þá opnuð auk þess sem notendur háskólans geta nú notað vefslóðina ha.leitar.is til að leita eingöngu í safnkosti skólans.

Les- og vinnuaðstaða bókasafnsins var endurnýjuð. Í rýminu er nú að finna upphækkanleg borð, þægilega stóla og hljóðeinangrandi skilrúm ásamt sófum í hlýlegum litum. Í lok árs hófust framkvæmdir á innra rými bókasafnsins með það að markmiði að auka við vinnuaðstöðu stúdenta. Fjarlægðar voru bókahillur og þéttiskápar sem geymdu kennslugagnasafn og tímaritakost safnsins og efnið flutt í kjallara bókasafnsins. Í staðinn var komið fyrir tveimur hringborðum fyrir hópavinnu, rúmgóðum sófa og upphækkanlegum borðum með skilrúmmum.



BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Bókasafn og upplýsingaþjónusta tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum og viðburðum á landsvísi sem og í samstarfi við aðrar einingar háskólans. Meðal nokkurra núverandi og nýrra samstarfsverkefna má nefna:

- IRIS (Icelandic Research Information System) er rannsóknargátt sem sýnir rannsóknarvirkni íslenskra háskóla og stofnana sem eiga aðild að því. Kerfið byggir á hugbúnaðinum PURE frá Elsevier og var formlega opnað 15. júní. Ábyrgð á rannsóknafurðum í HA er á hendi bókasafnsins, sem tók virkan þátt í innleiðingarferlinu og vinnur náið með Miðstöð doktorsnáms og stjórnslu rannsókna, sem hefur yfirumsjón með verkefninu við HA.
- Vinnuhópur íslenskra háskólabókasafna, sem hefur verið starfræktur frá aldamótum, hlaut um mitt ár 4.5 milljóna króna styrk úr Bókasafnasjóði til að hanna kennsluvef í upplýsingalæsi. Bókasafn og upplýsingaþjónusta hefur átt fulltrúa í vinnuhópnum frá upphafi.
- Þátttaka í samstarfshóp um nýsköpun sem vinnur með Norðanátt sem eru regnhlífssamtök nýsköpunar á Norðurlandi. Samstarfið hefur það að markmiði að draga fram nýsköpunar- og frumkvöðlakraft innan HA.
- Þátttaka í Rannsóknarþingi Miðstöðvar doktorsnáms í október þar sem IRIS var kynnt þátttakendum og haldnar opnar vinnustofur fyrir rannsakendur.
- Hringborðsumræða með þátttöku stúdenta og rannsakenda HA í tilefni alþjóðlegrar viku opins aðgangs 24. – 28. október undir yfirskriftinni *Open for Climate Justice*. Vikan er samstarfsverkefni íslenskra háskólabókasafna en verkefnið er hluti af alþjóðlegri vitundarvakningu um málefnið.
- Á seinni hluta ársins hófst starfsemi tveggja samráðshópa sem starfa á vegum stjórnenda íslenskra háskólabókasafna. Hóparnir munu annars vegar fjalla um Opin vísindi og hins vegar um rafbækur og rafrænar áskriftir. Bókasafnið á fulltrúa í báðum þessum hópum.



F.v. Ásta Margrét Ásmundsdóttir, Hafdís Björg Hjálmsdóttir og Kristín Dýrfjörð á opnun sýningar Kristínar.

Tvær myndlistarsýningar voru haldnar á árinu. Aðalsteinn Þórsson sýndi ljósmyndir undir heitinu *Einkasafnið* og Kristín Dýrfjörð, dósent við HA, sýndi útsaumsverk. Sýning hennar bar yfirskriftina *Út um mó* og eru verk hennar óður til náttúru og hins íslenska móa.

Jólasögustund bókasafnsins var haldin á staðnum eftir tveggja ára hlé. Hafdís Skúladóttir dósent sá um upplesturinn að þessu sinni.

Fastráðnir starfsmenn voru fimm talsins í 4,8 stöðugildum. Sigríður Vilhjálmssdóttir er verkefnastjóri aðfangadeildar og staðgengill forstöðukonu, Kristín Konráðsdóttir er verkefnastjóri útlánadeildar og Sigríður Ásta Björnsdóttir og Pia Susanna Sigurlína Viinikka eru báðar verkefnastjórar þjónustudeildar. Forstöðukona er Astrid Margrét Magnúsdóttir.

KENNSLUMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – KHA

Kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri veitir kennurum faglega aðstoð við þróun kennsluhátta í sveigjanlegu námi. Það er gert í formi almennrar ráðgjafar og námskeiða og í þróunarstarfi með áherslu á upplýsingatækni og kennslufræði. Árlega taka nokkrir kennarar þátt í þróunarnámskeiðum þar sem þeir fá aðstoð við að breyta námskeiðum sínum með tilliti til kennslufræði og tækni.

KHA ber ábyrgð á prófahaldi og námsmati við háskólann. Kennslumiðstöð ber einnig ábyrgð á öllum tölvukerfum, stýrikerfum og netkerfum háskólans. Allar ákvarðanir í tengslum við kerfismál eru teknar í teymi þar sem þekking á kennslufræði og notendaaðstoð er til staðar. Þverfaglegt samstarf kennslufræðinga og tæknimanna er mikilvægt fyrir háskóla sem leggur áherslu á sveigjanlegt nám.

Dagleg störf Kennslumiðstöðvar felast í því að veita stúdentum og starfsfólki háskólans ýmiss konar tækni-, kennslu- og prófaráðgjöf, ásamt daglegum rekstri á tölvu-, stýri- og netkerfum skólans.

Hluti af daglegri starfsemi eru opnir tímar fyrir ráðgjöf og aðstoð við starfsfólk skólans í gegnum fjarfund og er þessi þjónusta í boði alla virka daga. Heimsóknir í opnu tímana voru 550 talsins árið 2022.

Einnig er hægt að bóka ráðgjöf í gegnum rafrænt þjónustuborð Kennslumiðstöðvar, <https://hjalp.unak.is/> Kennslumiðstöð veitir aðstoð við allt sem tengist kerfum háskólans, þar með talin er kennslufræðileg ráðgjöf, aðstoð við uppsetningu námskeiða í Canvas-kennsluumsjónarkerfinu og aðstoð við uppbyggingu námskeiðsáætla. Árið 2022 barst 5.001 beiðni um beiðnakerfið. Af þeim voru 4.924 afgreiddar en aðrar teljast til langtímaverkefna.

Kennslumiðstöð leggur áherslu á að starfsfólk háskólans búi yfir þeirri stafrænu hæfni sem þarf til að kenna og starfa í rafrænu umhverfi. Í því augnamiði eru haldnar vinnustofur um hin ýmsu efni. Árið 2022 voru haldnar 108 vinnustofur. Aðalviðfangsefnið var að mynda dýpri skilning og þekkingu á kerfum skólans. Vinnustofurnar miða að því að auka stafræna hæfni háskólakennara.

Unnið var að breytingum og uppfærslum á kennslustofum á Sólborg líkt og árið áður. Breytingar á kennslurýmum miða að því að koma meira til móts við sveigjanlegt nám og auka og auðvelda samskipti milli kennara og nemenda.

Vorið 2022 var Kennsluráðstefna KHA, *Hvað er góð háskólakennsla?*, haldin í sjöunda sinn, með rafrænu sniði. Flutt voru sextán hringborðserindi sem tengdust háskólakennslu. Gestafyrirlesari var Dr. Olivia Vrabl, með erindið *The Dilemma with Prior Knowledge: The More You Know, the More You Learn*.

Á haustmisseri var eins og áður boðið upp á kennslufræðinámskeiðið *Háskólakennsla og háskólanám* fyrir fastráðið starfsfólk HA. Námskeiðið er tíu ECTS-einingar á meistarastigi og er í sinn fræðilegt og hagnýtt. Námskeiðið er kennslufræði á háskólastigi, kenningar og aðferðir, og einnig vinna kennarar meðfram námskeiðinu að breytingum á eigin námskeiðum við háskólann. Námskeiðið fór fram í rafrænum kennslustundum í rauntíma. Að þessu sinni varð boðið upp á námskeiðið á ensku til að koma til móts við akademíska starfsmenn innan HA sem eru enskumælandi.

Átta kennarar frá öllum fræðasviðum háskólans tóku þátt. Allir þátttakendur fá spjaldtölvu til afnota við áframhaldandi kennsluþróun. Þeir munu síðan flytja erindi um kennsluþróun sína á Kennsluráðstofnu KHA á vormisseri 2023.

Eins og undanfarin ár tók starfsfólk KHA virkan þátt í ýmsu starfi háskólans.

Nefna má skipulagningu og kynningu stoðþjónustu á nýnemadögum háskólans og þátttöku í Vísindaskóla unga fólksins. Einnig var tekið á móti fræðafólki og starfsfólki erlendra háskóla í heimsóknum til HA.

Starfsfólk Kennslumiðstöðvar tekur þátt í nokkrum alþjóðlegum samstarfsverkefnum og rannsóknarverkefnum. Ber þar helst að nefna *CUTE – Competencies for Universities – Using Technology in Education*, <https://cute.ku.dk/>

Markmið þess er að veita háskólum stuðning til að efla stafræna hæfni innan stofnunar og hvetja kennara til nýsköpunar. Auk þess tók starfsfólk KHA þátt í verkefninu *TRINE – Telepresence Robot in Education*.

KENNSLUMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – KHA

Þá fluttu starfsmenn KHA erindi á nokkrum innlendum ráðstefnum, m.a. *Menntakviku* hjá Háskóla Íslands.

Fastráðnir starfsmenn Kennslumiðstöðvar í árslok 2022 voru fjórtán í þrettán og hálfu stöðugildi. Starfsemin var endurskipu-

lögð til að mæta betur þörfum starfsmanna háskólans. Meðal annars var aukin viðvera við rafrænt þjónustuborð Kennslumiðstöðvar sem sinnir fyrsta stigs þjónustu.

Forstöðumaður er Auðbjörg Björnsdóttir.



STÚDENTAFÉLAG HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SHA



Stúdentafélag Háskólans á Akureyri – SHA er félag allra innritaðra stúdenta við Háskólann á Akureyri. Félagið er fyrst og fremst hagsmunafélag stúdenta, bakland og sameiningartákn aðildarfélaga þess og þeirra aðila sem sinna trúnaðarstörfum á vegum félagsins.

Stúdentafélagið hefur yfirumsjón með viðburðum á sviði skemmtana-, íþrótt- og fjölskyldumála og stendur á bak við aðildarfélög sín til þess að sinna þessum málaflokkum innan sinna deilda.

Félagið stendur vörð um hagsmuni heildarinnar, stuðlar að bættri heilsu og líðan stúdenta og vinnur náið með starfsfólki háskólans að kynningarmálum, hagsmunamálum og öðru því sem snertir stúdenta, beint eða óbeint.

Einnig vinnur félagið náið með hagsmunafélögum annarra stúdenta, sérstaklega í gegnum LÍS – Landssamtök íslenskra stúdenta, og hafa formaður SHA og varaformaður haft veg og vanda af því starfi.

Formaður SHA er formaður stúdentaráðs og helsti talsmaður stúdenta Háskólans á Akureyri innan skóla og utan.

Aðildarfélög SHA eru deildarfélög háskólans, sjö talsins. Þau sjá um hagsmunagæslu félagsmanna sinna. Fulltrúar aðildarfélaga sitja deildarfundi, fundi með stjórn fræðasviðs, og fræðasviðsfundi. Þá tilnefna aðildarfélögin einnig fulltrúa í náms- og matsnefndir sinna deilda.

Loks standa aðildarfélögin fyrir viðburðum til að efla félagslífið. Það er val stúdenta hvort þeir skrá sig í aðildarfélag eða ekki.

Aðildarfélög SHA eru:

- Data*, félag tölvunarfræðinema
- Eir*, félag heilbrigðisnema
- Kumpáni*, félag félagsvísinda- og sálfræðinema
- Magister*, félag kennaranema
- Reki*, félag viðskiptafræðinema
- Stafnbúi*, félag nema í auðlindafræðum
- Pemis*, félag laganema.

Stúdentaráð fer með æðsta vald SHA milli aðalfunda, tekur bindandi ákvarðanir fyrir framkvæmdastjórn og fulltrúa félagsins, stendur við bakið á stúdentum í ráðum og nefndum og er þeim innan handar í embættisstörfum þeirra. Stúdentaráð



Framkvæmdastjórn SHA 2022 – 2023, Sólvieg Birna Elísabetardóttir, formaður SHA, Silja Rún Friðriksdóttir varaformaður, og Hermann Biering Ottósson fjármálastjóri.

skipa framkvæmdastjórn SHA, formenn aðildarfélaga, formenn fastanefnda, og fulltrúar stúdenta í Háskólaráði og Gæðaráði HA. Á fundum stúdentaráðs eiga áheyrnarsæti, með tillögurétt, fulltrúar SHA í Landssamtökum íslenskra stúdenta og fulltrúar SHA í nefndum og ráðum Háskólans á Akureyri.

Á vegum stúdentaráðs starfa ýmsar fastanefndir.

Starfstími stúdentaráðs er á milli aðalfunda SHA, en aðalfundur er haldinn fyrir lok mars ár hvert.

Daglegur rekstur félagsins er í höndum framkvæmdastjórnar. Framkvæmdastjórn er skipuð formanni, varaformanni og fjármálastjóra SHA. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á því að halda réttindaskrifstofu félagsins opinni fyrir stúdenta og stúdentar geta líka haft samband við framkvæmdastjórn í gegnum samfélagsmiðla.

STÚDENTAFÉLAG HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SHA



Fyrsti formlegi stúdentaráðsfundurinn árið 2022 var haldinn 7. mars og voru fundirnir alls tíu talsins á starfsárinu. Sextán stúdentar áttu sæti í stúdentaráði. Þær breytingar urðu eftir aðalfund að staða fjarnemafulltrúa var lögð niður. Einnig var sett á lagginnar ný starfsnefnd, Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd, og á formaður nefndarinnar sæti í stúdentaráði.

Á fyrsta fundi stúdentaráðs var farið yfir starfsemi félagsins og áætlanir gerðar fyrir komandi starfsár. Eins og undanfarin ár var einróma samþykki um að aðaláherslan í starfsemi væri hagsmunabaráttu og hagsmunagæsla stúdenta.

Meðal verkefna stúdentaráðs var að endurvekja það öfluga félagslíf sem faraldur kórónuveirunnar setti úr skorðum. Langþráð árhátíð var haldin og einnig var farin vel heppnuð vísindaferð til Reykjavíkur, Stóra-Vísó, í fyrsta skipti í þrjú ár. Þá bauðst stúdentum að taka þátt í vísindaferðum aðildarfélaganna, hvar sem þeir voru búsettir á landinu.

Stúdentafélagið skipulagði stærri viðburði eins og nýnemagleði, sprellmót og útilegu, og einnig stóðu aðildarfélögin fyrir margs konar viðburðum. Það vakti mikla gleði þegar skólinn iðaði aftur af lífi og stúdentar komu lokins í námslotur.

Líkt og síðustu ár hefur SHA haft þjónustusamning við Stúdentaráð Háskóla Íslands – SHÍ um lánasjóðsfulltrúa SHÍ, en hann þjónustar stúdenta HA og annarra opinberra háskóla. Lánasjóðsfulltrúinn heimsótti Háskólann á Akureyri og stúdentum gafst færi á að hitta hann.

Mikið hefur verið lagt upp úr þátttöku SHA í starfsemi LÍS – Landssamtökum íslenskra stúdenta og hefur það skilað stúdentaráði miklu hvað varðar hagsmunabaráttu.

Stúdentafélag HA hefur verið aðili að yfirlýsingum LÍS og lagt sig fram um það að rödd stúdenta HA heyrir, enda er gríðarlega mikilvægt að taka pláss í umræðunni.



Stúdentaráð 2022 – 2023. Aftari röð frá vinstri: Berglind Vala Valdimarsdóttir, Eydís Sigfúsdóttir, Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir, Hörður Hlífarsson, Fanney Gunnarsdóttir, Kristján Bjarki Gautason, Aðalheiður Kristjánsdóttir, Sóldís Dilljá Kristjánsdóttir, Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir. Fremri röð: Kristján Birkisson, Hermann Biering Ottósson, Sólveig Birna Elísabetardóttir, Silja Rún Friðriksdóttir, Alda Rut Sigurðardóttir, Guðrún Ósk Aðalsteinsdóttir.

FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA Á AKUREYRI – FÉSTA



Félagsstofnun stúdenta á Akureyri er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir stúdentar við HA og Akureyrarbær eiga aðild að. Tilgangur FÉSTA er að eiga og reka stúdentaíbúðir og annast aðra þjónustu við stúdentana. Sérstakar reglur gilda um úthlutun stúdentahúsnæðis. Umsóknarfrestur fyrir vetrarvíst er til 20. júní ár hvert.

Félagsstofnun rekur stúdentagarða við:

Skarðshlíð 46, með 22 herbergjum og 6 íbúðum sem teknar voru í notkun 1989

Klettastíg 2-4-6, með 12 herbergjum og 18 íbúðum sem teknar voru í notkun 1993 – 1994

Drekagil 21, þar sem 29 íbúðir voru teknar í notkun 2000

Tröllagil 29, með 36 tveggja og þriggja herbergja íbúðum sem teknar voru í notkun í september 2004

Kjalarsíðu 1A/B, með 40 íbúðum sem teknar voru í notkun í ágúst 2008

Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta er Jóhannes Baldur Guðmundsson.

Stjórn FÉSTA skipuðu:

Halla Margrét Tryggvadóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar

Hólmar Svansson, fulltrúi Háskólaráðs Háskólans á Akureyri

Harpa Halldórsdóttir, fulltrúi Háskólaráðs Háskólans á Akureyri
Sigurjón Þórssón, stúdent, skipaður af Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri

Nökkvi Alexander Rounak Jónsson, stúdent, skipaður af Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri

Vefsíða FÉSTA www.festaha.is



SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Símenntun Háskólans á Akureyri er ætlað það meginhlutverk að bjóða upp á alhliða sí- og endurmenntun á háskólastigi með þarfir viðskiptavina og hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi.

Símenntun nýtur ekki opinberra fjárveitinga, sem gerir þær kröfur að starfsemin standi undir útlögðum kostnaði og taki tillit til samkeppnislaga. Þjónusta sem lýtur að húsnæði og fjárhagslegum rekstri Símenntunar er keypt af viðkomandi einingum Háskólaskrifstofu HA.

Samstarf Háskólans á Akureyri við University of The Highlands and Islands – UHI í Skotlandi, sem hófst vorið 2020, hélt áfram. Það gerir kleift að stunda MBA-nám við UHI í fjarnámi. Námið er vottað af The Quality Assurance Agency for Higher Education – QAA í Bretlandi. Það felur í sér sex áfanga og ritgerð og fá nemendur tæknilega aðstoð og almenna handleiðslu þegar við á hjá Símenntun HA. Í haust útskrifaðist fyrsti hópurinn sem stundaði námið við UHI. Af 19 nemendum sem hófu nám árið 2020 brautskráðust nú átta, en misjafnt er á hve löngum tíma nemendur ljúka náminu.

Ellefu stúdentar voru innritaðir á haustmiseri 2022 og er útlit fyrir fjölgun í náminu á næstunni. Haustið 2023 verður boðið nám til meistaraþráðu í mannauðsstjórnun frá UHI og skipulagning á fleiri námsleiðum er hafin.

Símenntun býður þjónustu við fyrirtæki og stofnanir við að setja upp og halda sérsniðin námskeið í fjarkennslu með aðgengi að Zoom og Canvas. Einnig býður Símenntun upp á umsjón með rafrænum ráðstefnum, sem hefur gengið vel.

Frá árinu 2017 hefur Símenntun, fyrir hönd háskólans, annast rekstur stjórnendánáms sem þróað er af Starfsmenntasjóði Samtaka atvinnulífsins og Sambandi stjórnendafélaga. Námið er á þriðja og fjórða hæfniprepi íslenska hæfnirammans um menntun og námslok, og er það metið til 30 ECTS-eininga. Um er að ræða 100% fjarnám og skiptist það í fimm lotur sem nemendur stunda þar sem þeir kjósa, en öll kennsla og námsefni er á vefsvæðinu Canvas.



Á árinu voru kenndar tíu lotur í stjórnendánámi og þátttakendur voru 127 talsins. Haldin var útskrift stjórnendánámsins um miðjan júní og 24 nemendur brautskráðust.

Námið Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun (Vogl) hófst enn eitt haustið með 25 nemendum.

Það er metið ígildi 24 ECTS-eininga. Í náminu er samtvinnað stjórnun og samskiptum með vinnulotum í háskólanum.

Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun er boðin í samstarfi við Nordica ráðgjöf ehf.

Leiðsögunám var ekki boðið, en hófst í upphafi árs 2023 eftir þriggja ára hlé.

Alls voru 38 styttri námskeið um hin ýmsu efni kennd við Símenntun.

Samstarf Símenntunar við fræðasvið Háskólans á Akureyri eflidist, og hafa verið gerðir samningar við bæði sviðin.

Elín Margrét Hallgrímsdóttir lét af störfum eftir farsæl ár sem forstöðumaður Símenntunar. Stefán Guðnason var ráðinn forstöðumaður frá 1. júní, en hann var áður verkefnastjóri við Símenntun. Freydís Heba Konráðsdóttir var ráðin í nýja stöðu verkefnastjóra markaðssetningar og námsframboðs. Við Símenntun voru tvö og hálf stöðugildi.

SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SJÁ

Hlutverk Sjávarútvegsmiðstöðvar Háskólans á Akureyri er að efla tengsl háskólamenntunar við íslenskt atvinnulíf á sviði sjávarútvegs og stoðgreina hans. Einnig að stuðla að rannsókn-um og nýsköpun atvinnugreininni til framdráttar, í samstarfi við erlenda og innlenda sérfræðinga, stofnanir og fyrirtæki. Enn fremur að stuðla að kynningu íslensks sjávarútvegs og stoðgreina hans á lægri skólastigum og meðal almennings. Sjávarútvegsmiðstöðin heyrir undir Viðskipta- og raunvísinda-svið háskólans.

Sjávarútvegsmiðstöðin er starfrækt samkvæmt rammasamningi Háskólans á Akureyri og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis (nú matvælaráðuneyti). Sjávarútvegsmiðstöðin aflar eigin rekstrartekna. Árið 2022 komu um 65% af tekjum miðstöðvarinnar frá fyrirtækjum í sjávarútvegi og fiskeldi. Einnig kom fjármagn úr samkeppnisjóðum.

Sjávarútvegsmiðstöðin er þátttakandi í Háskólans á Akureyri í *BRIDGES CoVE* – verkefninu fyrir hönd Háskólans á Akureyri. Um er að ræða samstarf fjögurra landa um úttekt á námi í fiskeldi og gerð tillagna að skipulagi náms fyrir framtíðarstarfsmenn fiskeldisstöðva. Verkefnið hlaut veglegan styrk frá Erasmus+ árið 2020.

Samstarfslöndin eru Noregur, Svíþjóð, Finnland og Ísland og stendur verkefnið yfir í fjögur ár. Af hálfu Íslands taka þátt í því, auk Háskólans á Akureyri, Háskólinn á Hólum, Fiskitækniskóli Íslands og Arnarlax ehf.

Í upphafi árs var ráðinn verkefnisstjóri í hálfu starfi. Þar að auki kom forstöðumaður Sjávarútvegsmiðstöðvar að verkefninu sem og einn starfsmaður Auðlindaeildar HA.

Haldin var ráðstefna í Reykjavík þar sem þátttakendur í verkefninu mættu. Einnig tóku þátt fulltrúar frá innlendum stofnunum og fyrirtækjum í fiskeldi.

Enn fremur var haldinn verkefnisfundur í Þrándheimi í Noregi í lok október þar sem allur hópurinn hittist og fór yfir stöðu verkefnisins og næstu skref.

Sjávarútvegsmiðstöðin er einnig fulltrúi HA í verkefninu *BRIDGING – Bridging university to schools by ocean science*, sem er samstarf við University of Algarve í Portúgal. Það lýtur að þróun á sjávarfangsskóla fyrir skólabörn í suðurhluta Portúgal, með Sjávarútvegsskóla unga fólksins og Fiskeldisskóla unga fólksins að fyrirmynd.

Fundur var haldinn í Portúgal í nóvember 2022 með samstarfsaðilum þar sem farið var yfir verkefnið og útfærslu á því. Sjávarútvegsmiðstöðin heldur utan um verkefnið af hálfu Háskólans á Akureyri. Um er að ræða tveggja ára verkefni sem hlaut styrk úr EEA sjóðnum.

Forstöðumaður annaðist bókhald fyrir félagið Konur í sjávarútvegi á árinu 2022, eins og árin á undan. Sú vinna og vinnuaðstaða er stuðningur Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar við félagið.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins

Sjávarútvegsskóli unga fólksins er ætlaður grunnskólanemendum á aldrinum 13 – 16 ára. Tilgangur skólans er að kynna ungu fólki möguleika sjávarútvegs og tengdra greina sem framtíðarvinnustaðar.

Kennarar eru aðallega stúdentar í sjávarútvegsfræði og líftækni við HA, ýmist brautskráðir eða í námi.

Starfsemin er svæðisbundin og skólinn er haldinn á þéttbýlistöðum víðs vegar um landið. Aðalstyrktaraðilar eru fyrirtæki í sjávarútvegi og tengdum greinum sem og viðkomandi sveitarfélög og bæjarfélög, og er skólinn starfræktur í samstarfi við vinnuskóla á hverjum stað.

Árið 2022 fór Sjávarútvegsskóli unga fólksins á Austurlandi fram á Vopnafirði og Fáskrúðsfirði, í Neskaupstað, á Eskifirði og á Seyðisfirði. Nemendur voru 42 talsins.

Aðalstyrktaraðilar voru Síldarvinnslan hf., Brim hf., Loðnavinnslan hf. og Eskja hf. en auk þess styrktu skólann sveitarfélagið Múlaþing, Hafnarsjóður Fjarðabyggðar, Vopnafjarðarhreppur og Egersund ehf. Þá komu Björgunarsveitir byggðarlaga að verkefninu.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins á Norðurlandi fór fram á Akureyri, Dalvík, Grenivík og í Fjallabyggð. Nemendur voru samtals 149. Aðalstyrktaraðilar voru Samherji hf. og Rammi hf., en auk þess styrktu eftirtaldir aðilar skólann: Kælismiðjan Frost ehf., Gjögur hf., Sæplast Iceland ehf., Frosti ehf., Fiskmarkaður Siglufjarðar og Norlandia ehf.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins í Reykjavík var haldinn í þriðja sinn sumarið 2022. Nemendur voru 67 talsins. Aðalstyrktaraðilar voru Brim hf., Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. og Iceland Seafood ehf.

SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SJÁ

Einnig veittu Marel Iceland ehf., Faxaflóahafnir sf., og Samhentir kassagerð ehf. styrki til skólans.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins á Sauðárkróki var haldinn í þriðja sinn sumarið 2022 með tíu nemendum. Styrktaraðilar voru FISK-Seafood ehf., Dögun ehf. og Fiskmarkaður Íslands ehf.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins var í fyrsta sinn haldinn á Ísafirði sumarið 2022. Nemendur voru samtals 20. Aðalstyrktaraðilar voru Hraðfrystihúsið Gunnvör hf., Fiskvinnslan Íslandssaga ehf., Háafell ehf., Klofningur ehf. og Arctic Fish ehf.

Fiskeldisskóli unga fólksins

Fiskeldisskóli unga fólksins starfaði annað árið í röð. Fiskeldisskólinn er starfræktur með svipuðu sniði og Sjávarútvegsskólinn og fá nemendur fræðslu um fiskeldi og tengdar greinar.

Kennsla fór fram á Tálknafirði sumarið 2022 og var kennt samkvæmt hugmyndum BRIDGES CoVE – verkefnisins. Frá Tálknafirði voru farnar vettvangsferðir til Bíldudals og á Patreksfjörð. Nemendur voru tíu talsins. Styrktaraðilar voru Arnarlax ehf., Arctic Fish ehf., Vestri ehf., Oddi hf. og sveitarfélagið Vesturbyggð.

Önnur helstu verkefni

Árið 2022 gerði Sjávarútvegsmiðstöðin úttekt á stöðu og rekstri smárra fiskvinnslna hér á landi, aðallega þeirra sem taka við hráefni úr byggðakvóta. Verkefnið var unnið fyrir matvælaráðuneytið og lauk með skýrslunni *Fiskvinnsla í sjávarbyggðum – yfirlit yfir stöðu*.

Sjávarútvegsmiðstöðin fékk styrk árið 2021 frá Rannsóknarsjóði Síldarútvegsins að upphæð kr. 3.000.000 til að vinna verkefnið Hafsjór spurninga. Þar er um að ræða hönnun á smáforriti og spurningaleik, sem ætlaður er grunnskólanemendum og fjallar um hafið og auðlindir þess. Verkefninu lauk árið 2022 en lokaskýrsla verður gerð í byrjun árs 2023.

Það var unnið í samstarfi við kennara Naustaskóla á Akureyri og nemendur í tölvunarfræði við Háskólann á Akureyri.

Sjávarútvegsmiðstöðin og Þekkingarsetur Vestmannaeyja, þar sem dr. Hólmfríður Sveinsdóttir er verkefnisstjóri, unnu að því að koma á laggirnar Líftækniskóla unga fólksins í Vestmannaeyjum, með Sjávarútvegs- og Fiskeldisskóla unga fólksins sem fyrirmynd. Verkefnið var styrkt af Lóa – nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina, og lauk á árinu 2022.

Starfsfólk

Eitt og hálf stöðugildi er við Sjávarútvegsmiðstöðina. Forstöðumaður er Guðrún Arndís Jónsdóttir, og Lilja Gísladóttir var ráðin í hálf starf við BRIDGES CoVE – verkefnið á árinu 2022.

Átta nemendur í sjávarútvegsfræði og líftækni við HA, ýmist enn í námi eða brautskráðir, voru ráðnir tímabundið við Fiskeldis- og Sjávarútvegsskóla unga fólksins. Einn brautskráður nemandi úr sjávarútvegsfræði var ráðinn tímabundið til aðstoðar við vinnslu á sérverkefni sem miðstöðin vann fyrir matvælaráðuneytið á árinu.

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

Rannsóknamiðstöð ferðamála er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. RMF er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu. RMF sinnir viðfangsefnum á sviði ferðamálarannsókna í tengslum við atvinnulíf og innlenda sem erlenda háskóla. Aðalskrifstofa RMF er við Háskólann á Akureyri en frá árinu 2012 hefur RMF einnig haft skrifstofu við Háskóla Íslands. RMF kom að mörgum fjölbreyttum rannsóknarverkefnum og tók þátt í samstarfi rannsækenda á ýmsum sviðum. Meginstarfsemi RMF fólst sem fyrr í gagnasöfnun, úrvinnslu og skýrsluskrifum.

Samstarf við ýmsa erlenda aðila setti svip sinn á starfsemina á árinu og viðgangsefnin voru fjölbreytt. Nefna má krísustjórnun ferðaþjónustufyrirtækja, móttökusvæði skemmtiskipa, og efnahagsleg áhrif Airbnb-gestgjafa á norðurslóðum.

RMF gerðist aðili að tveimur nýjum samstarfsnetum. Annað þeirra snýr að rannsóknum á eyjasamfélögum á norðurslóðum og hitt að eflingu menntunar á sviði ferðamála á Norðurlöndunum.

Starfsmenn rannsóknamiðstöðvarinnar tóku þátt í ýmsum ráðstefnum, málstofum og verkefnafundum á árinu. Til að mynda skipulagði RMF, ásamt Landhelgisgæslu Íslands og Norðurslóðaneti Íslands, málstofu á Arctic Circle í október, undir heitinu *Responding to Booming Arctic Cruise: Safety and Environmental Risks at Sea*. RMF skipulagði einnig verkefnafund sem haldinn var í Hveragerði í tengslum við Erasmus+ verkefnið *Tourism Crisis Navigation*, sem RMF er aðili að, en samstarfsaðilar verkefnisins koma frá sex Evrópuríkjum.

Þá tóku sérfræðingar RMF þátt í nokkrum ráðstefnum: *Íslenska þjóðfélagið* á Ísafirði, *Responsible Tourism in Destinations* og *Nordic Symposium on Hospitality and Tourism Research* í Finnlandi, *International Conference on Tourism* í Grikklandi og *Þjóðarspeglinum* í Háskóla Íslands.

Nýju vísindatímariti var hleypt af stokkunum við hátíðlega athöfn í Hannesarholti í Reykjavík þann sjöunda desember. Það heitir Ferðamál á norðurslóðum, og verður gefið út af RMF í samstarfi við Ferðamálastofu, Háskólann á Akureyri, Háskólann á Hólum og Háskóla Íslands.

Tímaritinu er ætlað að vera vettvangur fyrir þverfræðilega umfjöllun um ferðamál, ferðamennsku og ferðaþjónustu á norðurslóðum. Þar verða birtar ritrýndar greinar og einnig óritrýnt efni svo sem rannsóknarpistlar, samantektir frá ráðstefnum, ritdómar, viðtöl, o.fl. sem varðar ferðaþjónustu og ferðamál á norðurslóðum.

Sérstakir gestir á stofndegi tímaritsins voru Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Hringborðs norðurslóða, heiðursdoktor við Háskólann á Akureyri, og John Tribe, prófessor emeritus við University of Surrey í Englandi, fyrrverandi ritstjóri tímaritsins *Annals of Tourism Research*.

Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri, opnaði vefsíðu tímaritsins og ræddi við rektora háskólanna þriggja um miðlun rannsókna, mikilvægi samstarfs og samtals háskólasamfélagsins, atvinnugreinarinnar og hins opinbera.

Tímaritið er opið öllum og munu greinar birtast jafnóðum og þær hafa verið samþykktar. Vefslóðin er <http://arctictourism.is>

RMF tók á móti þremur starfsmum, þeim Julie Madsen, frá Aalborg Universitet í Danmörku, meistaranema í sjálfbærri ferðaþjónustu, fjölbjörglegum hreyfanleika og samfélögum, Hana Sáblíkova, doktorsnema í hagnýtri landslagsvistfræði við Mendel University í Tékklandi, og Rabab Hussein, meistaranema í eyjafræðum frá University of Prince Edward Island í Kanada. Julie Madsen og Hana Sáblíkova voru í starfsnámi á skrifstofu RMF á Akureyri, en starfsnám Rabab Hussein fór fram rafrænt.

Starfsfólk RMF á árinu 2022:

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður
Ása Marta Sveinsdóttir sérfræðingur
Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur
Íris Hrund Halldórsdóttir sérfræðingur
Vera Vilhjálmisdóttir sérfræðingur
Þórný Barðadóttir sérfræðingur
Julie Madsen, starfsmeni
Hana Sáblíkova, starfsmeni
Rabab Hussein, starfsmeni

Í árslok 2022 sátu í stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála:

Ásta Dís Óladóttir, frá Háskóla Íslands, formaður stjórnar
Bragi Guðmundsson, frá Háskólanum á Akureyri
Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, frá Háskólanum á Akureyri
Rannveig Ólafsdóttir, frá Háskóla Íslands
Ingibjörg Sigurðardóttir, frá Háskólanum á Hólum
Vilborg Helga Júlíusdóttir, frá Samtökum ferðaþjónustunnar
Oddný Þóra Óladóttir, frá Ferðamálastofu.

Aðalfundur stjórnar RMF var haldinn 23. maí að Hólum í Hjalta-dal. Auk stjórnar sátu fundinn Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF, og Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Ása Marta Sveinsdóttir, sérfræðingar RMF.

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF



Rannsóknarverkefni ársins

Verkefni	Verkefnastjórar
<i>Aðlögunarhæfni og seigla í ferðaþjónustu: Hvernig á að mæta áföllum?</i>	Íris H. Halldórsdóttir
<i>Áhrif Airbnb gestgjafa á staðbundin hagkerfi á norðurlóðum: Neyslumynstur, frumkvöðlastarfsemi og sjálfbærni</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Vera Vilhjálmisdóttir
<i>Gildi og nýting minjastaða</i>	Vera Vilhjálmisdóttir
<i>Holtavörðuheildarlína 1</i>	Hjalti Jóhannesson (RHA) og Vera Vilhjálmisdóttir
<i>Innlend ferðamennska á Norðurlöndunum</i>	Eyrún Jenný Bjarnadóttir
<i>MBT – Kortlagning helstu ferðaleiða: Líkanagerð um staðbundna neyslu skemmtiskipafarþega</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Ása Marta Sveinsdóttir
<i>OUTPACE – Poppmenning í ferðaþjónustu</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Vera Vilhjálmisdóttir
<i>Sjálfbær móttökuvæði skemmtiferðaskipa á norðurlóðum: Frá starfsháttum til stýringar</i>	Ása Marta Sveinsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Þórný Barðadóttir
<i>Skemmtiskipaferðamennska í Grímsey: Tækifæri eða ógn</i>	Ása Marta Sveinsdóttir
<i>T-Crisis NAV – Leiðsögn litilla og meðalstórra fyrirtækja í ferðaþjónustu í gegnum krísu</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Íris Hrund Halldórsdóttir
<i>Tourism 360: Ferðaþjónustan og hringrásarhagkerfið. Forverkefnisstyrkur frá NPA</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir
<i>Vetraráfangastaðurinn Akureyri</i>	Eyrún Jenný Bjarnadóttir
<i>Viðhorfskönnun meðal ferðamanna á áfangastöðum Vörðu</i>	Eyrún Jenný Bjarnadóttir
<i>We Lead: Leiðtogahæfni kvenna í ferðaþjónustu</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Vera Vilhjálmisdóttir

Nánari lýsingar á verkefnunum er að finna í ársskýrslu á vef RMF www.rmfi.is.

Þar getur enn fremur að líta yfirlit yfir útgefið efni, fyrirlestra, erindi, ráðstefnur, málþing o.fl.

EITT OG ANNAÐ




Doktorspróf, Svava Björg Mörk

Þann 4. febrúar varði Svava Björg Mörk doktorsritgerð sína við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Doktorsverkefnið heitir *Samstarf í þriðja svæðinu: Nýr námsvettvangur í leikskólakennaranámi á Íslandi*.

Leiðbeinandi við doktorsverkefnið var Kari Smith, prófessor við Norges teknisk-naturvitenskapelige universitet – NTNU. Meðleiðbeinandi var Arna H. Jónsdóttir, dósent við Menntavísindasvið HÍ.

Svava Björg Mörk er lektor við Kennaradeild Hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri.

Íslenskir háskólar lýsa yfir samstöðu með úkraínsku þjóðinni



Rektorar íslenskra háskóla komu saman og ræddu málefni Úkraínu. Eftirfarandi yfirlýsing var samþykkt:

Samstarfsnefnd háskólastigsins á Íslandi, sem mynduð er af rektorum allra íslensku háskólanna, fordæmir harðlega innrás

Rússa í Úkraínu. Samstarfsnefndin lýsir yfir samstöðu með nemendum og starfsfólki úkraínskra háskóla sem og öllum íbúum landsins. Hugur nefndarinnar er hjá öllum þeim sem eiga um sárt að binda vegna átakanna og hjá þeim sem á flóttu eru.

Háskólar á Íslandi leggja þunga áherslu á og standa vörð um akademískt frelsi, mannréttindi, lýðræði og tjáningarfrelsi. Íslenskir háskólar munu fylgjast náið með framvindu mála og bregðast við eftir því sem málin þróast. Háskólarnir munu vinna með stjórnvöldum varðandi mögulegar leiðir til að koma til móts við nemendur og starfsfólk úkraínskra háskóla sem þurfa að flýja stríðsátök og leita hingað til lands.

Háskólarnir munu jafnframt huga sérstaklega að starfsfólki og nemendum sínum frá Úkraínu og Rússlandi, og þeim sem eiga þar skyldfólk og ástvini.



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir heimsótti HA

Ráðherra háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarmála kynnti sér húsakynni háskólans og aðstöðu til náms og kennslu. Starfsfólk háskólans sýndi aðstöðuna og kynnti fyrir ráðherra hvernig unnið er með sveigjanlegt námsform og stafræna miðlun.

Fremst á myndinni eru, frá vinstri: Martha Lilja Olsen, skrifstofustjóri Rektorsskrifstofu, Áslaug Arna, og Eyjólfur Guðmundsson rektor.

EITT OG ANNAÐ

Háskóladagurinn var í fyrsta sinn haldinn í Háskólanum á Akureyri

Háskóladagurinn er árleg kynning á námsframboði allra íslenskra háskóla, haldin í Reykjavík. Þann 19. mars var kynningin í fyrsta skipti endurtekin í HA með þátttöku allra skólanna. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir ráðherra var viðstödd.



Rektorar á Háskóladeginum. Frá vinstri: Ragnhildur Helgadóttir frá Háskólanum í Reykjavík, Erla Björk Örnólfsdóttir, Háskólanum á Hólum, Eyjólfur Guðmundsson, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrekktor HÍ, Fríða Björk Ingvarsdóttir, Listaháskóla Íslands, Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, Landbúnaðarháskóla Íslands, og Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Háskólanum á Bifröst.

EITT OG ANNAÐ



Rasmus Gjedssø Bertelsen er nýr Nansenprófessor

Þann 1. febrúar tók Rasmus Gjedssø Bertelsen við stöðu gestaprófessors í norðurslóðafræðum við Háskólinn á Akureyri. Hann lauk doktorsprófi í Norðurlandafræðum og málefnum Barentssvæðisins frá University of Cambridge í Englandi, Center of International Studies and Churchill College. Sérsvið hans er alþjóðasamskipti og alþjóðlegt stjórnmálahagkerfi norðurslóða.

Rasmus er sjötti fræðimaðurinn sem gegnir stöðunni en ráðið er í hana til eins árs í senn.

Listnám á háskólastigi

Málþing um möguleika á listnámi á háskólastigi á Akureyri var haldið í Ketilhúsinu á Akureyri þann 30. mars. Það var haldið að frumkvæði SSNE – Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra og Akureyrarbæjar, í samstarfi við Háskólinn á Akureyri, Listaháskóla Íslands, Listasafnið á Akureyri, Menntaskólann á Akureyri, Menntaskólann á Tröllaskaga og Verkmenntaskólann á Akureyri.

Að loknum framsöguerindum voru kynntar niðurstöður fýsileikakönnunar sem gerð var meðal framhaldsskólanema um hug þeirra til að stunda listnám á háskólastigi á Akureyri.

Undirritaður var samstarfssamningur milli HA og Listaháskóla Íslands og gildir hann til 2025. Kennaradeild HA og Listkennsludeild Listaháskólans fara með framkvæmd samningsins.



Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri, og Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands.



Eyjólfur Guðmundsson, Ásthildur Sturludóttir, bærarstjóri á Akureyri, og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir ráðherra.

EITT OG ANNAÐ

Heimsókn til Grænlands

Eyjólfur Guðmundsson, rektor, og Rúnar Gunnarsson, forstöðumaður Miðstöðvar alþjóðasamskipta, sóttu ársfund Network of Universities of Small Countries and Territories – NUSCT, sem haldinn var í Háskólanum á Grænlandi, Ilisimatusarfik, í byrjun maí.

Rektorar skólanna tveggja hittust og skipulögðu heimsókn sendinefndar frá Ilisimatusarfik til HA.

Eyjólfur Guðmundsson afhendir Gitte Adler Reimer, rektor Ilisimatusarfik, Alþjóðlega vináttutrefilinn, sem tákna alþjóðlega tengingu, samvinnu og vináttu.



Heimsókn frá Ilisimatusarfik og formlegt samstarf

Sendinefnd heimsótti HA í maí. Í för var Gitte Adler Reimer rektor, ásamt framkvæmdastjóra og tæknistjóra Háskólans á Grænlandi. Fleiri tóku þátt í heimsókninni, sem skipulögð var af HA og Háskólaneti Íslands – IACN.

Tilgangur heimsóknarinnar var að læra af reynslu Háskólans á Akureyri af sveigjanlegu námi og kortleggja hvar háskólarinn geta unnið saman.

Skrifað var undir samstarfssamning milli skólanna sem miðar að því að miðla þekkingu og reynslu af fjarnámi sem skapast hefur við HA.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins hlaut verðlaun

Sjávarútvegsskóli unga fólksins fékk hvatningarverðlaun á ársfundi Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi í Hörpu þann 6. maí.

Sjávarútvegsskólinn er sumarskóli sem Sjávarútvegsmiðstöðin við HA starfrækir, og fer hann fram á nokkrum stöðum á landinu í samstarfi við fyrirtæki í sjávarútvegi og vinnuskóla sveitarfélaganna. Skólinn er ætlaður grunnskólanemendum á aldrinum 13 – 16 ára. Nemendur fá að kynnast fyrirtækjum í sjávarútvegi, með það fyrir augum meðal annars að þeir hugleiði menntun á því sviði síðar meir.



Frá verðlaunveitingunni. Frá vinstri: Hrefna Karlsdóttir frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi – SFS, Gunnlaug Helga Ásgeirsdóttir, kennari við Sjávarútvegsskóla unga fólksins, Guðrún Arndís Jónsdóttir, forstöðumaður Sjávarútvegsmiðstöðvar HA, María Dis Ólafsdóttir, kennari við Sjávarútvegsskólann, og Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS.

EITT OG ANNAÐ



Ársfundur var haldinn þann 25. maí

Á dagskrá voru venjuleg ársfundarstörf. Gestur fundarins var Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og flutti hún ávarp.

Rektor heiðraði starfsfólk sem átti 30 ára starfs-
afmæli við háskólann. Þau eru:

Hjörleifur Einarsson prófessor
Rannveig Björnsdóttir dósent
Guðmundur Heiðar Frímannsson prófessor
Árún Kristín Sigurðardóttir prófessor
Kristín Þórarinsdóttir dósent.

Einnig kvaddi rektor starfsfólk sem lætur af störfum vegna
aldurs og fær gullnælu háskólans. Þau eru:

Guðmundur Heiðar Frímannsson
Elín Margrét Hallgrímsdóttir, forstöðumaður Símenntunar
María Guðnadóttir aðjúnt
Stefán Sigurðsson lektor
Agnes Eyfjörð verkefnastjóri

Háskólahátíð – brautskráning

Brautskráning fór fram í þremur athöfnum
dagana 10. og 11. júní og að þessu sinni
brautskráðust rúmlega 500 kandiðatar.

Heiðurgestur á Háskólahátíð var Þórólfur
Guðnason sóttvarnalæknir.

Nánar er fjallað um Háskólahátíð og
brautskráningu á bls. 94-111.



EITT OG ANNAD



Háskólahátíð á Hrafnseyri

Háskólahátíð Háskólaseturs Vestfjarða var haldin á Hrafnseyri þann 17. júní í tengslum við Þjóðhátíðardagskrá Safns Jóns Sigurðssonar. Tíu kandiðatar brautskráðust úr haf- og strandsvæðastjórnun og einn úr sjávarbyggðafræði.

Oddur Þór Vilhelmsson, forseti Viðskipta- og raunvísindasviðs, brautskráði kandiðatana fyrir hönd Háskólans á Akureyri. Þorsteinn Gunnarsson, fyrrverandi rektor HA, tók þátt í athöfninni. Lengst til hægri á myndinni er Peter Weiss, forstöðumaður HSVest, þá Þorsteinn Gunnarsson, Oddur Þór, og loks kandiðatahópurinn.



Doktorsvörn Hafdísar Skúladóttur

Þann 21. júní varði Hafdís Skúladóttir doktorsritgerð sína við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Ritgerðin heitir *Meðferð vegna langvarandi verkja á endurhæfingardeildum á Íslandi: könnun og lýsing á skammtíma- og langtímaáhrifum*. Enskt heiti ritgerðarinnar er *Multidisciplinary Pain Rehabilitation Programs in Iceland: An Exploration and Description of the Short-term and Long-term Effects*.

Leiðbeinandi við doktorsverkefnið var Herdís Sveinsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, og meðleiðbeinandi Sigríður Halldórsdóttir, prófessor við Háskólann á Akureyri.

Hafdís Skúladóttir er lektor við Hjúkrunarfræðideild Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið HA.

EITT OG ANNAÐ

Háskólinn á Akureyri og Norðanátt gerðu samkomulag

Þann 20. maí var undirrituð viljayfirlýsing um samstarf milli HA og Norðanáttar. Norðanátt er vettvangur fyrir frumkvöðlastarfsemi á Norðurlandi sem miðar að því að skapa umhverfi fyrir frumkvöðla og fyrirtæki á svæðinu sem vinna með nýsköpun með áherslu á loftslagsmál og hringrásarhagkerfið.

Yfirlýsingin tekur til eflingar nýsköpunarstarfs innan HA og samstarfs til framtíðar.

Sesselja Inga Barðdal Reynisdóttir, framkvæmdastjóri, undirritaði fyrir hönd Norðanáttar.



Háskólinn á Akureyri 35 ára

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri, ásamt starfsfólki Markaðs- og kynningarmála, skipulagði afmælisleika í tilefni af því að 35 ár voru liðin frá stofnun skólans þann 5. september. Kappleikir milli stúdenta og starfsfólks fóru fram í blíðskaparveðri í Miðgarði, og boðið var upp á afmælistertu.

Viljayfirlýsing um fagháskólanám í leikskólafræðum

Þann 6. október var undirrituð viljayfirlýsing um þróun og innleiðingu fagháskólanáms í leikskólakennarafræðum á landsvísi.

Um er að ræða hagnýtt 60 ECTS-eininga diplómanám ætlað fólki með mikla starfsreynslu úr leikskóla sem hefur ekki lokið stúdentsprófi, en vill bæta við sig þekkingu og hæfni í leikskólastarfi.

Tilgangurinn er að fjölga leikskólakennurum, en breytingar á námi kennara síðustu ár hafa ekki stuðlað að fjölgun nemenda í leikskólafræði. Diplómanámið verður metið sem fyrsta ár af þremur í BEd-námi fyrir þau sem vilja halda áfram. Það verður boðið í samstarfi Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands.

Stefnt er að því að bjóða fagháskólanám í leikskólafræðum og að það festist í sessi um land allt. Yfirlýsinguna undirrituðu:

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ráðherra háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis,

Ásmundur Einar Daðason, ráðherra mennta- og barnamálaráðuneytis, Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA,



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, ráðherra félags- og vinnu- markaðsráðuneytis, Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, og Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs HÍ.

EITT OG ANNAÐ



Grænu kennsluverðlaunin við HA í annað sinn

Umhverfisráð HA veitir Grænu kennsluverðlaunin. Þau eru veitt kennurum sem hafa tvinnað umhverfisvernd inn í námskeið sín við háskólann. Annars vegar voru það Sólveig Zophoníasdóttir, aðjúnkt við Kennaradeild, og meðumsækjendur hennar, þau Bjarni Jónasson, Áskell Örn Kárason og Brynhildur Bjarnadóttir dósent sem hlutu verðlaunin, og hins vegar Sean Michael Scully, aðjúnkt við Auðlindadeild.

Þetta var annað árið í röð sem Grænu kennsluverðlaunin eru veitt. Yvonne Höller, formaður umhverfisráðs, veitti verðlaunin.


Heiðursdoktorsnafnbót

Þann 30. september var Ólafur Ragnar Grímsson sæmdur heiðursdoktorsnafnbót í félagsvísindum við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.

Ólafur Ragnar er brautryðjandi á sviði félagsvísinda á Íslandi. Hann var prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands og fræðimaður. Ólafur Ragnar var kosinn forseti Íslands árið 1996 og gegndi því embætti í fimm kjörtímabil, til ársins 2016.

Málefni norðurslóða eru Ólafi Ragnari hugleikin. Hann stofnaði Arctic Circle, sem er stærsti vettvangur alþjóðlegrar umræðu um norðurslóðir og framtíð þeirra, og jarðarinnar allrar.

Háskólinn á Akureyri naut velvildar og stuðnings Ólafs Ragnars Grímssonar þegar áhersla skólans á norðurslóðir var mörkuð.



Stúdentar í Viðskiptadeild fóru til Tallin, nýsköpun í kennslu



Hópur stúdenta í námskeiðunum *Markaðssetning þjónustu* og *Neytendahegðun* fór til Tallin í Eistlandi í september. Erindið var að leysa raundæmi í samstarfi við fyrirtæki og halda kynningu á lausnunum. Það er liður í samstarfi HA og Tallina Tehnika-körgkool-háskólans.

Verkefnahópar samanstóðu af stúdentum beggja skólanna. Raundæmin voru eftirfarandi:

- Norðurstrandaleiðin (Arctic Coast Way)
- Icewear (íslenskt ullarfataframleiðslufyrirtæki)
- Tale2 (fjarskiptafyrirtæki)
- Rakvere (eistneskt kjötvinnslufyrirtæki)

Samstarfsverkefnið nefnist E-CBA (*The Entry Certificate in Business Analysis*). Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, lektor, og Vera Kristín Vestmann Kristjánsdóttir, aðjúnkt, eru kennarar námskeiðanna og eru í forsvari fyrir samstarfið.

EITT OG ANNAÐ



Þar sem heimspeki og menntun mætast

Málþing til heiðurs Guðmundi Heiðari Frímannssyni, prófessor emeritus við Kennaradeild, var haldið í háskólanum þann 14. október með veglegri dagskrá.

Guðmundur Heiðar starfaði að undirbúningi að stofnun Kennaradeildar á sínum tíma og var fyrsti starfsmaður deildarinnar og deildarforseti til margra ára. Guðmundur Heiðar annaðist kennslu og leiðsögn stúdenta á öllum stigum náms við háskólann. Hann var virkur í rannsóknum og einnig starfaði hann í fjölmörgum fastanefndum háskólans og tímabundnum starfshópum. Meðal annars átti hann sæti í fyrsta doktorsnámsráðinu við HA. Guðmundur Heiðar markaði djúp spor á ferli sínum við Háskólann á Akureyri. Hann varð sjötugur og lét formlega af starfi prófessors í júlí 2022.

Jafnréttisfulltrúar háskólanna komu saman í HA

Þann 18. nóvember komu jafnréttisfulltrúar frá öllum háskólum landsins saman í HA og fjölluðu um jafnréttismál frá ýmsum hliðum. Hópurinn fékk fræðslu um starfsemi Jafnréttisstofu og einnig Alþjóðastofu Akureyrarbæjar. Guðmundur Ævar Oddsson, dósent, hélt fyrirlestur um stéttaskiptingu á Íslandi, og einnig sagði Karen Birna Þorvaldsdóttir frá doktorsverkefni sínu við HA.

Starfsfólk í samráðsvettvangi jafnréttisfulltrúa háskólanna hittist á vinnufundum tvisvar á ári og á fræðslufundi einu sinni á ári, en samstarfið hófst árið 2015. Fundað er til skiptis í háskólunum sjö. Jafnréttisdagar eru haldnir árlega í öllum háskólunum.



Vöfflur handa stúdentum í prófatíð

Þann 12. desember var stór hluti stúdenta að ljúka prófatörn. Af því tilefni bakaði starfsfólk í stoðþjónustu og stjórnslu háskólans vöfflur sem stúdentar kunnu vel að meta.

Til vinstri er Heiða Kristín Jónsdóttir, skrifstofustjóri Hug- og félagsvísindasviðs, og til hægri er Jóna Sigurlaug Friðriksdóttir, verkefnastjóri Reksturs fasteigna.

EITT OG ANNAÐ

Háskólar og lýðræði

Þann 11. nóvember fór fram málþing í háskólanum, sem var lokaviðburður rannsóknarverkefnisins *Háskólar og lýðræði: Gagnrýnin greining á borgaralegu hlutverki háskóla í lýðræðisþjóðfélagi*.

Rannsóknarhópur hefur unnið frá árinu 2018 undir forystu Önnu Ólafsdóttur, dósents við Kennaradeild, og Sigurðar Kristinssonar, prófessors við Félagsvísindadeild.

Aðalfyrirlesari á málþinginu var Thaddeus Metz, prófessor í heimspeki við University of Pretoria í Suður-Afríku. Niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar í nokkrum erindum. Pallborðsumræður voru fjörugar, og þar kom skýrt fram mikilvægi þess að ræða og rýna háskólastarf út frá sjónarhóli lýðræðis.



Rannsóknarhópurinn, frá vinstri: Sigurður Kristinsson, prófessor; Jón Torfi Jónasson, prófessor emeritus, Guðmundur Heiðar Frímannsson, prófessor emeritus, Valgerður S. Bjarnadóttir, lektor, Guðrún Geirsdóttir, dósent, Anna Ólafsdóttir, dósent, Vilhjálmur Árnason, prófessor emeritus, og Jóhann Helgi Heiðdal, doktorsnemi.




Fullveldishátíð 1. desember, dagur stúdenta

Sólveig Birna Halldórsdóttir Elísabetardóttir, formaður Stúdentafélags HA, ritaði hugvekkju á vef háskólans. Hvatti hún samstúdenta sína til að taka þátt í námssamfélagi skólans, mæta í lotur, læra saman á „teppinu“ og vera virkir í starfi Stúdentafélagsins.

Dagskrá hófst við Íslandsklukkuna. Síðan buðu Stúdentafélag HA og Háskólinn upp á kakó og smákökur innandyra. Yngri og eldri barnakór Akureyrarkirkju söng undir stjórn Sigrúnar Mögnu Þorsteinsdóttur.

ÁRSREIKNINGUR 2022

Skipting kostnaðar



Gjöld 2022:

		Þús.kr.
Laun og launatengd gjöld	68,7%	2.843.309
Framlög og tilfærslur	3,5%	143.954
Annar rekstrarkostnaður	26,9%	1.112.439
Afskriftir	0,9%	38.693
Samtals	100%	4.138.385

Yfirlit um afkomu ársins 2022

Tekjur 2022:

	2022	2021
Tekjufærsla fjárveitinga	3.426.900.000	3.231.362.000
Aðrar tekjur	212.126.323	203.954.218
Seld þjónusta	238.040.691	173.417.516
Framlög og ýmsar tekjur	254.428.634	419.543.539
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	38.683.087	40.201.594
Tekjur samtals	4.170.178.735	4.068.478.867

Gjöld 2022:


Laun og launatengd gjöld	2.843.308.565	2.740.911.912
Framlög og tilfærslur	143.954.197	98.399.710
Annar rekstrarkostnaður	1.112.439.249	1.075.766.633
Afskriftir	38.683.087	40.201.594
	4.138.385.098	3.955.279.849
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	31.793.637	113.199.018

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	142.876	74.434
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	(83.192)	(46.205)
	59.684	28.229
Afkoma ársins	31.853.321	113.227.247

ÁRSREIKNINGUR 2022

Skipting tekna



Tekjur 2022

		Þús.kr.
Tekjufærsla fjárveitinga	82,2%	3.426.900
Innritunargjöld	5,1%	212.126
Seld þjónusta	5,7%	238.041
Framlög og ýmsar tekjur	6,1%	254.429
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	0,9%	38.683
100%		4.170.179

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir

	31/12/2022	31/12/2021
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld og búnaður	151.745.004	146.969.061
Farartæki og vélar	1.031.250	1.306.250
Aðrar eignir	9.975	11.874
	152.786.229	148.287.185
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutar í öðrum félögum	2.495.800	2.495.800
	2.495.800	2.495.800
Fastafjármunir samtals	155.282.029	150.782.985

Veltufjármunir

Viðskiptakröfur	65.886.571	28.637.271
Tengdir aðilar	540.990.387	555.839.281
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	23.554.957	17.552.444
Handbært fé	55.069.465	94.960.989
Veltufjármunir samtals	685.501.380	696.989.985

Eignir samtals

840.783.409 **847.772.970**

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Hrein eign	253.824.155	221.970.834
Eigið fé samtals	253.824.155	221.970.834

Skuldir

Tengdir aðilar	38.677.827	36.943.958
Viðskiptaskuldir	105.113.291	80.305.655
Ýmsar skammtímaskuldir	258.587.950	285.288.250
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	184.581.186	223.264.273
	586.960.254	625.802.136
Skuldir samtals	586.960.254	625.802.136

Eigið fé og skuldir samtals

840.784.409 **847.772.970**

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING

Háskólahátíð – brautskráning fór fram með þremur athöfnum dagana 10. og 11. júní. Fyrri daginn brautskráðust kándídatar af framhaldsstigi á öllum fræðasviðunum. Þann seinni voru brautskráðir í tveimur athöfnum kándídatar úr grunnnámi, annars vegar frá Heilbrigðisvísindasviði og Viðskipta- og raunvísindasviði, og hins vegar frá Hug- og félagsvísindasviði.

Alls brautskráðust 508 kándídatar á Háskólahátíð.

Heiðursgestur á brautskráningu seinni daginn var Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir. Guðmundur Gunnarsson kynnti dagskrá.

Fjórir kándídatar fluttu ávarp við brautskráningu:

- Tryggvi Páll Tryggvason, MT í kennarafræði, á brautskráningarhátíð framhaldsnema
- Hugrún Sigurðardóttir, MS í hjúkrunarfræði, fyrir hönd kándídata á Heilbrigðisvísindasviði
- Margrét Sól Jónasdóttir, MS í viðskiptafræði, fyrir hönd kándídata á Viðskipta- og raunvísindasviði
- Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir, BEd í kennarafræði, fyrir hönd kándídata á Hug- og félagsvísindasviði

Viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í grunnnámi hlutu eftirtalin:

- Hjúkrunarfræðideild: Anna Kristín Einarsdóttir og Vilborg Anna Jóhannesdóttir voru með jafna hæstu meðaleinkunn til MS-gráðu í hjúkrunarfræði og hlutu viðurkenningu frá Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Þær hlutu jafnframt viðurkenningu frá KEA fyrir hæstu meðaleinkunn í grunnnámi á Heilbrigðisvísindasviði.

- Klara Björnsdóttir, fyrir bestan námsárangur í samfélagshjúkrun, BS í hjúkrunarfræði, viðurkenning frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands eystra.
- Aldís Anna Höskuldsdóttir, fyrir hæstu meðaleinkunn í BS-námi í Iðjuþjálfunarfræðideild, viðurkenning frá Sjúkrahúsinu á Akureyri, Kristnesi.
- Dagbjört Héðinsdóttir, viðbótardiplóma í Iðjuþjálfunarfræði á framhaldsstigi, fyrir hæstu meðaleinkunn í Iðjuþjálfun til starfsréttinda, viðurkenning frá Iðjuþjálfafélagi Íslands.

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING

- Félagsvísindadeild: Elísabet Ósk Maríusdóttir, BA í lögreglu- og löggæslufræði, fyrir hæstu meðaleinkunn í félagsvísindadeild.
- Tveir kándídatar voru með sömu meðaleinkunn í Kennarafræðideild: Álfey S. Arnfjörð Haraldsdóttir, BEd í kennarafræði, og Jónas Aron Ólafsson, BEd í kennarafræði.
- Lagadeild: Aðalheiður Kristjánsdóttir, BA í lögfræði, fyrir hæstu meðaleinkunn í lagadeild.
- Sálfræðideild: Bjarni Ívar Rúnarsson, BA í sálfræði, fyrir hæstu meðaleinkunn í sálfræðideild.
- Auðlindadeild: Magnea Jóhannsdóttir, BS í sjávarútvegsfræði, fyrir hæstu meðaleinkunn í auðlindadeild.
- Viðskiptadeild: Hanna Rún Jónsdóttir, BS í viðskiptafræði, fyrir hæstu meðaleinkunn í viðskiptadeild.
- Rúnar Vestmann, BS í tölvunarfræði, fyrir hæstu meðaleinkunn í BS-námi í tölvunarfræði.

Hæsta meðaleinkunn meistaranema við HA:

- Magdalena Berglind Björnsdóttir, MT í kennarafræði

Önnur verðlaun:

- Karítas Ágústsdóttir, verðlaun frá Landssambandi lögreglumanna fyrir hæstu meðaleinkunn í diplómanámi fyrir verðandi lögreglumenn.
- Thelma Hrund Hermannsdóttir, verðlaun frá Zontaklúbbi Akureyrar fyrir framúrskarandi ritgerð sem fjallar um málefni kvenna.
- Elísabet Ósk Maríusdóttir, viðurkenning frá Ríkislögreglustjóra fyrir hæstu meðaleinkunn í BA-námi í lögreglu- og löggæslufræði.
- Maria Finster Úlfarsson, MS í heilbrigðisvísindum, hlaut verðlaun frá Zontaklúbbum Þórunni Hyrnu fyrir framúrskarandi ritgerð sem fjallar um málefni kvenna.



HÁSKÓLAHÁTÍÐ BRAUTSKRÁNING ÁVARP REKTORS

Kæru kandiðatar,

hingað erum við komin og við getum öll verið stolt af því. Síðustu ár hafa verið tímabil áskorana, stórra sem smárra, og hvort sem við lítum til hvers og eins ykkar eða til hópsins alls þá er það afrek að við skulum öll vera hér í dag.

Kæru landsmenn, gestir nær og fjær.

Að þessu sinni brautskrást rúmlega 500 kandiðatar frá þremur fræðasviðum við Háskólann á Akureyri í þremur athöfnum, bæði til meistaraþráðu og bakkalárþráðu.

Árið 1918 lagðist á heimsbyggðina alla faraldur, nefndur spænska veikin. Faraldur sem í grunninn var ekki ósvipaður Kóvínu. En á grunni þekkingar sem fengin er með vísindalegum rannsóknum, ásamt nýjustu tækni til greiningar á veirum og framleiðslu bóluefna, hefur heiminum tekist að komast í gegnum Kóvið með mun betri og öruggari hætti en við upphaf 20. aldarinnar. Höfum það hugfast að það eru vísindin sem gerðu okkur það kleift og leyfa okkur að koma saman á ný.

Baráttan við veiruna er sönnun þess að við leysum ekki vandamál nútímans nema með öflugum rannsóknum og þverfræðilegu, víðtæku og alþjóðlegu samráði. Við vitum líka að við

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING ÁVARP REKTORS

þurfum að taka sameiginlega ábyrgð á okkar eigin hegðan og fylgja fyrirmælum stjórnvalda, fyrirmælum sem byggð eru á vísindalegum grunni með þekkingu á góðri stjórnsýslu í frjálsu, opnu samfélagi, sem getur tekið heiðarlegt og gagnrýnið samtal á hverjum og einum tíma.

Það væri nú betra ef til væri bóluefni við valdsýki og ofbeldishneigð mannskepnunnar svo unnt væri að vinna gegn núverandi ógn sem að okkur steðjar í formi stríðs og ófriðar í heiminum. Give peace a chance!

Ágætu kandidatar,

eitt af því sem faraldurinn hefur kennt okkur er að kunna að meta það frelsi sem við öll höfum í lýðræðissamfélagi okkar. Sú skerðing á frelsi sem varð að vera á verstu dögum faraldursins sýndi okkur að slíkt ástand myndum við almennt ekki vilja búa við, og samt eru samfélög í heiminum í dag þar sem frelsi einstaklingsins er verulega takmarkað.

Þið hafið nú reynt það á eigin skinni hversu dýrmætt frelsið er. Það er því mjög mikilvægt að þið deilið þessari reynslu með framtíðarkynslóðum, sem vonandi munu ekki upplifa slíkt hið sama, og gætið þess að gleyma ekki erfiðleikum faraldursins.

Og þó svo að þið séuð ekki að hugsa um það í dag þá verður þessi reynsla hluti af þeim sögum sem þið segið börnum ykkar og barnabörnum. Já – „ég lifði í gegnum Kóvíð,“ munuð þið segja með tilheyrandi frægðarsögum, sem að sjálfsgöðu stækka eftir því sem lengra líður.

Ágætu kandidatar og góðir gestir, nær og fjær,

fátt er svo með öllu illt að ei boði gott, sungu Ellý og Vilhjálmur einhvern tíma á síðustu öld.

Hin stafræna bylting fór á yfirsúning í faraldrinum og öll teikn eru á lofti um að sú þróun sem þegar var hafin hafi orðið mun hraðari en ella. Þetta gjörbreytir heiminum.

Fólk mun í auknum mæli velja sér búsetu út frá öðrum skilyrðum en beinu aðgengi að starfi, þar sem stór hluti af störfum framtíðarinnar verður óháður staðsetningu. Þetta mun hafa áhrif á þróun byggðarlaga, landshluta, landa og þjóðfélaga í heild sinni. Að öðlast aðgengi að góðri vinnu mun ekki snúast um að vera á tilteknum stað, en sú forsenda, þ.e. staðsetning, var í raun lykillbreyta í þróun nútímasamfélagsins á tuttugustu öldinni. Fólk hópaðist saman þar sem verslun, viðskipti, menntun og listir voru til staðar. Hvernig verður þróunin þegar hægt verður að stunda allt þetta með rafrænum hætti? Hvar munuð þið kjósa að búa? Því valið verður ykkar!

Iðnbylting 18. og 19. aldar tók um það bil 200 ár. Næsta bylting fólst í nýtingu sprengihreyfilsins fyrir almennar samgöngur og flug, og varði í tæp 100 ár, ásamt innleiðingu rafmagns og fjarskipta.

Þriðja byltingin sneri að fyrstu tölvunum og rafeindatækni og urðu mestu breytingarnar á fyrstu 50 árunum. Fjórdá iðnbyltingin, sem hófst í raun með almennri notkun á internetinu, hefur nú varað í rétt 20 ár og mun kannski vara í önnur tíu, en hefur samt valdið gríðarlegum breytingum á lífi okkar og tækifærum. Sú fimmta, þar sem við samtvinnum hið mennska og hið mekaníska, gervigreind og mannlega vitund, mun taka enn styttri tíma. Rannsóknir eru lykllinn að velgengni í þeirri byltingu fyrir hvaða samfélag sem er.

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING ÁVARP REKTORS

Mörgum þykja þessar breytingar erfiðar og ýmsir sakna nú þegar einhvers sem var. Jafnvel er til fólk sem streitist á móti þessum tæknibreytingum og lítur á þróunina sem afturför. En þannig hefur það ávallt verið í mannkynssögunni, að breytingum er mætt með tortryggni og efa, en breytingar hafa samt orðið og svo mun einnig verða núna.

Stóra spurningin er bara hvernig ætlar íslenskt samfélag að nýta tækifærin sem felast í þessum breytingum? Það mun ekki gerast sjálfkrafa og nauðsynlegt er að mörkuð sé skýr stefna. Þess vegna hefur verið mjög ánægjulegt að sjá að í nýrri skipan ráðuneytis háskólamála og með nýjum ráðherra þess málaflokks hefur hugmyndafræðin um nýsköpun, hugverk, og fulla þátttöku í nýjum, stafrænum heimi orðið ofan á, eins og má einnig sjá í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar, en þar er einmitt lögð rík áhersla á fjarnám háskóla, sem reyndar er réttast að tala um í dag sem stafræna miðlu náms.

Ég vil hvetja ykkur, kándídatar góðir, til að verða leiðtogar í þeim breytingum sem framundan eru.

Háskólinn á Akureyri hefur verið í fararbroddi þessara breytinga um tuttugu ára skeið. Skólinn hefur eflst mjög með því að bæta aðgengi landsmanna allra að háskólanámi og í dag stunda hér nám um 2.500 stúdentar af landinu öllu, og reyndar er hluti þeirra Íslendingar sem búa erlendis.

Á sama tíma hafa rannsóknir eflst og eru nú á pari við það besta hjá öðrum háskólum hér á landi. Þá hefur Háskólinn á Akureyri farið í gegnum tvær stofnanaúttektir á vegum Gæðaráðs háskólanna síðan árið 2013, þar sem fram hefur komið traust til Háskólans á Akureyri hvað varðar námsgráður og námsumhverfi, og nú síðast áframhaldandi hvatning til að auka doktorsnám okkar enn frekar. Háskólinn á Akureyri hefur jafnframt komið vel út í starfsmannakönnun Stofnunar ársins og verið þar hæstur meðal opinberra háskóla. Það er sama hvort litið er til þjónustukannana á vegum hins opinbera, niðurstöðu ríkisendurskoðunar um rekstur skólans eða kannana á meðal stúdenta okkar, alls staðar er Háskólinn á Akureyri að ná góðum árangri.

Kæru landsmenn,

við getum öll verið stolt af Háskólanum á Akureyri. Háskólinn er landsmanna allra og líklegast ein best heppnaða aðgerð stjórnvalda til þess að stuðla að breytingum og nýjum tækifærum í íslensku háskólaumhverfi ásamt því að sýna að hægt er að byggja upp öflugar stofnanir frá grunni utan Vatnsmýrarinnar.

Kæru kándídatar,

Eitt af því skemmtilegasta í starfi mínu er þegar ég sest niður og skrifa nafn mitt undir brautskráningarskírteinin. En hvað þýðir þessi undirskrift og þetta skírteini?

Undirskrift mín er viðurkenning til alls þess frábæra starfsfólks sem starfar við Háskólann á Akureyri. Viðurkenning til fræðafólks sem stundar rannsóknir sínar og miðlar niðurstöðum til ykkar, og viðurkenning á allri umgjörð háskólans um nám ykkar og starf, þar með talinni þátttöku ykkar í formlegu starfi deilda og stúdentaráðs.

Í raun er öll vinna ykkar og háskólasamfélagsins staðfest í undirskriftinni.

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING ÁVARP REKTORS

Við hverja undirskrift renni ég yfir nafn, fæðingardag, fæðingarár og heiti námsgráðu. Ég sé með þeim hætti hversu fjölbreyttur hópur þið eruð þegar tillit er tekið til aldurs og námsgráða, og á síðustu árum hefur hópurinn tekið á sig sífellt alþjóðlegri blæ. Brautskráningarskírteinið er miklu meira en bara blek á pappír, það er viðurkenning á því að ykkur hefur tekist að ná markmiðum samkvæmt stöðlum háskóla sem er fullgildur meðlimur í samfélagi alþjóðlegra háskólastofnana. Ég er ákaflega stoltur af ykkur öllum og samgledst yfir þeim góða árangri sem þið hafið náð með því að vera hér í dag.

Kæru landsmenn.

Íslenskt háskólakerfi hefur vaxið og dafnað á þessari öld. Við Háskólann á Akureyri eru stundaðar rannsóknir sem veita okkur sífellt betri innsýn inn í flókinn veruleika alheimsins og ekki síður hið flókna samfélag mannkynsins. En í gegnum allar þessar breytingar eru ákveðin grunngildi sem standa upp úr og er vert að við stöndum vörð um.

Í fyrsta lagi er það frelsið til að spyrja spurninga og rýna með gagnrýnum hætti í samfélagið á hverjum tíma. Þar bera háskólar mikla ábyrgð á að slíkt sé gert með vísindalegum aðferðum og sett fram með hætti sem unnt er að ræða í samhengi við samfélagið allt. Frelsi til athafna og starfa með skýrri samfélagslegri ábyrgð er jafnframt lærdómur sem hefur kennt okkur hver besta leiðin sé til framfara, og þar má horfa til markmiða Sameinuðu þjóðanna sem leiðarvísir um hvernig við sjáum fyrir okkur réttláta og bjarta framtíð mannkyns alls. Háskólar eru því lykilstofnanir svo Ísland megi dafna enn frekar á næstu áratugum, en við verðum líka að hafa hugrekki til að spyrja hvort háskólar í núverandi mynd muni skila þeim árangri sem íslenskt samfélag þarf til framtíðar eða hvort breytinga sé þörf.

Ágætu kandídatar,

Þið hafið nú lokið háskólagráðu á fagsviði ykkar. Það er árangur sem ekki er sjálfgefinn og þið hafið fórnað miklu til að ná, en þið munuð uppskera ríkulega í framtíðinni. Stefnið ótrauð fram á við en gleymið ekki skyldum ykkar í lýðræðislegu samfélagi.

Fyrir hönd starfsfólks Háskólans á Akureyri þakka ég ykkur fyrir samveruna á síðustu árum og sjálfur vil ég þakka háskólasamfélaginu öllu, starfsfólki og stúdentum, fyrir ánægjulegt og einstaklega árangursríkt samstarf á liðnu skólaári.

Kæru gestir, nær og fjær,

Ég þakka ykkur fyrir að koma hér og fagna með okkur árangri kandiðata. Makar, börn, foreldrar og aðrir ættingjar kandiðata eiga allar þakkir skyldar fyrir að styðja við bakið á sínu fólki í gegnum námið.

